FRÉTTABLAÐIÐ

68. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 21. MARS 2018



Þórdís Lóa Þórhallsdóttir verður oddviti Viðreisnar í borgarstjórnarkosningunum í maí. Opinn félagsfundur Viðreisnar í Reykjavík samþykkti í gær tillögu uppstillingarnefndar að framboðslistanum. Í öðru sæti listans er Pawel Bartoszek, stærðfræðingur og varaþingmaður. Sýnt var frá félagsfundinum í beinni útsendingu á vefnum frettabladid.is FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Foreldrar langveikra barna lögðu Sjóvá

**Fernir foreldrar töldu sig svikna þegar bótakröfu eftir andlát barna þeirra var hafnað. Ekki þótti sannað að Sjóvá hefði gert foreldrum grein fyrir að tryggingin tæki ekki til kvilla sem voru til staðar þegar tryggingin var tekin. Sjóvá segist hafa samúð með fjölskyldunum.**

**TRYGGINGAR** Fernir foreldrar langveikra barna leituðu undanfarin tvö ár til úrskurðarnefndar í vátryggingamálum (ÚNVá) til að sækja bætur eftir lát barns síns. Sölumenn tryggingafélagsins sem um ræðir, Sjóvár, höfðu tjáð foreldrunum að tryggingin tæki til barna þeirra þrátt fyrir sjúkrasögu þeirra.

Atvik málanna fjögurra eru áþekk. Foreldrarnir segja að í ársbyrjun 2015 hafi þau fengið hringingu þar sem þeim var boðið að kaupa barnatryggingu hjá Sjóvá. Í tilfelli tveggja barna hafði tryggingu verið hafnað af félaginu eða hún felld niður vegna veikinda þeirra. Hin nýja afstaða félagsins var vegna nýs verklags þess við sölu á barnatryggingum.

Börnin fjögur sem um ræðir önduðust öll innan fimmtán mánaða frá því að tryggingin var keypt. Þegar foreldrarnir kröfðust dánar- og umönnunarbóta úr tryggingunum hafnaði Sjóvá því að það bæri ábyrgð. Var það gert þar sem skilmálar tryggingarinnar segja að hún taki ekki til sjúkdóma sem fyrir voru auk þess sem félagið taldi foreldrana hafa veitt rangar upplýsingar um heilsu barnanna á þeim tíma sem tryggingin var tekin.

ÚNVá taldi ljóst að það hefði haft úrslitaáhrif fyrir foreldrana að þeir töldu að vátryggingin hefði tekið til heilsufars barnanna eins og það var við það tímamark er trygging var tekin. Þótti ósannað, gegn andmælum Sjóvár, að félagið hefði gert foreldrunum grein fyrir því að tryggingin tæki ekki til kvilla sem voru til staðar fyrir töku tryggingarinnar.

„Þessi mál eru afar erfið og samúð okkar er með fjölskyldum barnanna. Sjóvá unir niðurstöðu úrskurðarnefndarinnar í málunum og hefur greitt út fullar bætur í samræmi við hana,“ segir Sigurjón Andrésson, markaðsstjóri Sjóvár. – jóe / sjá síðu 4

## Vildu trúnað um tilboð sitt í hlut ríkisins

**VIÐSKIPTI** Félag í eigu þriggja stjórnenda Klakka, sem heldur á um 100 prósenta hlut í Lykli, vildi ekki að upplýst yrði um þátttöku þess í söluferli á 18 prósenta hlut ríkisins í Klakka 2016. Bar félagið Ásaflöt, sem átti næsthæsta tilboðið, því við að Lindarhvoll, eignarhaldsfélag ríkisins sem sá um söluferlið, hefði heitið því trúnaði. Úrskurðarnefnd um upplýsingamál segir að Lindarhvoli hafi ekki verið stætt á því að heita félaginu slíkum trúnaði.

Sigurður Valtýsson, forsvarsmaður Frigusar II, sem átti þriðja hæsta boðið, segir „ítrekaðar tilraunir til að halda frá sjálfsögðum upplýsingum gefa sterkar vísbendingar um að þarna séu ákvarðanir sem ekki þoli dagsljósið“. – hae, kij / sjá Markaðinn

## Fréttablaðið í dag



**SKOÐUN** Jón Þór Ólason skrifar um villta laxa og rammvillta. 11

**SPORT** Karen Knútsdóttir er komin aftur í handboltalandsliðið eftir meiðsli. 12

**MENNING** Alþjóðlegum degi ljóðsins fagnað í fyrsta sinn í Reykjavík 18

**LÍFIÐ** Authenteq auðveldar fólki að auðkenna sig á netinu. Fyrirtækið er vaxandi og er með starfsemi á Íslandi og í Berlín. 24

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **LÍFIÐ**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015









## Veður




Sunnankaldi og víða rigning í dag, en hvassara vestast. Þurrt að kalla norðaustanlands og áfram milt í veðri.
SJÁ SÍÐU 16

## Segir fátt um mál Sigur Rósar

**SKATTAMÁL** „Umfang starfsemi hljómsveitarinnar og meðlima hennar var á þeim tíma sem þjónustan fór fram, á árunum 2005 til og með 2014, að stærstum hluta erlendis, þar sem tekjur af starfsemi þeirra mynduðust,“ segir Gunnar Þór Ásgeirsson endurskoðandi í yfirlýsingu vegna skattrannsóknar sem tengist hljómsveitinni Sigur Rós. Meðlimir hljómsveitarinnar hafa kennt handvömm endurskoðanda um en ekki ásetningi um brot.

Gunnar segist hafa veitt aðstoð við reiknings- og framtalsskil hljómsveitarmeðlima á Íslandi. „Þjónustan grundvallaðist á fyrirliggjandi gögnum og upplýsingum, sem einnig var kallað eftir og bárust, meðal annars erlendis frá.“

Gunnar segist ekki tjá sig frekar um málið. – jhh

## Hillur fullar af páskaeggjum



Páskarnir eru um aðra helgi og eru verslanir vel birgar af páskaeggjum, sem væntanlega munu svo tínast þaðan eitt af öðru næstu dagana. Á Vísindavefnum segir að hér á landi hafi páskaegg fyrst verið auglýst og boðin til sölu um árið 1920 hjá Björnsbakaríi í Reykjavík. Þó sé líklegt að Íslendingar hafi kynnst páskaeggjum í Danmörku fyrr og þau farið að berast hingað til lands um og upp úr aldamótunum 1900. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Per Sandberg var settur yfir dómsmálin

**NOREGUR** Per Sandberg var í gær gerður að starfandi dómsmálaráðherra Noregs eftir afsögn flokkssystur hans úr Framfaraflokknum, Sylvi Listhaug, og mun hann gegna því embætti þar til eftirmaður finnst.

Listhaug sagði af sér í gærmorgun þegar við henni blasti að norska þingið myndi samþykkja vantraust á hana vegna ummæla sem hún lét falla á Facebook þann 9. mars þar sem hún sagði Verkamannaflokkinn hugsa meira um réttindi hryðjuverkamanna en þjóðaröryggi.

Ummælin féllu í grýttan jarðveg í ljósi þess að fórnarlömb stærstu hryðjuverkaárásar Noregssögunnar, sem Anders Behring Breivik framdi í Útey árið 2011, voru ungliðar Verkamannaflokksins.

Listhaug hét því hins vegar að starfa áfram á Stórþinginu. – þea

## Dæmd fyrir ofbeldi gegn ungu barni

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi í gær fyrrverandi dagmóður á höfuðborgarsvæðinu í níu mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás og barnaverndarlagabrot gegn 20 mánaða gömlu barni í hennar umsjá.

Konan kvaðst hafa komið að stúlkubarninu eftir að það hafði fallið af stól niður á gólf á heimili hennar. Þannig mætti skýra áverka á stúlkunni.

Tveir erlendir réttarmeinafræðingar báru fyrir dómi að flest benti til þess að barnið hefði verið lamið. Dagmóðirin hafði starfað í átta ár áður en málið kom upp, án þess að kvartanir hefðu borist. Hún neitar sök.

RÚV greindi frá og sagði að konan hefði starfað í sex mánuði sem dagforeldri eftir að málið kom upp. – jhh




# Rússi fær ekki að stíga um borð í NATO-skip

**Haraldur Ólafsson veðurfræðingur segir alþjóðlega rannsókn við Ísland eiga að varpa ljósi á þann hluta hafstrauma sem enn séu ekki kortlagðir og því veikur hlekkur í hugmyndum vísindamanna um hringrás sjávar í Norður-Atlantshafi.**

**VÍSINDI** „Verkefnið gengur út á að mæla ástandið í andrúmsloftinu, sérstaklega orkuflæði milli sjávar og lofts,“ segir Haraldur Ólafsson veðurfræðingur sem starfar við alþjóðlega rannsókn á samspili sjávarstrauma og veðrakerfa við Ísland.

Sagt var í Fréttablaðinu í gær frá könnunarflugi breskrar flugvélar við Íslandsstrendur. Að sögn Haralds er ítalska rannsóknarskipið Alliance einnig hluti af verkefninu sem samtals um eitt hundrað manns taka þátt í. Það stendur í febrúar og mars og er að mestu fjármagnað af breskum, kanadískum og bandarískum sjóðum.

Haraldur segir að þar sem ískalt loft streymi af hafísnum yfir sjóinn verði gífurlegt hitaflæði upp í loftið.

„Þar verða mikil orkuskipti og menn hafa áhuga á þessu vegna hafstrauma í sjónum því þarna leikur grunur á að töluverður sjór sökkvi og streymi svo til suðurs á nokkru dýpi á milli Íslands og Grænlands. Þetta er veikur hlekkur í hugmyndum manna um hringrásina í sjónum. Hún er ekki að fullu kortlögð.“

Vísindamennirnir eru að reyna að átta sig á því hversu mikið af orku kemur frá sjónum upp í loftið. Það sem Haraldur fæst mest við eru áhrif landslags á þessi orkuskipti og yfirhöfuð á veður og vinda. Verið sé að kortleggja hvar sé skjól af landi og hvar séu vindrastir.

Hafís hefur hörfað mikið miðað við stöðuna fyrir 30 til 40 árum. „Þarna eru mörg hundruð þúsund ferkílómetrar sem áður voru huldir hafís yfir veturinn. Það er í sjálfu sér ekki órökrétt að þarna geti orðið breyting á hafstraumum fyrir vikið,“ segir Haraldur.



Veðurfræðingarnir Haraldur Ólafsson og Guðrún Nína Petersen af Veðurstofu Íslands við bresku flugvélina sem hlaðin er mælitækjum. MYND/DANIEL BEEDEN

> **Við heyrðum í vélinni inni í snjókomunni hringsóla yfir flugvellinum að reyna að komast niður og við vorum farnir að óttast að hún myndi fara í fjallið.**
>
> Haraldur Ólafsson veðurfræðingur

Unnið verður úr gögnum í sumar og haust. „Það sturta eitt til tvö hundruð vísindamenn sér yfir gögnin sem allir ætla að fá Nóbelsverðlaunin ekki seinna en á næsta ári,“ segir Haraldur. Gögnin verði notuð stíft næstu tíu til fimmtán ár í prófanir og reiknilíkön og jafnvel öðru hverju lengi eftir það.

Hluti af verkefninu er að prófa sjálfvirk tæki til mælinga. „Framtíðin verður sú að það verða litlir mælikafbátar sem sigla fram og til baka og koma upp öðru hvoru til að senda frá sér gögn um gervitungl í land. Þetta verður ekki að fullu kortlagt fyrr en þessi tækni er komin á svipað stig og sjálfvirkar veðurstöðvar eru í dag,“ segir Haraldur.

Skipið Alliance er við rannsóknir milli Íslands, Jan Mayen og Grænlands. „Skipið er að mæla í sjónum hvaða áhrif loftið hefur á sjóinn. Menn eru að leita að sjó sem sekkur niður í kjölfar kælingar,“ útskýrir Haraldur.

Alliance er með ítalskri áhöfn og tengist NATO sem hefur síðasta orðið um það hverjir fá að stíga um borð. „Rússneskur doktorsnemi í London sem átti að vinna á skipinu fékk ekki leyfi til að koma um borð og er því á Akureyri að skipuleggja flugin,“ segir Haraldur. „Mér heyrist á þeim sem sáu um að taka skipið á leigu að þeir ætli að fara fram á afslátt vegna þessa.“ gar@frettabladid.is




Í 65 ár hefur Land Cruiser drottnað yfir landslaginu og nú skartar þessi fjórhjóladrifni konungur jeppanna nýju útliti, ytra sem innra. Hann státar af nýju mælaborði með stærri skjá og nýjum eiginleikum á borð við Toyota Safety Sense sem auka enn á öryggið sem alltaf hefur verið hluti af sterkbyggðri gæðahönnun jeppans sem einfaldlega toppar allt.

- **Nýr Land Cruiser 150 býðst með 33" breytingu að kostnaðarlausu**
- **2 ára þjónustupakki fylgir með öllum Land Cruiser 150**
- **Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is**

**Vildarpunktar Icelandair með öllum nýjum Toyotum**

3+2 ÁBYRGÐ
2 ÁRA ÞJÓNUSTA
FLEX

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is. Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 5 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

# Veita foreldrum aðgang að samræmdum prófum á næstu dögum

**MENNTUN** Menntamálastofnun mun á næstu dögum veita aðgang að samræmdum könnunarprófum í 4. og 7. bekk. Um er að ræða próf í íslensku og stærðfræði sem lögð voru fyrir haustin 2016 og 2017. Þetta kemur fram í yfirlýsingu frá stofnuninni.

Nemendur höfðu áður aðgang að niðurstöðum sínum og svokölluðum sýnisprófum sem eru próf með sambærilegum spurningum. Nú munu nemendur og aðrir fá aðgang að þeim spurningum sem voru notaðar í prófinu sjálfu.

Eins og Fréttablaðið hefur sagt frá kvað úrskurðarnefnd um upplýsingamál upp úrskurð í þremur málum sem varða aðgang að prófspurningum samræmdra könnunarprófa í 4. og 7. bekk.

Menntamálastofnun hafði synjað um aðgang að prófspurningum þar sem til stóð að þróa einstaklingsmiðuð próf. Segir stofnunin að einstaklingsmiðuð próf byggi á stórum banka af prófspurningum og því ekki hægt að þróa slík próf ef semja þarf ný prófatriði fyrir hverja fyrirlögn. Úrskurðarnefnd um upplýsingamál féllst ekki á að tilfelli sem þessi falli undir undanþáguheimildir upplýsingalaga og því sé Menntamálastofnun gert að afhenda umrædd próf.



**Foreldrum hafði verið meinaður aðgangur að spurningum** MYND/GETTY

„Mennta- og menningarmálaráðuneytið mun á næstunni skipa starfshóp sem ætlað er að gera tillögu um framtíðarstefnu um samræmd könnunarpróf.

Mun sá hópur væntanlega fjalla um fyrirkomulag einstaklingsmiðaðra prófa og gera tillögur um leiðir í þróun þeirra,“ segir í yfirlýsingunni sem send var fjölmiðlum síðdegis í gær. **– jhh**

## Skotið á tvö ungmenni

**BANDARÍKIN** Sautján ára gamall byssumaður skaut og særði tvo nemendur í framhaldsskóla í Maryland-ríki í Bandaríkjunum í gær. Fréttastofa breska ríkisútvarpsins segir að sextán ára stúlka sé alvarlega særð eftir árásina. Auk hennar hafi fjórtán ára gamall piltur særst. Árásarmaðurinn hafði átt í ástarsambandi við stúlkuna sem hann skaut.

Lögreglumaður skaut á piltinn eftir árásina. Pilturinn lést, en BBC segir ekki ljóst hvort það hafi verið eftir skotin frá lögreglumanninum eða hann hafi hreinlega skotið sjálfan sig. Einungis er mánuður liðinn frá því að árásarmaður skaut sautján manns til bana í Parkland í Flórída. **– jhh**

## Ætlar að banna mismunun

**ALÞINGI** Ásmundur Einar Daðason, félags- og jafnréttismálaráðherra, hefur lagt fram á Alþingi frumvörp um jafna meðferð á vinnumarkaði og um jafna meðferð fólks óháð kynþætti og þjóðernisuppruna.

Í frétt á vef ráðuneytisins bendir Ásmundur á að hinar Norðurlandaþjóðirnar og önnur Evrópuríki hafi þegar innleitt tilskipun Evrópusambandsins um jafna meðferð óháð kynþætti eða þjóðernisuppruna eða endurspeglað efni hennar í landsrétti sínum.

Þá sé uppi skýr krafa af hálfu Mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna og sérfræðinganefndar félagsmálasáttmála Evrópu að hér verði sett lög um bann við mismunun á grundvelli kynþáttar og þjóðernisuppruna. **– jhh**



**Ásmundur Einar Daðason.**

# Hefði aldrei keypt trygginguna ef skilmálarnir hefðu legið fyrir

Í desember 2014 var því hafnað að tryggja Xavier Tindra Magnússon vegna sjúkdóms sem hann var með. Hálfu ári síðar var foreldrum hans boðið að kaupa sömu tryggingu. Faðir drengsins taldi af símtali við sölumann að tryggingin tryggði allt. Sjóvá segir að tryggingin hafi ekki átt að ná yfir fyrirliggjandi sjúkdóma.

**TRYGGINGAR** „Í desember árið 2014 fengum við það svar að ekki væri hægt að tryggja barnið vegna veikinda. Því vorum við mjög hissa að fá símtal fáum mánuðum síðar þar sem okkur var boðin sama trygging,“ segir Magnús Tindri Sigurðarson.

Sonur Magnúsar, Xavier Tindri Miles-Magnússon, lést í ágúst 2015. Þá var Xavier rúmra fimm ára gamall. Þegar hann var fjögurra mánaða gamall varð hann fyrir súrefnisskorti og hlaut af því heilaskaða. Afleiðingar þess urðu að lokum til þess að hann andaðist.

Sem áður segir var Magnúsi boðið að kaupa tryggingu fyrir syni sína í desember 2014 en þá var ekki unnt að tryggja Xavier. Varð það úr að Magnús keypti aðeins tryggingu fyrir yngri son sinn. Snemma á árinu 2015 fæddist honum og eiginkonu hans annað barn.

„Síðan hringdi tryggingasölumaður í okkur í maí og sagði að hann sæi að ég ætti þrjú börn en aðeins eitt þeirra væri tryggt hjá okkur. Spurði hann hví það væri svo,“ segir Magnús. Hann svaraði því að yngsta barnið væri nýfætt og elsti sonur hans væri mjög veikur. Honum hefði áður verið tjáð að ekki væri unnt að tryggja hann.

„Sölumaðurinn sagði mér stoltur að þau væru eina fyrirtækið sem tryggði langveik börn líka,“ segir Magnús. Þegar hann sótti um bætur vegna láts sonar síns fékk hann hins vegar þau svör að tryggingin tæki samkvæmt skilmálum ekki til sjúkdóma eða kvilla sem hefðu verið til staðar fyrir töku hennar.

„Vegna ábendinga frá viðskiptavinum breyttum við verklagi við töku tryggingarinnar í þeim tilgangi




**Magnús Tindri ásamt syni sínum, Xavier Tindra.** MYND/ÚR EINKASAFNI

> **Þegar Sjóvá hóf að bjóða barnatryggingar gátu foreldrar langveikra barna alla jafna ekki fengið trygginguna fyrir þau.**



Sigurjón Andrésson, markaðsstjóri Sjóvár

að öllum foreldrum yrði gefinn jafn kostur á að tryggja börnin sín fyrir óvæntum áföllum. Þegar Sjóvá hóf að bjóða barnatryggingar gátu foreldrar langveikra barna alla jafna ekki fengið trygginguna fyrir þau,“ segir Sigurjón Andrésson, markaðsstjóri Sjóvár. „Barnatryggingunni okkar var þó aldrei ætlað, frekar en öðrum persónutryggingum, að innifela vernd vegna meðfæddra eða þekktra sjúkdóma og er það skýrt tekið fram í skilmálum og kynningarefni.“

Sigurjón segir að téð ákvæði skilmála barnatryggingarinnar sé hið sama nú og þá. Verklagi við sölu tryggingar hjá félaginu hafi hins vegar verið breytt á þann veg að verktakar selja ekki lengur tryggingar félagsins.

„Ég hefði aldrei tekið þessa tryggingu ef ég hefði vitað fyrir fram að það væri svo. Það er voðalega leiðinlegt að þurfa að fara í stríð meðan maður er að syrgja barnið sitt. Réttlætiskennd mín segir mér að rétt sé að segja frá málinu til að reyna að forða því að aðrir foreldrar lendi í því sem henti okkur,“ segir Magnús.

**joli@frettabladid.is**





ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

Umboðsaðili Jeep - Þverholti 6 - 270 Mosfellsbær - s. 534 4433 - www.jeep.is
www.isband.is - isband@isband.is - Opið virka daga 10-18 - Laugardaga 12-16


RENAULT
Passion for life
RENAULT KOLEOS
NÝR OG SPENNANDI SPORTJEPPI
KOLEOS
*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri
ENNEMM / SÍA / NM86480
FJÓRHJÓLADRIFINN KOLEOS
SJÁLFSKIPTUR, DÍSIL, ELDSNEYTISNOTKUN FRÁ 5,8 L/100 KM*
Renault Koleos er nýr fjórhjóladrifinn sportjeppi með sjálfskiptingu og dísilvél. Það sem einkennir nýja Koleos sportjeppann er einstök hönnun, ríkulegur staðalbúnaður og hagstætt verð. Komdu og reynsluaktu þessum nýja og glæsilega sportjeppa frá Renault.
VERÐ: 5.790.000 KR.
E
F
„ÞÚ TANKAR SJALDNAR Á RENAULT“
GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400
Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622
Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533
Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070
IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080
BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516
BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is
B|L

# Áhöfn íslensks báts fann líkamsleifar í hafinu

**LÖGREGLUMÁL** Áhöfn fiskveiðibátsins Fjölnis GK fann líkamsleifar á Faxaflóa í febrúar. Báturinn lagði út veiðarfæri á töluverðu dýpi, en þegar dregið var inn reyndust líkamsleifar fylgja með í netinu.

Eftir að skipstjórinn hafði samband við Vaktstöð siglinga, sem upplýsti lögreglu um málið, var leitað á svæðinu og sérútbúinn kafbátur sendur til að taka ljósmyndir og sónarmyndir og reyndust vera líkamsleifar á sjávarbotninum. Nokkru síðar voru líkamsleifarnar teknar upp með sérhæfðum kafbát.

Ekki liggur fyrir af hverjum líkamsleifarnar eru en kennslanefnd ríkislögreglustjóra rannsakar það mál. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu segir í tilkynningu að aðgerðirnar við að endurheimta líkamsleifarnar hafi verið umfangsmiklar. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu naut aðstoðar sérsveitar Ríkislögreglustjóra, Landhelgisgæslunnar, Teledyne og Árna Kópssonar við aðgerðirnar.

> Þeir hafa hækkað um tíu stig hjá mér í áliti eftir þetta,
>
> Aðalsteinn R. Friðjónsson, skipstjóri Fjölnis GK

Aðalsteinn R. Friðjónsson, skipstjóri Fjölnis GK, sagði við frettabladid.is í gær að áhöfninni hafi brugðið við þegar hún fann líkamspartinn, en báturinn var á línuveiðum. Hann segir að áhöfnin hafi fundið fótlegg og sett hann í frost. „Það fylgdi meira en bara bein,“ segir hann aðspurður.

Aðalsteinn segist hafa hrifist mjög af viðbrögðum Landhelgisgæslunnar og lögreglu vegna atviksins. „Þeir hafa hækkað um tíu stig hjá mér í áliti eftir þetta,“ segir hann. Mjög fagmannlega hafi verið að öllu staðið. Honum hafi fundist eins og þetta væri vinnubrögð sem hann sæi bara í bíómyndum.

Skipstjórinn vonast til þess að líkfundurinn verði til þess að einhverjir aðstandendur fái málalyktir. **– jhh**

## Hyundai vill fara varlega

**TÆKNI** Talsmenn suðurkóreska bílarisans Hyundai sögðu í gær að fyrirtækið ætlaði að gæta fyllstu varúðar við framleiðslu sjálfkeyrandi bíla eftir að sjálfkeyrandi bíll leigubílaþjónustunnar Uber keyrði á konu í Bandaríkjunum með þeim afleiðingum að hún lést. Um er að ræða fyrsta banaslysið þar sem sjálfkeyrandi bíll kemur við sögu.

Yoon Sung-hoon, yfirmaður hjá Hyundai, sagði á blaðamannafundi að áhyggjur af öryggismálum væru mikilvægur þáttur að hafa í huga þegar kemur að framleiðslu og þróun sjálfkeyrandi bíla. Þess vegna vildi fyrirtækið fara varlega þegar kæmi að fjöldaframleiðslu slíkra bíla.

„Þegar við höfum litið til bíla annarra fyrirtækja eru öryggisstaðlar þeirra mun slakari en okkar. Við tökum okkur meiri tíma til þess að tryggja að sjálfkeyrandi bílar verði öruggir. Enginn veit undir hvers konar kringumstæðum slysin gætu gerst,“ sagði Yoon enn fremur. **– þea**

## Áfram í haldi vegna innbrota

**LÖGREGLUMÁL** Héraðsdómur Reykjaness úrskurðaði í gær karlmann í fjögurra vikna áframhaldandi gæsluvarðhald, eða til 17. apríl, vegna rannsóknar lögreglu á innbrotahrinu á höfuðborgarsvæðinu. Annar maður, sem var handtekinn af sama tilefni og gert að sæta vistun í úrræði á vegum barnaverndaryfirvalda, er laus úr haldi lögreglu.

Málið er umsvifamikið en á þriggja mánaða tímabili frá desember til febrúar voru tæplega 130 innbrot í heimahús tilkynnt til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Þar af um 50 í síðasta mánuði. Lögreglan segir ljóst að verðmæti stolinna muna hlaupi á milljónum. Sjö menn hafa verið handteknir vegna málsins, en tveimur sleppt. **– jhh**

# Segir netið nýtt til sálfræðihernaðar gegn kjósendum

**Þingmaður Pírata segir ríki heims hafa brugðist borgurum með allt of veikri persónu- og upplýsingaverndarlöggjöf. Hann segir sálfræðihernað hafa verið stundaðan gegn kjósendum á samfélagsmiðlum. Almannatengill segir ólíklegt að aðferðirnar myndu virka á Íslandi. Íslendingar séu fáir og hér þekki allir alla.**

**TÆKNI** „Þetta er sálfræðihernaður gegn kjósendum og almenningi,“ segir Smári McCarthy, þingmaður Pírata, um starfsemi og starfsaðferðir fyrirtækisins Cambridge Analytica. Háttsemin er talin hafa haft mikil áhrif á óvæntan sigur Donalds Trump Bandaríkjaforseta í forsetakosningum Bandaríkjanna haustið 2016 og úrslit Brexit-kosninganna í Bretlandi.

Í sjónvarpsþætti á bresku sjónvarpsstöðinni Channel 4 lýsti fyrrverandi starfsmaður Cambridge Analytica hvernig persónuupplýsinga Facebook-notenda er aflað og þær nýttar við greiningu á stjórnmálaviðhorfum fólks til að hafa uppi á og ávarpa óákveðna kjósendur í kosningum víða um heim, með leynilegum og óheiðarlegum hætti. Fyrrverandi starfsmaður Facebook hefur einnig stigið fram og fullyrt að forsvarsmenn Facebook hafi vitað af persónuupplýsingum notendanna í höndum fyrirtækisins og fleiri sams konar fyrirtækja og hvernig þær voru notaðar, án þess að upplýsa um það eða hafast nokkuð að í málinu.

Málið er til rannsóknar hjá þingnefndum og öðrum yfirvöldum bæði í Bretlandi og Bandaríkjunum og hefur Mark Zuckerberg verið beðinn að mæta fyrir breska þingið til að standa fyrir máli sínu. Hlutabréf í Facebook hafa hríðfallið á síðustu dögum.




**Gögnunum var upphaflega safnað með leyfi Facebook vegna fræðirannsókna sérfræðings við Cambridge sem lét þeim, sem stofnuðu síðar fyrirtækið Cambridge Analytica, persónugögnin í té.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Gögnunum var upphaflega safnað með leyfi Facebook vegna fræðirannsókna sérfræðings við Cambridge sem lét þeim, sem stofnuðu síðar fyrirtækið Cambridge Analytica, persónugögnin í té. Þannig fékk fyrirtækið nákvæmar upplýsingar um félagslega hegðun yfir 50 milljóna Facebook-notenda. Svo var hægt að beina tilteknum upplýsingum að fólki sem kynnu að hafa áhrif á hvernig það kysi.

> Með notkun þessara persónuupplýsinga má í rauninni brengla kosningaúrslit í sálfræðistríði gegn kjósendum
>
> Smári McCarthy, þingmaður Pírata



„Með notkun þessara persónuupplýsinga má í rauninni brengla kosningaúrslit í sálfræðistríði gegn kjósendum,“ segir Smári. Hann segir eina augljósa svarið felast í því að fólk átti sig á að það er stöðugt verið að hafa áhrif á upplýsingaumhverfi þess með óheiðarlegum hætti. Það er hins vegar hægara sagt en gert og það þurfi einnig að bregðast við með öflugri persónuverndarlöggjöf.

„Ríki heims hafa algerlega brugðist borgurum með alltof veikri persónu- og upplýsingarverndarlöggjöf og með aðgerðarleysi sínu hefur lýðræðinu í rauninni verið sköpuð ákveðin hætta,“ segir Smári og nefnir, auk öflugri persónuverndarlaga, þann möguleika að banna auglýsingar sem miðað er á tiltekna einstaklinga.

Smári segir að erfitt kunni að vera að láta Facebook sæta lagalegri ábyrgð enda hafi yfir tveir milljarðar manna gefið samþykki sitt fyrir afhendingu persónuupplýsinga til miðilsins á grundvelli veikra notkunarskilmála og því er ekki ljóst hvort fyrirtækið hafi brotið lög eða samninga.

„Það vita flestir hvernig nafnlausar auglýsingar hafa verið notaðar til að reyna að hafa áhrif á kosningar hér á landi,“ segir Smári aðspurður um möguleg áhrif þessarar nýju aðferðafræði hérlendis. Hann segir að þrátt fyrir að slíkar auglýsingar brjóti líklega í bága við kosningalög hafi aldrei farið fram nákvæm greining á því hverjir stóðu fyrir þeim og í raun ekki heldur um hvort fyrirtæki á borð við Cambridge Analytica hafi komið nálægt kosningabaráttu hérlendis.

Friðjón Friðjónsson hjá almannatengslafyrirtækinu KOM segir miðunaraðferðir eins og Cambridge Analytica beiti ólíklegar til árangurs hér á landi vegna þess hve fáir Íslendingar eru og hversu margar persónulegar breytur hafi áhrif í landi þar sem allir þekkja alla.

adalheidur@frettabladid.is






# CIVIC

## Á HONDA BETRA VERÐI

Honda Civic er bíll sem er allt annað og meira. Hannaður sérstaklega fyrir þig, fjölskylduna og áhugamálin. Hann endurspeglar metnað okkar fyrir tæknilegum yfirburðum. Skemmtilegur að keyra, öruggur, áreiðanlegur með pláss fyrir flest, þó sérstaklega – þig! Fullkomin blanda af krafti, sparneytni og gæðum.
**Komdu í heimsókn og prófaðu meira af okkar besta til þessa.**

**SÉRVALDIR HONDA CIVIC Á SÉRSTÖKU TILBOÐSVERÐI**

HONDA CIVIC - **FJÖLSKYLDUBÍLLINN 2018**
VERÐ FRÁ KR. 2.990.000

HONDA

**Bernhard ehf** • Vatnagörðum 24-26 • 104 Reykjavík • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

# Tyrkir segja SÞ hljóma eins og hryðjuverkamenn



Recep Tayyip Erdogan, forseti Tyrklands.

**TYRKLAND** Utanríkisráðuneyti Tyrklands sagði í yfirlýsingu í gær að skýrsla Sameinuðu þjóðanna um langvarandi neyðarástand þar í landi hljómaði eins og málflutningur hryðjuverkasamtaka. Í henni mætti finna fjölmargar ásakanir sem væru beinlínis rangar.

Sameinuðu þjóðirnar kölluðu eftir því að neyðarástandinu, sem Recep Tayyip Erdogan forseti lýsti yfir eftir valdaránstilraunina í júlí 2016 og stendur enn yfir, yrði aflétt. Það hafi leitt til fjölmargra mannréttindabrota.

Til að mynda hafi 160.000 verið handtekin eftir valdaránstilraunina og nærri því jafn margir opinberir starfsmenn hafi misst starf sitt vegna meints stuðnings við útlæga klerkinn Fethullah Gulen, sem Erdogan segir hafa staðið að tilrauninni.

Zeid al-Hussein, mannréttindastjóri SÞ, sagði fjölda handtekinna og rekinna sláandi. „Kennarar, dómarar og lögfræðingar reknir eða ákærðir, blaðamenn handteknir, skellt í lás á fjölmiðlum og vefsíðum lokað.“ – þea

# Sakaður um að þiggja fé frá ofurstanum

**Muammar Gaddafi er sagður hafa fjármagnað forsetaframboð Nicolas Sarkozy. Sá síðarnefndi í haldi lögreglu sem yfirheyrði hann vegna málsins í gær. Fleiri mál tengd Sarkozy til rannsóknar hjá lögreglu.**



Sarkozy og Gaddafi þegar ofurstinn, eins og hann var kallaður, heimsótti Frakkland. Sarkozy er sagður hafa þegið peninga frá honum NORDICPHOTOS/AFP

**FRAKKLAND** Þrátt fyrir að hafa verið dáinn í rúm sex ár heldur Muammar Gaddafi ofursti, fyrrverandi einræðisherra Líbíu, áfram að hafa áhrif á heimsmálin. Í gær var Nicolas Sarkozy, forseti Frakklands frá 2007 til 2012, færður á lögreglustöð í Nanterre, úthverfi í vesturhluta Parísar. Þar yfirheyrði lögregla hann um meinta fjármögnun Gaddafis á forsetaframboði hans árið 2007.

Sarkozy hefur áður verið yfirheyrður vegna málsins og neitað sök. Rannsókn á málinu hófst árið 2013. Heimildir BBC hermdu að Brice Hortefeux, innanríkisráðherra í ríkisstjórn Sarkozy, hafi einnig verið yfirheyrður í gær.

Alexandre Djouhri, fyrrverandi aðstoðarmaður Sarkozy, er grunaður um peningaþvætti í tengslum við málið. Hann berst gegn því að verða framseldur frá Lundúnum. Djouhri neitar sök en í febrúar greindi Reuters frá því að hann teldi ásakanirnar pólitísks eðlis.

Undir þann málflutning hefur Sarkozy sjálfur tekið. Forsetinn fyrrverandi hefur sagt að ásakanirnar séu runnar undan rifjum hefnigjarnra Líbíumanna sem vilji ná sér niður á Sarkozy fyrir þátttöku Frakka í hernaðaraðgerðum undir stjórn Bandaríkjahers sem leiddu til falls Gaddafis, kostuðu hann raunar lífið.

Þegar Sarkozy var spurður út í málið á meðan forval franskra Repúblikana stóð yfir í nóvember 2016 sagði hann spurninguna blaðamanninum til skammar. Ziad Takieddine, sem sagði frá málinu, væri þekktur lygari sem hafi oftsinnis verið sakfelldur fyrir meiðyrði.

Sarkozy hefur þó ekki verið ákærður. Í gær var hann einungis færður í varðhald. Samkvæmt AFP var þetta í fyrsta skipti sem lögregla setur Sarkozy í varðhald vegna þessa máls en hann var einnig í varðhaldi árið 2014 í tengslum við aðra rannsókn á meintum brotum á lögum um fjármögnun framboða.

Saksóknarar hafa farið fram á að Sarkozy verði dreginn fyrir dóm vegna hins málsins, kennt við almannatengslafyrirtækið Bygmalion. Hafa þeir sagt að flokkur Sarkozy, Lýðveldisflokkurinn, hafi látið falsa reikninga svo hægt væri að verja meiru í kosningabaráttu.

thorgnyr@frettabladid.is

LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

ÁRSFUNDUR 2018

Ársfundur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna verður haldinn í dag kl. 18:00 á Grand Hótel Reykjavík.

DAGSKRÁ FUNDARINS
» Venjuleg ársfundarstörf
» Samþykktabreytingar
» Önnur mál

Sjóðfélagar eiga rétt til setu á ársfundinum.
Fundargögn verða afhent á fundarstað.

Reykjavík, 25. janúar 2018
Stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

live.is

ÍMYNDUNARAFL / LV

Lífeyrissjóður verzlunarmanna | Kringlan 7 | 103 Reykjavík | Sími 580 4000 | skrifstofa@live.is






## Við hjálpum þér að fylla í eyðurnar

*Hvort þig vantar lyftaramann eða bara einhvern nógu hávaxinn til að ná upp í efstu hillurnar þá höfum við mannskap á lager. ELJA útvegar þann starfskraft sem þú þarft til að koma öllu í röð og reglu. – Láttu okkur ráða.*

elja
Starfsmannaþjónusta

# Láttu okkur ráða

Elja starfsmannaþjónusta 4 150 140 elja.is ELJA@ELJA.IS

# Skuldbinding



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Síðastliðinn mánudag komu saman fulltrúar allra flokka á Alþingi og undirrituðu yfirlýsingu sem skuldbindur þá til þess að gerast talsmenn barna innan þingsins. Viðstödd voru fulltrúar ungmennaráða Barnaheilla og UNICEF á Íslandi auk ráðgjafahóps umboðsmanns barna. Vonandi má treysta því að þingmennirnir taki hlutverkið alvarlega og að flokkssystkini þeirra geri slíkt hið sama, enda fylgir því mikil ábyrgð að gæta réttinda barna í hörðum heimi. Það er þó ágætt að hafa í huga að Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna var undirritaður af Íslands hálfu 1990, fullgiltur rúmum tveimur árum síðar og loks lögfestur árið 2013.

Á forsíðu Fréttablaðsins daginn eftir var svo greint frá því að brotið er á börnum sem hingað leita á flótta. Hér er þó búið að lögfesta Barnasáttmálann og koma á nýjum útlendingalögum sem ættu að koma í veg fyrir þetta en engu að síður er framkvæmdin ekki í samræmi við lög. Það kemur því miður ekkert sérstaklega á óvart að UNICEF þurfi að kalla eftir viðhorfsbreytingu innan kerfisins en að auki þá hljótum við að skoða hvort víðar sé pottur brotinn í réttindum barna á Íslandi.

Það er nöturleg staðreynd að á Íslandi búa þúsundir barna við fátækt og með því eru mannréttindi þeirra brotin á hverjum degi, vegna þess að stjórnvöldum er ekki heimilt að mismuna þeim eftir stöðu þeirra og foreldra þeirra. Á þeim er brotinn rétturinn til þess að lifa og þroskast, njóta menntunar, heilsuverndar, hvíldar og tómstunda sem dregur verulega úr tækifærum þeirra til þess að taka þátt í samfélaginu og eiga innihaldsríkt líf. Allt þetta kemur fram á heimasíðu Barnaheilla sem lengi hafa barist fyrir því að standa vörð um velferð og hag barna í samræmi við barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Fátækt og þau mannréttindabrot sem af henni leiða eru tæpast fréttir í huga þeirra sem skuldbundu sig til þess á mánudaginn að gerast talsmenn barna á Alþingi. Ástæðan fyrir fátækt barnanna er fátækt foreldranna sem orsakast af gegndarlausri misskiptingu í íslensku samfélagi. Þessi misskipting birtist t.d. greinilega í muninum á lægstu launum annars vegar og launum og sporslum til þingmanna hins vegar. En þrátt fyrir fátæk börn er pólitískur ómöguleiki að hækka lægstu launin upp í mannsæmandi kjör á sama tíma og laun þingmanna hafa verið hækkuð upp í Norðurlandamet og laun þeirra sem það ákváðu svo hækkuð hraustlega í framhaldinu.

Þingmennirnir átta sem eru nú talsmenn barna á Alþingi tókust það verkefni á hendur að breyta þessu og útrýma fátækt í íslensku samfélagi vegna þess að börn eru alls staðar. Þau eru börn láglaunafólks, atvinnulausra, öryrkja og á stundum undir forsjá lífeyrisþega og öll eiga þau rétt á að búa ekki við fátækt. Rétt á að búa ekki við gegndarlausa misskiptingu þar sem til þess er ætlast af foreldrum þeirra og forsjáraðilum að þeir tryggi stöðugleika samfélags sem brýtur mannréttindi þeirra. Samfélags sem telur sig ekki hafa efni á að mannréttindum barna nema á tyllidögum eða fyrir framan sjónvarpsmyndavélar.

> **Fátækt og þau mannréttindabrot sem af henni leiða eru tæpast fréttir í huga þeirra sem skuldbundu sig til þess á mánudaginn að gerast talsmenn barna á Alþingi.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Sinn er siður ...**

**Dómsmálaráðherrar á Norðurlöndum eru iðnir við að safna glóðum elds að höfði sér og þá er nú munur að vera slíkur á Íslandi og skáka í skjóli góða fólksins í VG. Sigríður Andersen situr sem fastast á meðan stallsystir hennar, Sylvi Listhaug, í Noregi hrökklaðist burt fyrir dónaskap. Illugi Jökulsson segir stuðningsregistur Sigríðar Andersen vera „heill doðrantur miðað við það sem Listhaug gerði af sér“. Málfræðiprófessorinn Eiríkur Rögnvaldsson greindi þessa mótsögn ítarlegar á Facebook: „Í Noregi lýsir Kristilegi flokkurinn vantrausti á dómsmálaráðherrann. Á Íslandi lýsir róttæki flokkurinn [lesi: VG] trausti á dómsmálaráðherrann.“ Eiríkur varpar síðan fram lykilspurningunni: „Eigum við ekki bara að ganga aftur í Noreg?“**

**Vatn á myllu Smára**

**Hér er komið dauðafæri fyrir Gunnar Smára Egilsson til að slá Sósíalistaflokkinn af og dusta rykið af Fylkisflokknum sem hafði á stefnuskrá sinni að Ísland yrði 20. fylki Noregs. Meðal helstu raka Gunnars Smára fyrir sameiningu var að Íslendingar fengju notið allra „réttinda norskra borgara“. Enn fallegra væri ef sameiningin yrði að veruleika svo norskir dómsmálaráðherrar fái notið sömu fríðinda og íslenskir. Í skjóli einmitt meintra sósíalista.** thorarinn@frettabladid.is

# Fótspor ferðaþjónustunnar



Helga Árnadóttir
framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar

Ferðaþjónusta er burðaratvinnugrein á Íslandi. Ör vöxtur hefur einkennt greinina á undanförnum árum og fyrirtæki í greininni hafa fjárfest í innviðum fyrir hundruð milljarða frá árinu 2015 til að mæta vaxandi eftirspurn. Á undanförnum misserum hefur hægt á fjölgun erlendra ferðamanna til landsins sem skapar svigrúm til að tryggja farsæla þróun til langs tíma. Þar skiptir sjálfbært og stöðugt rekstrarumhverfi mestu og þar gegnir samstarf greinarinnar og stjórnvalda lykilhlutverki.

Ferðaþjónustudagur Samtaka ferðaþjónustunnar er haldinn í Hörpu í dag. Yfirskrift fundarins er Fótspor ferðaþjónustunnar. Á fundinum er markmiðið að velta upp þeim umhverfislegu, félagslegu og efnahagslegu fótsporum sem greinin hefur markað síðustu misseri en ekki síður að ræða hvernig sjálfbær spor eru tryggð til framtíðar. Þjóðin á mikið undir að vel takist til.

Þrátt fyrir gífurlegar tekjur ríkis og sveitarfélaga af ferðaþjónustu á síðustu árum, en hún hefur staðið undir um 50% hagvaxtar frá árinu 2010, hefur umræða um greinina fyrst og fremst snúist um frekari gjaldheimtu af henni í stað stefnumiðaðrar uppbyggingar með sjálfbærni að leiðarljósi og þannig auknum tekjum í ríkiskassann. Í nýjum stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar kemur skýrt fram að samtal og samstarf sé leiðarstefið í nálgun hennar þegar kemur að langtímastefnumörkun og gjaldtökumálum í ferðaþjónustunni. Samtökin fagna slíkri nálgun. Verkefnin liggja fyrir. Það er nauðsynlegt að hefjast handa við markvissa og ábyrga uppbyggingu með félagslega, umhverfislega og efnahagslega sjálfbærni að leiðarljósi. Okkur liggur á. Tækifærið er núna. Taka þarf ákvarðanir um skipulag, uppbyggingu, kerfisbreytingar og stefnu til framtíðar.

SAF vænta mikils af samstarfi stjórnvalda og sveitarfélaga við þau viðfangsefni sem fram undan eru varðandi málefni ferðaþjónustunnar. Ríkisfjármálin þurfa í auknum mæli að taka mið af þeim viðfangsefnum sem treysta innviði greinarinnar og þannig sjálfbærni hennar til langrar framtíðar. Slíkar fjárfestingar skila sér í aukinni hagsæld þjóðar. Nálgast þarf viðfangsefnin heildstætt með góðri samvinnu og samstilltu átaki. Það er grundvöllur úrlausna flókinna viðfangsefna og farsældar í íslenskri ferðaþjónustu.

> **Taka þarf ákvarðanir um skipulag, uppbyggingu, kerfisbreytingar og stefnu til framtíðar.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálsson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Af villtum og rammvilltum löxum



Jón Þór Ólason
formaður Stangaveiðifélags Reykjavíkur og lögmaður

Áróðursmeistari laxeldismanna, Einar K. Guðfinnsson, formaður stjórnar Landssambands fiskeldisstöðva, er enn við sama heygarðshornið í grein er hann ritar í Fréttablaðið þann 13. mars sl. Er tilefni predikunar áróðursmeistarans í þetta sinn grein mín í sama blað þann 6. mars sl. Áróðursmeistaranum, sem er sjálfur fljótur til að gagnrýna aðra fyrir ónákvæmni og fullyrða í framhaldinu að slík ónákvæmni geri málatilbúnað gagnaðila þá ómerkan, tekst þó ekki betur upp en svo að hann misritar nafn Stangaveiðifélags Reykjavíkur. Ekki ætla ég þó að elta ólar við slíka smámuni og ennþá síður að nota sömu aðferðafræði við rökfærslu og áróðursmeistarinn hefur tamið sér, að skrifa stuttan inngang í fyrstu málsgrein og koma svo með gildishlaðna ályktun um að málflutningur sem er andstæður skoðunum hans falli um sjálfan sig.

Áróðursmeistarinn þiggur laun fyrir að halda fram þeirri hugsunarvillu að unnt sé að stunda laxeldi á kynbættum laxi af norskum stofni í sjókvíum í sátt við náttúruna. Þó áróðursmeistarinn endurtaki möntru þessa í sífellu verður hún ekkert réttari fyrir vikið. Heillavænna er hins vegar að horfa til staðreynda og reynslu annarra þjóða í þessum efnum, en áróðursmeistarinn vísar oft til ýmissa þátta sem hann telur að hafi sannað sig í Noregi.

Hvernig er nú ástandið í Noregi? Í stuttu máli kolsvart enda steðjar gríðarleg ógn að norskum villtum laxastofnum og eru allar helstu ástæður hennar raktar til laxeldis í sjókvíum. Þetta hefur margoft verið staðfest í opinberum skýrslum, m.a. í skýrslu sérstakrar vísindanefndar sem skilaði í ágústmánuði á síðasta ári af sér árlegri skýrslu um ástand villta laxastofnsins í Noregi. Stofninn hefur hrunið, tveir þriðju af 125 stofnum villtra laxa sem voru rannsakaðir reyndust með erfðamengun, þar af einn þriðji með langvarandi innblöndun sem er með öllu óafturkræf. Þá liggur ennfremur fyrir að fimmtu hverri laxveiðiá hefur einfaldlega verið lokað vegna þessarar „náttúruvænu“ stóriðju. Þá er staðfest í skýrslunni að laxalúsin nær nú til allra laxastofna í Noregi. Noregur er svo sannarlega engin fyrirmynd í þessum efnum.

**Erfðamengunin óhjákvæmileg**

En eitt mega þó Norðmenn eiga, þeir banna að notaður sé framandi laxastofn í sjókvíaeldi, líkt og svo mörg önnur lönd. Það var algjörlega glórulaust að leyfa sjókvíaeldi á kynbættum laxi af norskum uppruna hérlendis, einfaldlega vegna þess að norski laxinn er erfðafræðilega frábrugðinn íslenskum laxastofnum og erfðamengunin, sem er óhjákvæmileg, dregur úr hæfni villta laxins til að lifa af, fjölga sér, skemmir aðlögunarhæfni og eyðileggur ratvísina. Eldislax af norskum uppruna er rammvilltur.

Eins alvarlegt og það nú er, þá hafa skýr merki um erfðablöndun þegar verið greind í sex vatnsföllum í nágrenni eldissvæða á Vestfjörðum, en þetta var tilkynnt af Hafrannsóknastofnun í ágústmánuði í fyrra. Í tilkynningunni kom jafnframt fram að aldursgreining á blendingum hafi tengt erfðablöndunina við göngur kynþroska eldislaxa í vatnsföll á árunum 2014 og 2015, sem bendi til að erfðablöndunin hafi orðið árið 2012 en líkt og árið 2015 voru samt sem áður engar slysasleppingar laxa úr sjókvíum tilkynntar. Ekki voru heldur tilkynntar slysasleppingar á regnbogasilungi úr sjókvíum á árinu 2016 en engu að síður veiddist slíkur ófögnuður í ám hringinn í kringum landið. Á sama tíma vill áróðursmeistarinn margfalda sjókvíaeldið.

Tekjur af nýtingu íslenskra fallvatna með laxastofnum eru mikilvægur þáttur í að byggð geti haldist í samfélögum sem eiga undir högg að sækja samfara hnignun hefðbundinna landbúnaðargreina. Það eru rúmlega 1.800 lögbýli sem hafa tekjur af lax- og silungsveiðihlunnindum. Efnahagsleg velta af þessum náttúrunytjum, miðað við grunn frá hagfræðideild HÍ, er um 15-20 milljarðar á ári og skapar um 1.200 ársstörf. Unnt er að auka þessi verðmæti enn frekar. Skráðir eigendur lögbýlanna eru um 5.000 talsins og nýtur ríkissjóður þessa í skatttekjum.

Eignarrétturinn er friðhelgur og er raunveruleg hætta á því að gangi áform fiskeldismanna eftir muni það hafa verulega neikvæð áhrif á veiðihlunnindi á Íslandi og valda stórkostlegu tjóni. Það hver á þá að borga brúsann er hins vegar efni í aðra grein. Fróðlegt er hins vegar að skoða sögu fiskeldis í þessu ljósi, enda hefur ríkissjóður og almenningur orðið af gríðarlegum fjárhæðum í gegnum tíðina vegna fjöldamargra gjaldþrota í greininni. En nú eru sagðir breyttir tímar. Nú eru erlend aflandsfélög mætt á klakann og fá hina stórkostlegu íslenska náttúru á silfurfati. Nú skal græða álnir. Er einhver sem trúir því að hinir erlendu fjárfestar muni ekki hlaupa með hagnaðarálnirnar úr landi og flýja skipið þegar það byrjar að sökkva?

Áróðursmeistari laxeldis! Ekki meir, ekki meir!

# Flutningur spítalans stóreykur bílaumferð



Pawel Bartoszek
stærðfræðingur

Umferð er ekki bara einkabílar. Umferð er líka þeir sem labba, hjóla eða taka strætó. Sé litið á umferðina í þessum eðlilega, víða, skilningi er flutningur Landspítalans frá Reykjavík til úthverfa Garðabæjar vond hugmynd.

Þótt sumir hæðist stundum að því að fólk geti komist á spítala öðruvísi en á bíl hefur Landspítalinn engu að síður náð góðum árangri þegar kemur að því að hvetja starfsfólkið til að nota fjölbreyttari samgöngumáta.

Samkvæmt ferðavenjukönnun spítalans frá árinu 2016 fóru 29% starfsmanna oftast gangandi eða hjólandi í vinnuna. Enda má ætla að um 20.000 manns búi í göngufæri við spítalann. Það býr enginn í göngufæri við Vífilsstaði. Hvort halda menn að gangandi eða hjólandi starfsmönnum muni fækka eða fjölga ef við flytjum spítalann þangað?

Samkvæmt sömu könnun tóku yfir 10% starfsmanna Landspítalans oftast strætó í vinnuna. Landspítalinn liggur nú í hjarta leiðakerfis Strætó. Þaðan eru beinar tengingar við flesta kima höfuðborgarsvæðisins. Í dag fer ein leið, leið 21, fram hjá Vífilsstöðum. Hvort halda þeir sem vilja flytja spítalann að þeim fjölgi eða fækki sem nota strætó ef spítalinn verður fluttur austur fyrir Reykjanesbrautina?

Það mætti kannski kalla það aðdáunarverða fornfýsi sumra framboða í Reykjavík að vilja flytja einn stærsta vinnustað borgarinnar í annað sveitarfélag til að „létta á umferðarálagi“. En staðreyndin er sú að umferðin mun ekki skána við það að spítalinn verði fluttur út í jaðar höfuðborgarsvæðisins. Eina sem gerist er að þúsundir starfsmanna spítalans sem í dag labba, hjóla, eða taka strætó í vinnuna verða neyddir til að fara á bíl.











Karen Knútsdóttir (lengst til hægri) er klár í slaginn með landsliðinu á ný. Með henni á myndinni eru Róbert Geir Gíslason, framkvæmdastjóri HSÍ, landsliðsþjálfarinn Axel Stefánsson og Þórey Rósa Stefánsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Gaman að uppskera laun erfiðisins núna

**Karen Knútsdóttir átti ekki von á því að vera klár í leiki Íslands gegn Slóveníu. Hún er orðin góð af meiðslum í hásin. Karen hefur stýrt sóknarleik íslenska liðsins undanfarin ár og endurkoma hennar er vatn á myllu Íslendinga.**

**HANDBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið í handbolta leikur tvo leiki gegn Slóveníu í undankeppni EM 2018 í þessari viku. Fyrri leikurinn fer fram í Laugardalshöllinni klukkan 19.30 í kvöld.

Karen Knútsdóttir, annar fyrirliða liðsins, hefur snúið til baka eftir að hafa glímt við meiðsli í hásin í vetur. Hún bjóst ekki við því að ná leikjunum en endurhæfingin gekk vel.

„Það gerðist fyrr en ég átti von á að ég kæmist á það gott skrið að vera í landsliðsklassa. Endurhæfingin gekk vonum framar og það er mjög gleðilegt að ég sé klár í tæka tíð fyrir þessa landsleiki. Ég er búinn að hugsa vel um mig og það er gaman að uppskera laun þess erfiðis núna. Hásinin og vesenið á henni eru mér ekki ofarlega í huga þessa stundina,“ sagði Karen í samtali við Fréttablaðið.

Ísland er án stiga eftir tvo fyrstu leikina í undankeppninni, en liðið tapaði fyrir Danmörku og Tékklandi í fyrstu leikjum hennar. Karen var ekki með í þeim verkefnum, en hún er bjartsýn fyrir komandi leiki. Karen hefur verið potturinn og pannan í sóknarleik íslenska liðsins undanfarin ár og afar mikilvægur hlekkur í sóknaraðgerðum liðsins.

„Mér líst bara vel á þessa leiki. Við erum með skemmtilega blöndu í liðinu, það er af ungum og spennandi leikmönnum og okkur reynsluboltunum. Það hafa verið mikil skakkaföll í liðinu síðasta árið, en við erum að ná vopnum okkar og ég er bjartsýn fyrir leikina sem fram undan eru. Við höfum verið að þróa hröðu miðjuna okkar sem getur verið öflugt vopn. Svo er sóknarleikurinn svipaður og hefur verið undanfarin ár þannig að það var ekkert mál að koma mér inn í leikkerfin okkar á nýjan leik,“ sagði Karen. hjorvaro@frettabladid.is

> Það gerðist fyrr en ég átti von á að ég kæmist á það gott skrið að vera í landsliðsklassa.
>
> Karen Knútsdóttir

Meister fyrir meistara

meister



Meister Verkfærataska með 116 stk.
29.995

Meister Léttivagn f. 200kg
8.850

Made in Germany

Mikið úrval af verkfærasettum, stærri og smærri!

Meister Topplyklasett með 56 stk.
16.990

Reykjavík Kletthálsi 7. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16
Reykjanesbær Fuglavík 18. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

MÚRBÚÐIN
Gott verð fyrir alla, alltaf!

Veldu Panodil sem hentar þér!
Verkjastillandi og hitalækkandi



Panodil filmuhúðaðar töflur, Panodil Zapp filmuhúðaðar töflur, Panodil Junior mixtúra, dreifa, Panodil Hot mixtúruduft, lausn til inntöku, Panodil Brus freyðitöflur. Inniheldur paracetamól. Við vægum verkjum. Hitalækkandi. Til inntöku. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.

lyfja.is

LYFJA – Lífið heil

# Bikarar bíða í borginni og á Selfossi

**HANDBOLTI** Keppni í Olís-deild karla lýkur í kvöld. Allir sex leikirnir hefjast klukkan 20.30.

ÍBV, Selfoss og FH eru efst og jöfn með 32 stig og eiga öll möguleika á að verða deildarmeistarar. Möguleikar Eyjamanna og Selfyssinga eru öllu meiri en FH-inga. Til að FH verði deildarmeistari annað árið í röð þarf liðið að vinna Stjörnuna og vonast til að ÍBV og Selfoss tapi stigum gegn Fram og Víkingi á sama tíma. Samkvæmt upplýsingum frá HSÍ verða bikarar í biðstöðu, bæði í Safamýrinni og á Selfossi.

Eyjamenn standa best að vígi í baráttunni um deildarmeistaratitilinn. Ef sömu úrslitin verða í leikjum þriggja efstu liðanna – þau vinni öll, tapi öll eða geri öll jafntefli – standur ÍBV uppi sem deildarmeistari.

Selfyssingar enda á toppi deildarinnar ef þeir vinna fallna Víkinga og Eyjamenn eða FH-ingar tapa stigum. Ef Selfoss og ÍBV verða jöfn að stigum á toppnum gildir heildarmarkatala því liðin unnu hvort annað með eins marks mun í deildinni. Selfyssingar eru með 70 mörk í plús en Eyjamenn 63 mörk. ÍBV þarf því að vinna ansi stóran sigur á Fram til að komast upp fyrir Selfoss á markatölu. Ef Selfoss og FH verða jöfn á toppnum verða Selfyssingar deildarmeistarar sökum betri árangurs í innbyrðis viðureignum liðanna. Verði ÍBV og FH jöfn verða Eyjamenn deildarmeistarar á betri innbyrðis árangri.

Haukar og Valur mætast á Ásvöllum í úrslitaleik um 4. sætið og heimavallarrétt í rimmu liðanna í 8-liða úrslitunum. Haukum dugir jafntefli til að verja 4. sætið. Stjarnan getur hirt 6. sætið af Aftureldingu ef liðið nær betri úrslitum en Mosfellingar sem mæta ÍR-ingum. Þá mætast Grótta og Fjölnir á Nesinu. – iþs



Bikarmeistarar ÍBV geta bætt öðrum titli í safnið í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Nýjast

**Domino's-deild karla, 8-liða úrslit**

### Keflavík - Haukar 82-85

**Keflavík:** Guðmundur Jónsson 23, Hörður Axel Vilhjálmsson 15/7 stoðsendingar, Christian Jones 12, Magnús Már Traustason 9, Reggie Dupree 9/7 fráköst, Ágúst Orrason 6, Ragnar Örn Bragason 5, Dominique Elliott 3.

**Haukar:** Kári Jónsson 27/8 stoðsendingar, Paul Jones 24/12 fráköst, Haukur Óskarsson 15, Finnur Atli Magnússon 8, Breki Gylfason 5, Kristján Leifur Sverrisson 2, Emil Barja 2, Hjálmar Stefánsson 2.

*Haukar leiða í einvíginu 2-0.*

### Grindavík - Tindastóll 83-114

**Grindavík:** Dagur Kár Jónsson 22, Ólafur Ólafsson 17, Ingvi Þór Guðmundsson 12, J'Nathan Bullock 11/7 fráköst, Sigurður Þorsteinsson 8/6 stoðsendingar, Kristófer Breki Gylfason 5, Jóhann Árni Ólafsson 4, Ómar Örn Sævarsson 2, Þorsteinn Finnbogason 2.

**Tindastóll:** Antonio Hester 28/7 fráköst, Sigtryggur Arnar Björnsson 26, Axel Kárason 17, Pétur Rúnar Birgisson 11/7 stoðsendingar, Chris Davenport 9, Björgvin Hafþór Ríkharðsson 7, Hannes Ingi Másson 7, Helgi Rafn Viggósson 5/7 fráköst, Helgi Freyr Margeirsson 3, Friðrik Þór Stefánsson 1.

*Tindastóll leiðir í einvíginu 2-0.*



**Teitur Örn Einarsson er markahæstur í Olís-deildinni.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Teitur með sjö marka forskot

**HANDBOLTI** Teitur Örn Einarsson á markakóngstitilinn í Olís-deild karla vísan. Selfyssingurinn skotfasti hefur skorað 154 mörk í vetur, sjö mörkum meira en Fjölnismaðurinn Kristján Örn Kristjánsson.

Teitur og Kristján eru báðir örvhentar skyttur og meðal okkar efnilegustu leikmanna. Teitur náði yfirhöndinni í baráttunni um markakóngstitilinn með því að skora 10 mörk í sigri Selfoss á FH, 29-34, á sunnudaginn.

Í lokaumferð Olís-deildarinnar sem fer fram í kvöld mæta Selfyssingar föllnum Víkingum í Vallaskóla. Selfoss á möguleika á að verða deildarmeistari í fyrsta sinn í sögu félagsins en til þess þarf liðið að vinna og treysta á að ÍBV eða FH tapi stigum. Fjölnismenn, sem féllu eftir tap fyrir Haukum í síðustu umferð, mæta Gróttumönnum.

Hákon Daði Styrmisson hjá Haukum er þriðji á markalistanum með 133 mörk, sex mörkum meira en FH-ingarnir Einar Rafn Eiðsson og Óðinn Þór Ríkharðsson. – iþs


Opið bréf til ríkisstjórnar Íslands

Hingað og ekki lengra – ljósmæður vilja raunverulegt samtal!

Kæra ríkisstjórn.

Í meira en hálft ár höfum við reynt að semja um kaup og kjör við fulltrúa ykkar í samninganefnd ríkisins en án nokkurs árangurs. Engar raunverulegar samningaviðræður hafa farið fram. Samtalið hefur verið algjörlega einhliða og ekkert hefur verið hlustað á sjónarmið okkar eða röksemdir. Þessi framkoma misbýður okkur.

Laun ljósmæðra eru í engu samræmi við menntun okkar, ábyrgð og álag í starfi. Að auki hafa launin dregist verulega aftur úr almennri launaþróun síðastliðin ár. Þetta þarf að leiðrétta.

Við viljum eiga alvöru samtal við ríkisvaldið. Við viljum að á okkur sé hlustað og að okkur sé mætt með sanngirni og virðingu fyrir okkar vinnuframlagi.

Við treystum því að þið hlutist til um að samninganefnd ríkisins taki án tafar upp raunverulegar samningaviðræður við okkur. Þolinmæði okkar er á þrotum.

Ljósmæðrafélag Íslands (LMFÍ)

# TÍMAMÓT

## Merkisatburðir

**1734** Jarðskjálftar verða á Suðurlandi, með þeim afleiðingum að sjö eða átta menn farast og tíu bæir hrynja til grunna en um 60 bæir skemmdust, mest í Ölfusi, Flóa og Grímsnesi.

**1848** Um 10.000 mótmælendur ganga fylktu liði að Kristjánsborgarhöll og mótmæla stjórn Friðriks 7. Danakonungs.

**1857** Jarðskjálfti í Tókýó í Japan verður yfir 100.000 manns að bana.

**1871** Blaðamaðurinn Henry Morton Stanley leggur upp í leiðangur í leit að trúboðanum og landkönnuðinum David Livingstone.

**1874** Amtmannsstofan á Möðruvöllum í Hörgárdal brennur til grunna, en hún hafði komið í stað húss, sem þar brann tæpri hálfri öld áður (6. febrúar 1826).

**1881** Frost mælist 40°C á Akureyri og var það met þennan vetur, sem var mikill frostavetur. Metið er ekki viðurkennt.

**1968** Í Vestmannaeyjum mælist 90 cm djúpur snjór og þekkjast ekki önnur dæmi slíks þar.

**1970** Dana, írsk söngkona, vinnur 15. söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva, sem haldin var í Amsterdam, með laginu „All Kinds of Everything“.

**1973** Fólkvangur stofnaður í Bláfjöllum. Hann liggur bæði að Reykjanesfólkvangi og Heiðmörk.

**1974** Forseti sameinaðs Alþingis tekur við undirskriftum um 55.500 Íslendinga, sem mótmæla hugsanlegri uppsögn varnarsamnings við Bandaríkin. Undirskriftasöfnunin var kölluð „Varið land“.

**2010** Bæir í Fljótshlíð og undir Eyjafjöllum rýmdir vegna þess að eldgos var hafið í Fimmvörðuhálsi við Eyjafjallajökul.

---



Elsku mamma okkar,
tengdamamma, amma og langamma,

**Helga Svana Björnsdóttir**

Hrafnistu, Boðaþingi,
áður Fellsmúla 14,

lést á heimili sínu 11. mars sl. Útför hennar fer fram frá Breiðholtskirkju föstudaginn 23. mars kl. 13. Starfsfólki Spóalundar, Boðaþingi, þökkum við umhyggju og alúð á liðnum árum.

**Hólmfríður Ingvarsdóttir**
**Stefán Vagnsson — Guðveig S. Búadóttir**
**Hreinn Vagnsson — Guðrún Sverrisdóttir**
**Birgir Vagnsson — Kristín Kristinsdóttir**
**Gunnar Vagnsson — Elísabet Sigurbjörnsdóttir**
**börn og barnabörn.**

---



Ástkær eiginkona mín, móðir,
tengdamóðir, amma og langamma,

**Ingibjörg Kr. Ingadóttir**

Byggðarhorni,

er látin. Hún lést á gjörgæsludeild Landspítalans 8. mars sl. í faðmi fjölskyldunnar.

Útförin fer fram frá Selfosskirkju föstudaginn 23. mars kl. 14.00. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á að styrkja Einstök börn.

**Gísli Geirsson**
**Baldvin Ingi Gíslason — Jóhanna Þorvaldsdóttir**
**Bára Kristbjörg Gísladóttir — Ágúst Ármann Sæmundsson**
**Sigurjón Ingi Gíslason — Erna Sólveig Júlíusdóttir**
**Ingi Magnús Gíslason — Bergþóra Björk Guðmundsd.**
**Sigríður Ruth Gísladóttir — Kristján Magnússon**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

---



Minn kæri eiginmaður,
faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Guðjón Þorbjörnsson**

bifvélavirkjameistari,

kvaddi þann 16. mars.
Jarðsungið verður frá Garðakirkju föstudaginn 6. apríl kl. 15.

**Hulda Árnadóttir**
**Valdís Guðjónsdóttir Ossa — Günter Ossa**
**Þorbjörn Guðjónsson — Sóley Björg Færseth**
**afa- og langafabörn.**

---



Eiginkona mín,
móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Edda Emilsdóttir**

Kassörsgatan 10,
54334 Tibró, Svíþjóð,

lést á heimili sínu 12. mars 2018.

Útförin fer fram frá jarðarfararkapellunni í Tibró 6. apríl 2018 klukkan 14.00.

**Tómas Börkur Sigurðsson**
**Sigurður, Elín og Emil Daði**
**tengdabörn og barnabörn.**

---



Innilegar þakkir og hlýhugur til allra sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýju vegna andláts og útfarar ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Önnu Hjörleifsdóttur**

Sérstakar þakkir fær starfsfólk á Grund fyrir alveg sérstaklega faglega og kærleiksríka umönnun.

**Sigdís Sigmundsdóttir**
**Hjördís Sigmundsdóttir — Kristinn Waagfjörð**
**Benedikt Sigmundsson — Erna Þórunn Árnadóttir**
**Lárus Sigmundsson**
**Þóra Arnheiður Sigmundsd. — Jóhannes Oddsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir og amma,

**Kirstin Olsen Pálmason**

lést 14. mars. Útför hennar fer fram frá Neskirkju föstudaginn 23. mars kl. 11.00.

**Skarphéðinn Pálmason**
**Sigurður Skarphéðinsson — Else Fredsted Gade**
**Guðrún Skarphéðinsdóttir — Aleksandar Stojadinovic**
**María Skarphéðinsdóttir — Michael Gravlund Olsen**
**og barnabörn.**

---



Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Einar Reynir Finnbogason**

Laugarnesvegi 60,

lést á líknardeild Landspítalans 16. mars sl. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík nk. föstudag 23. mars kl. 13.00.

**Guðmundur Einarsson — Valgerður Margrét Briem**
**Kristín Einarsdóttir — Kristján Kristjánsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Guðný Sæmundsdóttir**

lést fimmtudaginn 15. mars. Útför hennar fer fram frá Garðakirkju í dag, miðvikudaginn 21. mars, klukkan 15.00.

**Margrét Teitsdóttir — Jón Ásgeir Eyjólfsson**
**Magnús Teitsson — Erla S. Ragnarsdóttir**
**Oddný Teitsdóttir — Ari Freyr Steinþórsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Bróðir okkar,

**Skúli Sveinsson**

frá Hvannstóði,

er lést 4. mars að heimili sínu, Borg, Borgarfirði eystra, verður jarðsunginn frá Bakkagerðiskirkju laugardaginn 24. mars kl. 14.00.

**Systkinin frá Hvannstóði.**

---



Ástkær eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir,
afi og langafi,

**Pálmi Viðar**

leigubílstjóri,
Hraunsvegi 13, Njarðvík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja þriðjudaginn 13. mars sl. Útför hans fer fram frá Ytri-Njarðvíkurkirkju mánudaginn 26. mars kl. 13.00.

**Katrín Björk Friðjónsdóttir**
**Friðjón Viðar Pálmason — Soffía Sveinsdóttir**
**Ásdís Björk Pálmadóttir — Páll H. Ketilsson**
**Jóhanna Björk Pálmadóttir — Sigurður G. Sigurðsson**
**Anna Jóna Pálmadóttir — Böðvar Hrólfsson**
**Þórey Dögg Pálmadóttir — Hjalti Sigurðsson**
**afabörn og langafabörn.**

---



Elskuleg móðir mín, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Sigríður Jónsdóttir**
**(Didda)**

Sjávargötu 28, áður til heimilis að Smáratúni 3, Selfossi,

lést í Skógarbæ 17. mars síðastliðinn.
Útförin fer fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Jenný Jóna Sveinsdóttir — Þorvaldur Pétur Böðvarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi,
langafi og langalangafi,

**Gunnar Hafsteinn Elíasson**

dvalarheimilinu Höfða, Akranesi,

lést 18. mars. Útförin fer fram frá Akraneskirkju fimmtudaginn 22. mars kl. 13.00.

**Sigríður V. Gunnarsdóttir — Reynir Gunnarsson**
**Sigþóra Gunnarsdóttir — Hallgrímur E. Árnason**
**Guðbjörg Gunnarsdóttir — Helge Karsten Kleppe**
**Guðrún Elsa Gunnarsdóttir**
**og fjölskyldur.**

---



Elskulegur eiginmaður minn, faðir
okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Ólafur E. Þórðarson**

Hæðargötu 3, Njarðvík,

lést þriðjudaginn 13. mars. Útförin fer fram frá Ytri-Njarðvíkurkirkju fimmtudaginn 22. mars klukkan 15.
Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hans er bent á að styrkja Reykjadal, sumarbúðir fyrir börn með fötlun, reikningur 0526-04-250210, kt. 630269-0249.

**Álfheiður Skarphéðinsdóttir**
**Þórður J. Ólafsson — Kimberly Ólafsson**
**Björn Árni Ólafsson — Kristbjörg Marta Jónsdóttir**
**Sævar Þórðarson — Christina Þórðarson**
**Ólöf Rún Þórðardóttir — Dan Leising**
**Marta Líf Bjarnardóttir**
**Eldey Gígja Bjarnardóttir**
**Skarphéðinn Ármann Bjarnarson**
**og barnabörn.**

---



Elskulegur eiginmaður minn, faðir,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Garðar Guðjónsson**

lést á hjúkrunarheimilinu Eir 14. mars síðastliðinn. Útförin fer fram 28. mars kl. 13.00 í Guðríðarkirkju.

**Kristín Jóhannesdóttir**
**Sævar Garðarsson — Jóna Fríða Gísladóttir**
**Rúnar Garðarsson — Þóra Einarsdóttir**
**Hrefna Garðarsdóttir**
**Úlfar Garðarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 21. mars 2018

11. tölublað | 12. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL









# Með alla þræði í hendi sér

Sérfræðingur í samkeppnisrétti segir verslanir verða að geta brugðist við breyttu umhverfi og nýrri samkeppni með hagræðingu og sameiningum. Forstjóri Samkeppniseftirlitsins segir ekki hlutverk eftirlitsins að „rétta hlut“ innlendra fyrirtækja. Talið er líklegt að kaupum á smásölumarkaði verði sett skilyrði sem takmarka atkvæðarétt lífeyrissjóða við val í stjórnir. »6-7



»2

## Skipta út Kviku og seinka skráningu

Kvika átti að leiða söluferli Heimavalla við skráningu á markað. Leigufélagið hefur sagt upp samningnum og ráðið Landsbankann í staðinn. Skráningu seinkar um mánuði.

»4

## Stjórnendur Klakka áttu næsthæsta tilboðið í hlut ríkisins

Tvö af þeim þremur félögum sem skiluðu inn tilboði í 18 prósenta hlut ríkisins í Klakka tengjast stjórnendum Klakka. Annað félagið vildi ekki að upplýst yrði um þátttöku þess í söluferlinu.

»10

## Hvað varð um fjórfrelsið?

„Innflæðishöftin hafa orðið að sjálfstæðu verkfæri í peningastefnu Seðlabankans, sem treystir sér ekki til að framkvæma peningastefnuna án stuðnings hafta,“ segir í aðsendri grein Agnars Tómasar Möllers, framkvæmdastjóra hjá GAMMA.




Cartier

Optical Studio kynnir nýja vorlínu frá Cartier.

Cartier á nú stórglæsilega innkomu á gleraugnamarkaðinn eftir nokkurt hlé.

Optical Studio

# Friðrik hættur hjá LIVE

Friðrik Nikulásson, forstöðumaður eignastýringar Lífeyrissjóðs verslunarmanna (LIVE), hefur hætt störfum hjá sjóðnum. Í samtali við Markaðinn staðfestir Friðrik að samkomulag hafi náðst um að hann myndi láta af störfum síðastliðinn föstudag. Friðrik hefur verið yfirmaður eignastýringar lífeyrissjóðsins frá árinu 2010. Lífeyrissjóður verslunarmanna er næststærsti lífeyrissjóður landsins. Samtals námu eignir sjóðsins 665 milljörðum króna í árslok 2017. Hrein raunávöxtun lífeyrissjóðsins í fyrra var 5,7 prósent og hækkuðu eignir sjóðsins um samtals 62 milljarða á árinu. **– hae**

MARKAÐURINN

**ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf.,** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5800

Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **512 5000** | Fax **512 5301**

Ritstjóri **Hörður Ægisson** **hordur@frettabladid.is**

Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir**

Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@frettabladid.is** Veffang frettabladid.is

**Aðalfundur Klappa Grænna Lausna hf.**

Aðalfundur Klappa Grænna Lausna hf. verður haldinn **í ráðstefnusalnum Kötlu 2, Hótel Sögu, fimmtudaginn 12. apríl 2018, og hefst hann kl. 16:00.**

**Á dagskrá fundarins verða eftirtalin mál:**
1. Venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt samþykktum félagsins.
2. Önnur mál sem eru löglega borin fram.

Á fundinum verður lögð fram tillaga stjórnar um breytingu á grein 2.01.5 samþykkta félagsins um endurnýjun á heimild til stjórnar um að auka hlutafé félagsins um allt að 15. m.kr. með útgáfu nýrra hluta í B-flokki hlutabréfa.

Dagskrá, endanlegar tillögur og ársreikningur félagsins, ásamt skýrslu endurskoðenda, munu verða hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins, Austurstræti 17, 5. hæð, tveimur vikum fyrir aðalfund.

Öll gögn verða lögð fram fyrir hluthafa á síðunni www.klappir.is/fjarfestar.

Aðgöngumiðar og atkvæðaseðlar verða afhentir á fundarstað frá kl. 15.45. Á hluthafafundum fylgir eitt atkvæði hverri einni krónu í A-flokki hlutabréfa. B-hlutabréf hafa ekki atkvæðarétt.

***Stjórn Klappa Grænna Lausna hf.***

Drangey

**María er sjötug og vill selja verslunina**



*María Maríusdóttir*

**Áhugasamir hafi samband við:**

*fasteignakaup@fasteignakaup.is*

Erna Valsdóttir, sími 892-4717

Drangey ehf. / kt. 500169 6219

Mikið úrval af gjafavöru fyrir dömur og herra

- Töskur
- Hanskar
- Seðlaveski
- Ferðatöskur
- Tölvutöskur
- Belti
- Skart og skartgripaskrín

Góðar vörur
Sanngjarnt verð
Persónuleg þjónusta

Stofnsett 1934 Drangey Smáralind s. 528 8800 www.drangey.is

# Skipta út Kviku banka og seinka skráningu

**Kvika átti að leiða söluferli Heimavalla við skráningu á markað. Leigufélagið hefur sagt upp samningnum og ráðið Landsbankann í staðinn. Nú er stefnt að skráningu í Kauphöll í byrjun maí.**




**Leigufélagið Heimavellir vinnur hörðum höndum að endurfjármögnun en vaxtaberandi langtímaskuldir þess námu 32 milljörðum í árslok 2017.**

Heimavellir hafa sagt upp samningi sínum við Kviku banka, sem átti að leiða söluferli á hlutum leigufélagsins við skráningu á hlutabréfamarkað, og ráðið Landsbankann í staðinn, samkvæmt heimildum Markaðarins. Þá mun boðaðri skráningu Heimavalla, sem er stærsta leigufélag landsins og var með tæplega 2.000 leiguíbúðir í rekstri í lok síðasta árs, seinka að lágmarki um einn mánuð til viðbótar.

Í samtali við Markaðinn segir Guðbrandur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Heimavalla, aðspurður að ástæðan fyrir því að fjárfestingabankanum var skipt út hafi verið „mismunandi sýn Heimavalla og Kviku á aðferðafræði við sölu á hlutum í félaginu í útboðinu.“ Þá staðfestir Guðbrandur að skráningu Heimavalla á aðalmarkað í Kauphöllina muni seinka frá því sem áður var að stefnt og nú sé gert ráð fyrir því að hún fari fram í byrjun maí á þessu ári. Leigufélagið hefur í hyggju að sækja sér nýtt hlutafé fyrir jafnvirði um 1.500 milljóna.

Nærri eitt ár er síðan Heimavellir sömdu við bæði Kviku og Íslandsbanka um að sjá um skráningu leigufélagsins í Kauphöllina. Hlutverk Íslandsbanka er að sjá um ritun skráningarlýsingar félagsins.

Heimavellir hafa vaxið mjög hratt á undanförnum misserum og árum, einkum með yfirtöku annarra leigufélaga og kaupum á eignum af Íbúðalánasjóði. Í árslok 2017 nam virði fjárfestingareigna Heimavalla 53,6 milljörðum. Leigutekjur félagsins voru tæplega 3,1 milljarður á árinu og meira en tvöfölduðust frá fyrra ári. Hagnaður leigufélagsins var um 2,7 milljarðar og jókst hann um 500 milljónir á milli ára. Matsbreyting fjárfestingareigna, sem nam rúmlega 3,8 milljörðum á árinu 2017, litaði hins vegar mjög afkomu félagsins.

> **Ástæðan var mismunandi sýn Heimavalla og Kviku á aðferðafræði við sölu á hlutum í félaginu í útboðinu.**
>
> Guðbrandur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Heimavalla



Rekstrarhagnaður Heimavalla fyrir matsbreytingu eigna var þannig 1.622 milljónir króna í fyrra á sama tíma og fjármagnskostnaður félagsins var nærri 1.960 milljónir. Félagið hefur að undanförnu unnið mjög að því reyna að endurfjármagna skuldirnar á hagstæðari lánakjörum. Samtals nema vaxtaberandi skuldir þess liðlega 32 milljörðum. Stjórnendur og ráðgjafar félagsins hafa í því skyni meðal annars kannað mjög áhuga erlendra fjárfestingasjóða á að koma að fjármögnun leigufélagsins en í byrjun ársins gerði Almenna leigufélagið fjögurra milljarða króna lánssamning við sjóð í stýringu bandaríska eignastýringarfélagsins Eaton Vance. Með þeim samningi lækkaði vaxtakostnaður Almenna leigufélagsins verulega, samkvæmt heimildum Markaðarins.

Á meðal þeirra sem unnu um skeið sem ráðgjafar við fjármögnun leigufélagsins er Jón Ingi Árnason. Hann hafði áður unnið að söluferli Heimavalla í tengslum við áformaða skráningu þegar hann starfaði í Kviku banka en hætti þar störfum í fyrra. Jón Ingi var síðan ráðinn í markaðsviðskipti Landsbankans í byrjun þessa árs.

Stærstu hluthafar Heimavalla eru meðal annars hjónin Finnur Reyr Stefánsson og Steinunn Jónsdóttir, Tómas Kristjánsson, hjónin Guðrún Lárusdóttir og Ágúst Sigurðsson, sem áttu útgerðarfyrirtækið Stálskip, tryggingafélögin Sjóvá og VÍS, Magnús Pálmi Örnólfsson, fjárfestir og fyrrverandi starfsmaður Glitnis, og eignarhaldsfélagið Brimgarðar sem er í eigu systkinanna Guðnýjar Eddu, Gunnars Þórs, Eggerts Árna og Halldórs Páls Gíslabarna en félög í þeirra eigu reka meðal annars matvælafyrirtækin Mata, Matfugl og Síld og fisk. Þá eiga einnig nokkrir lífeyrissjóðir hlut í leigufélaginu.

**hordur@frettabladid.is**

# Braut gegn siðareglum lögmanna

Úrskurðarnefnd lögmanna hefur komist að þeirri niðurstöðu að lögmaður eignarhaldsfélagsins Glitnis HoldCo hafi með bréfaskriftum sínum til fyrrverandi starfsmanns sjávarútvegsfyrirtækisins Brims vanrækt skyldur sínar samkvæmt siðareglum lögmanna. Var lögmanninum, Ólafi Eiríkssyni, einum eigenda lögmannsstofunnar Logos, veitt áminning fyrir brot sín.

Starfsmaðurinn fyrrverandi er vitni í dómsmáli sem Glitnir hefur höfðað á hendur Brimi. Málið á rætur að rekja til deilna á milli slitastjórnar Glitnis, síðar Glitnis HoldCo, og Brims vegna á fjórða tug afleiðusamninga sem gerðir voru haustið 2008, skömmu fyrir fall bankakerfisins. Í málinu gerir Glitnir kröfu um greiðslu á tæpum tveimur milljörðum króna ásamt dráttarvöxtum.

Í úrskurði nefndarinnar kemur fram að lögmaður Glitnis hafi sent starfsmanninum tölvupóst síðla árs 2016. Þar hafi verið fullyrt að starfsmaðurinn hafi verið í samskiptum við Glitni banka haustið 2008 og gert við bankann afleiðusamninga fyrir hönd Brims. Jafnframt er staðhæft í póstinum að því sé haldið fram af hálfu Brims í áðurnefndu dómsmáli að starfsmaðurinn hafi ekki haft umboð til að gera umrædda samninga og hafi hann því gert þá í óþökk félagsins. Í lok tölvupóstsins tekur lögmaðurinn fram að séu samningar gerðir fyrir hönd annars aðila án umboðs geti sá sem þá gerir orðið persónulega ábyrgur fyrir þeim.



**Ólafur Eiriksson, lögmaður Glitnis HoldCo.**

Úrskurðarnefndin taldi að orðalag lögmannsins í póstinum hafi ekki verið í samræmi við staðreyndir málsins og þannig verið til þess fallið að blekkja starfsmanninn fyrrverandi. Væri ekki hægt að útiloka að efni póstsins hafi verið til þess fallið að vekja ótta og jafnvel óhug hjá starfsmanninum, sérstaklega þegar hafðir væru í huga þeir miklu fjárhagslegu hagsmunir sem um var deilt og möguleg persónuleg ábyrgð kæranda.

Taldi nefndin því að hegðun lögmannsins hefði gengið gegn inntaki ákvæðis siðareglna lögmanna þar sem kveðið er á um að lögmaður skuli svo til allra mála leggja sem hann veit sannast eftir lögum og samvisku sinni. **– kij**




**Málið á rætur að rekja til deilna Glitnis og Brims um afleiðusamninga.** FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# 35%

íslenskra heimila bjuggu við þann munað að eiga flatskjá árið 2007. Nú heitir þetta einfaldlega sjónvarp.

Hlutirnir eru í stöðugri þróun og við hjá Gallup greinum samfélagsbreytingar á hverjum degi.

GALLUP

TIL AÐ VERA VISS

# Stjórnendurnir áttu næsthæsta tilboðið

**Tvö af þeim þremur félögum sem skiluðu inn tilboði í 18 prósenta hlut ríkisins í Klakka tengjast stjórnendum Klakka. Annað félagið vildi ekki að upplýst yrði um þátttöku þess í söluferlinu. Lindarhvoli ber að afhenda gögn um söluferlið samkvæmt nýjum úrskurði.**

Félag í eigu þriggja stjórnenda Klakka, eignarhaldsfélags sem heldur utan um 100 prósenta hlut í eignaleigufyrirtækinu Lykli, átti næsthæsta tilboðið í tæplega 18 prósenta hlut ríkisins í Klakka þegar hluturinn var boðinn til sölu haustið 2016.

Umrætt félag, Ásaflöt, vildi ekki að upplýst yrði um þátttöku þess í söluferlinu og bar því við að Lindarhvoll, félag sem hélt utan um stöðugleikaeignir sem voru framseldar ríkinu og sá um söluferlið, hafði heitið því trúnaði. Í úrskurði úrskurðarnefndar um upplýsingamál, sem kveðinn var upp í síðustu viku og Markaðurinn hefur undir höndum, er mótbárum félagsins vísað á bug og tekið fram að Lindarhvoli hafi ekki verið stætt á því að heita félaginu slíkum trúnaði.

Af þeim þremur félögum sem buðu í hlut ríkisins í Klakka tengdust þannig tvö félög stjórnendum eignarhaldsfélagsins, en Magnús Scheving Thorsteinsson, forstjóri Klakka, er eini stjórnarmaður BLM fjárfestinga, sem var hæstbjóðandi, og jafnframt einn af eigendum Ásaflatar sem átti næsthæsta tilboðið í hlut ríkisins.

Ásaflöt er að fullu í eigu DRC Corporate Services sem er aftur í jafnri eigu Magnúsar Schevings, Brynju Daggar Steinsen, rekstrarstjóra Klakka, og Jónasar Arnar Guðmundssonar, fjármálastjóra Klakka.

Sigurður Valtýsson, forsvarsmaður Frigusar II, sem átti þriðja hæsta tilboðið í hlut ríkisins, segir ekki stein hafa staðið yfir steini í umræddu söluferli.

„Þarna var verið að selja eigur ríkisins til sérvalinna aðila. Ekki var reynt að hámarka söluverðið og því er þetta mál álitshnekkir fyrir stjórn Lindarhvols," segir hann.

Gagnrýnt hefur verið að tilboðsgjafar hafi ekki setið við sama borð í aðdraganda sölunnar. Þannig hafi tveir tilboðsgjafar haft aðgang að fjárhagsupplýsingum um stöðu Klakka, svo sem hálfsársuppgjöri félagsins fyrir árið 2016, en ekki Frigus.

BLM fjárfestingar, dótturfélag vogunarsjóðsins Burlington Loan Management, átti hæsta tilboðið í 17,7 prósenta hlut ríkisins í Klakka en það hljóðaði upp á 505 milljónir króna. Ásaflöt bauð 502 milljónir í hlutinn en þriðja tilboðið, sem hljóðaði upp á 501 milljón króna, barst frá félaginu Frigus II í eigu bræðranna Ágústs og Lýðs Guðmundssona og Sigurðar.




Stærsti eigandi Klakka, sem á Lykil, er vogunarsjóðurinn Davidson Kempner með um 75 prósent. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Forsvarsmenn Frigusar óskuðu eftir því við Lindarhvol að félagið fengi aðgang að fyrirliggjandi gögnum um söluferlið en þeirri beiðni var hafnað. Málið kom til kasta úrskurðarnefndar um upplýsingamál sem féllst í síðustu viku á nær allar beiðnir Frigusar. Á meðal gagna sem Lindarhvoli ber nú að afhenda Frigusi eru fundargerðir stjórnar Lindarhvols, samskipti hæstaréttarlögmannsins Steinars Þórs Guðgeirssonar, þáverandi stjórnarmanns Klakka sem tók auk þess við tilboðum í eignarhlutinn fyrir hönd ríkisins, og stjórnar Lindarhvols, samskipti Lindarhvols og tilboðsgjafanna þriggja og afrit af þeim þremur tilboðum sem bárust.

Sigurður segir að ekkert gagnsæi hafi verið í söluferlinu. „Ítrekaðar tilraunir stjórnarinnar til að halda frá okkur sjálfsögðum upplýsingum gefa sterkar vísbendingar um að þarna séu ákvarðanir sem ekki þoli dagsljósið. Við bíðum nú eftir að fá afhent gögnin sem stjórn Lindarhvols hefur verið skylduð til að afhenda og í framhaldinu munum við kanna rétt okkar meðal annars með tilliti til skaðabótamáls."



**Ekki var reynt að hámarka söluverðið og því er þetta mál álitshnekkir fyrir stjórn Lindarhvols.**

Sigurður Valtýsson, forsvarsmaður Frigusar

Úrskurðarnefndin leitaði eftir afstöðu BLM fjárfestinga og Ásaflatar til beiðni Frigusar en bæði félögin lögðust gegn því að félaginu yrði veittur aðgangur að tilboðum þeirra. Lagðist Ásaflöt auk þess gegn því að upplýst yrði um þátttöku félagsins í söluferlinu. Bar félagið það fyrir sig að umbeðin gögn féllu undir þagnarskyldu og væru undanþegin upplýsingarétti. Auk þess var vísað til þess að Lindarhvoll hefði heitið trúnaði við söluferlið sem tæki meðal annars til þess að ekki yrðu veittar upplýsingar um aðra þátttakendur í ferlinu en það félag sem gengið var til samninga við.

Úrskurðarnefndin féllst ekki á þessar málsástæður. Í úrskurðinum er meðal annars bent á að Lindarhvoll sé bundið af ákvæðum upplýsingalaga og frá þeim verði ekki vikið með sérstökum trúnaðaryfirlýsingum.

Stærsti eigandi Klakka er vogunarsjóðurinn Davidson Kempner, í gegnum írska skúffufyrirtækið Burlington Management, en samanlagt á sjóðurinn um 75 prósenta hlut í félaginu. Vogunarsjóðurinn, sem var einn stærsti kröfuhafi föllnu bankanna, bætti verulega við eignarhlut sinn í félaginu árið 2016 þegar hann keypti samanlagt rúmlega 60 prósenta hlut af Arion banka, Lindarhvoli og Glitni HoldCo.

hordur@frettabladid.is
kristinningi@frettabladid.is










# STÆRSTUR!

Ford Edge er sterkur, stæðilegur og gríðarlega rúmgóður jeppi.
Stærstur í sínum flokki og með 20 cm veghæð. Einstaklega rúmgóður, gott pláss fyrir alla fjölskylduna og einnig fyrir heilmikið af farangri.
Hann er meðal annars búinn SYNC raddstýrðu samskiptakerfi með neyðarhringingu í 112, 8“ snertiskjá, Applink og Apple CarPlay, regnskynjara í framrúðu, hraðastilli, 230V tengli o.m.fl.
Þú nýtur þess að ferðast hvert á land sem er í Edge.

FORD EDGE AWD SJÁLFSKIPTUR FRÁ:

**6.990.000** KR.

## FORD EDGE

- 210 hestafla vél
- 2000 kg dráttargeta
- 19“ Titanium álfelgur
- Veltivörn
- Veglínuskynjari
- Umferðaskiltalesari
- Bakkmyndavél
- Rafdrifin niðurfelling aftursæta
- Nálægðarskynjarar að framan og aftan
- Upphitanleg framrúða
- Lyklalaust aðgengi
- Rafdrifin opnun afturhlera með skynjara
- Tölvustýrð miðstöð með loftkælingu
- Leðurklætt upphitanlegt stýrishjól
- Leiðsögukerfi með Íslandskorti

***Ford er frábær!***
***Komdu, reynsluaktu og upplifðu Ford Edge***

ford.is

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

# Eiga ekki að „rétta hlut“ fyrirtækja hér

**Forstjóri Samkeppniseftirlitsins segir eftirlitið ekki hafa hagsmuni af því að verja fyrri niðurstöður sínar. Eftirlitið verði að meta atvik í hverju og einu máli. Sérfræðingur í samkeppnisrétti segir að það verði að vera mögulegt fyrir fyrirtæki að bregðast við breytingum og nýrri samkeppni á hérlendum smásölumarkaði.**



Kristinn Ingi Jónsson
kristinningi@frettabladid.is




Samkeppniseftirlitið hefur tvo samruna á smásölumarkaði til umfjöllunar. Annars vegar kaup Haga á Olís og hins vegar kaup N1 á Festi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins, segir að það örli á misskilningi þegar látið er að því liggja að hægt sé að „rétta hlut“ innlendrar atvinnustarfsemi í samkeppni við netverslun og alþjóðleg fyrirtæki með því að breyta nálgun eftirlitsins. „Það er hlutverk Samkeppniseftirlitsins að leiða fram raunverulega stöðu á markaði og bregðast við í samræmi við það. Sú staða getur breyst frá einum tíma til annars og metum við hana í hverju tilfelli fyrir sig,“ segir hann í samtali við Markaðinn.

Samkeppniseftirlitið hafi enga hagsmuni af því að verja fyrri niðurstöður sínar. Þvert á móti sé það fagnaðarefni þegar breytingar verði í átt til þess að markaðir opnast. „Það er til hagsbóta fyrir neytendur og samfélagið.“

Heimir Örn Herbertsson, sérfræðingur í samkeppnisrétti við lagadeild Háskólans í Reykjavík, segir að samkeppnisyfirvöld verði að fylgjast vel með þeirri öru þróun sem er að eiga sér stað á innlendum smásölumarkaði og taka tillit til breyttra aðstæðna, ef svo á við, í úrlausnum sínum. Það verði að vera mögulegt fyrir fyrirtæki að bregðast við breytingum og nýrri samkeppni, meðal annars með sameiningum við önnur fyrirtæki.

Samkeppniseftirlitið rannsakar nú tvo stóra samruna á smásölumarkaði, annars vegar kaup Haga á Olís og hins vegar kaup N1 á Festi, sem rekur meðal annars verslanir undir merkjum Krónunnar og ELKO.

Talið er líklegt að eftirlitið muni setja umræddum samrunum ströng skilyrði sem felast meðal annars í því að takmarka atkvæðarétt lífeyrissjóða, sem eru stærstu eigendur félaganna, við val á stjórnarmönnum í félögin. Einnig er sá möguleiki fyrir hendi, að sögn viðmælenda Markaðarins sem þekkja vel til stöðu mála, að sjóðunum verði gert að minnka eignarhlut sinn í félögunum innan tilskilins tíma.

Með kaupum Haga á Olís kemst þriðja olíufélagið í eigu félags sem er að meirihluta í eigu lífeyrissjóða.

Aðspurður segir Páll Gunnar Samkeppniseftirlitið hafa ítrekað vakið athygli á þeirri áhættu sem fylgir því að eignarhald á fyrirtækjum sé einsleitt og að sömu aðilarnir eigi veigamikla hluti í fleiri en einum keppinaut á sama markaði. „Þetta er staða sem blasir mjög víða við í íslensku fyrirtækjaumhverfi. Þess vegna er eðlilegt að samkeppnisyfirvöld horfi til slíkra eignatengsla og taki þau til skoðunar í samrunamálum.

Við höfum í tilkynningu á vef eftirlitsins upplýst um að þetta er eitt af þeim atriðum sem eru til skoðunar í samrunamálum sem eru nú til rannsóknar. Til hvers sú rannsókn leiðir get ég ekkert sagt til um á þessu stigi.“

### Bregðast við breyttu umhverfi

Gjörbreytt samkeppnisumhverfi á hérlendum smásölumarkaði, meðal annars vegna stóraukinnar netverslunar, breyttrar kauphegðunar nýrrar aldamótakynslóðar og innreiðar alþjóðlegra stórfyrirtækja á borð við Costco og H&M hingað til lands, hefur gert það að verkum að íslenskum verslunarfyrirtækjum er sá einn kostur nauðugur að finna leiðir til þess að stækka og hagræða í rekstri til þess að bregðast við breyttum aðstæðum.

Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu, sagði í samtali við Markaðinn í síðustu viku að samkeppnisyfirvöld yrðu að fylgjast afar vel með þeirri hröðu þróun sem er að eiga sér stað á hérlendum smásölumarkaði og taka tillit til sístækkandi hlutdeildar netverslunar og innkomu nýrra fyrirtækja.

Það væri „gríðarleg áskorun“ fyrir samkeppnisyfirvöld að halda vöku sinni.

Hagar og N1 eru á meðal þeirra félaga sem hafa reynt að bregðast við breyttu samkeppnisumhverfi með áformum um að færa út kvíarnar. Samkeppniseftirlitið ógilti síðasta sumar kaup Haga á Lyfju og fjallar nú, eins og áður sagði, um fyrirhuguð kaup Haga á Olís og N1 á Festi. Forsvarsmenn Skeljungs höfu auk þess í maí í fyrra viðræður um kaup á öllu hlutafé Baskó, sem rekur meðal annars verslanir 10-11, en viðræðunum var slitið síðar um sumarið. Skeljungur festi síðan kaup á þriðjungshlut í netversluninni Wedo, sem rekur Hópkaup, Heimkaup og Bland, í desember í fyrra.

Í samrunamálum N1 og Festar annars vegar og Haga og Olís hins vegar var það frumniðurstaða Samkeppniseftirlitsins að samrunarnir röskuðu samkeppni á þeim mörkuðum sem fyrirtækin starfa á og yrðu ekki samþykktir án skilyrða.

> **Við verðum að meta stöðuna út frá raunveruleikanum eins og hann blasir við í okkar rannsóknum.**
>
> Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins



Eftirlitið hefur við rannsókn málanna einkum litið til fjögurra þátta: stöðu félaganna á dagvöru- og eldsneytismörkuðum, meðal annars með tilliti til áhrifa af innkomu Costco á umrædda markaði, áhrifa samrunanna á staðsetningar dagvöruverslana og eldsneytisstöðva til framtíðar, áhrifa á birgðahald og dreifingu á eldsneytismarkaði og loks eignatengsla á dagvörumarkaði og eldsneytismarkaði. Í því sambandi hefur eftirlitið mestar áhyggjur af víðtæku eignarhaldi lífeyrissjóða á fyrirtækjunum.

Stjórnendur Haga afturkölluðu samrunatilkynningu sína í byrjun mánaðarins og hyggjast senda Samkeppniseftirlitinu nýja tilkynningu „á breyttum grundvelli“, eins og það var orðað í tilkynningu félagsins til Kauphallarinnar. Í kjölfarið mun eftirlitið taka nýju tilkynninguna til skoðunar og leggja mat á tillögur Haga að skilyrðum.

Stjórnendur N1 gerðu fyrr í mánuðinum ýmsar athugasemdir við það frummat eftirlitsins að kaupin á Festi veiktu samkeppni á mörkuðum fyrirtækjanna. Samhliða óskuðu þeir eftir því að ganga til sáttaviðræðna við eftirlitið og lögðu auk þess fram hugmyndir að skilyrðum. Í síðustu viku tilkynnti Samkeppniseftirlitið hins vegar olíufélaginu að stofnunin teldi ástæðu til þess að rannsaka málið frekar að teknu tilliti til framkominna athugasemda. Munu því engar sáttaviðræður fara fram að sinni.

### Segir matið atviksbundið

Gagnrýnt hefur verið að íslensk samkeppnisyfirvöld viðurkenni ekki netverslun, hvort sem er innlenda eða erlenda, sem hluta af markaði hefðbundinnar verslunar og líti auk þess ekki í nógu miklum mæli til efnahagslegs styrks alþjóðlegra fyrirtækja sem starfa hér á landi.

Páll Gunnar segir að skilgreining markaða sé ekki stjórntæki sem eftirlitið geti beitt. „Markaðir skilgreina sig í raun sjálfir en það er hlutverk eftirlitsins að draga fram hver raunveruleikinn er. Til dæmis er ekki til eitt rétt svar við þeirri spurningu hvort netverslun og hefðbundin verslun tilheyri sama markaði. Staðreyndin er sú að samkeppnisyfirvöld hér og erlendis verða að meta það í hverju tilviki fyrir sig út frá þeirri verslun sem í hlut á í hvert sinn og þeim aðstæðum sem viðskiptavinir búa við í hverju tilviki.

Það sama á við þegar leitað er svara við því að hvaða marki samkeppnisyfirvöld eigi að líta til efnahagslegs styrks alþjóðlegra fyrirtækja sem starfa hér á landi, til dæmis innkomu Costco, stöðu Fríhafnarinnar og svo framvegis.

Við verðum að meta stöðuna út frá raunveruleikanum eins og hann blasir við í okkar rannsóknum. Það er kjarnaatriðið,“ segir hann.

Forsvarsmenn Haga og N1 hafa ítrekað talað um nauðsyn þess að samrunarnir gangi eftir. Mikið sé í húfi. Fyrirtækin verði að eiga kost á því að mæta aukinni samkeppni og breyttu samkeppnisumhverfi með því að stækka rekstrareiningar og auka stærðarhagkvæmni.

Þannig kemur fram í samruna-



# Fólk
## Heimili

MIÐVIKUDAGUR 21. MARS 2018



**Fyrir tilviljun ákvað Helga Valdís Árnadóttir að teikna eina mynd úr lífi sínu á hverjum degi út þennan mánuð. Hún kallar myndirnar krot dagsins.** →6

*Sjávarréttapanna*
*2 fyrir 1*
Vinsælasti rétturinn okkar!
Þrjár tegundir af ferskasta fiski dagsins ásamt humri, rækjum og bláskel. Sjávarréttasúpa og salatbar innifalið.
*4.900 fyrir tvo*
Klipptu út auglýsinguna og hafðu með þér.
Gildir til 31. maí 2018

SJÁVARBARINN
SEAFOOD RESTAURANT
Grandagarði 9 - Sími 517 3131 - sjavarbarinn.is



Lífskúnstnerinn Bjargey Ingólfsdóttir með dóttur sinni, Hrafnhildi Elsu, sem er ellefu ára og smekkvís eins og mamman. MYND/ERNIR

# Lætur drauma rætast

Bjargey Ingólfsdóttir er mörgum innblástur þegar kemur að fallegu heimilishaldi og innihaldsríku fjölskyldulífi. Hún er komin í páskaskap og tekst á við nýtt og spennandi verkefni þegar sumri hallar. →2



Blóm eru dálæti Bjargeyjar þegar punta skal heimilið.



Páskaborð Bjargeyjar er rómantískt og boðar bjart vorið með hvítum túlipönum og nellikum. MYNDIR/ERNIR

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is



Það langbesta við páskana er að þá er hægt að kveðja veturinn formlega og bjóða vorið velkomið,“ segir sumarbarnið Bjargey sem orðin er leið á löngum vetrinum.

Fram undan er stór stund hjá fjölskyldu Bjargeyjar því frumburðurinn Bryndís Inga fermist á pálmasunnudag.

„Undirbúningur fyrir fermingarveisluna hefur sannarlega verið skemmtilegur en það verður kærkomið að fara í páskafrí á eftir. Ég hlakka því mjög til páskanna í ár því þá ætlum við fjölskyldan að njóta þess að vera í fríi og hafa það notalegt saman.“

Heimili Bjargeyjar og fjölskyldu er komið í fagran páskabúning.

„Fyrir mér eru páskarnir tilvalinn tími til að lífga upp á heimilið og færa sumarið tímanlega heim í stofu. Ég nota yfirleitt lítið af hefðbundu páskaskrauti en tíni í staðinn greinar úr garðinum og skreyti híbýlin með blómum,“ segir Bjargey sem þykir jafn gaman að skreyta fyrir páskana og jólin.

„Það má segja að ég upplifi ákveðna hugarró við það að skreyta heimilið, hvort sem það er fyrir ákveðin tilefni eða bara til að gera fallegt heima í hvunndagslífinu. Ég er alltaf eitthvað að dunda mér og skreyta hérna heima við og er dugleg að finna mér ný verkefni. Þannig fékk ég þá hugmynd að mála eldhúsið blátt um daginn og tveimur dögum síðar var ég búin með verkið.“

> Fyrir mér eru páskarnir tilvalinn tími til að lífga upp á heimilið og færa sumarið tímanlega heim í stofu.

### Taumlaust súkkulaðiát

Bjargey segist ekki mjög veisluglöð yfir páskahátíðarnar.

„Yfirleitt höldum við eitt matarboð um páska og þá skreyti ég borðið. Á páskadag ætla ég að hafa íslenskt lambalæri og tilheyrandi meðlæti.“

Á páskadagsmorgunn hefur fjölskyldan fyrir hefð að leita páskaeggja í garðinum heima eða uppi í sumarbústað.

„Krökkunum þykir það mjög skemmtilegt. Við föndrum líka páskaegg með því að mála á hænuegg, skreytum egg úr pappa eða frauðplasti og felum síðan víðsvegar um garðinn. Þá upphefst mikil keppni hjá krökkunum að finna sem flest egg og allir skemmta sér vel,“ segir Bjargey full tilhlökkunar.

„Frá páskum æskunnar minnist ég þess að hafa verið með mikla magaverki eftir taumlaust súkkulaðiát, en það tilheyrir auðvitað,“ segir hún hlæjandi.

### Besta útgáfan af sjálfri þér

Spennandi tímar bíða Bjargeyjar á komandi sumri og hausti.

„Mesta tilhlökkunarefnið er ferming elstu dóttur minnar, en í maí fer ég í jógaferð til Tossa de Mar og hlakka mikið til. Í haust hef ég svo tekið að mér skemmtilegt verkefni hjá Gaman Ferðum og verð fararstjóri í lúxus spa-ferð fyrir konur til Litháen. Þar mun ég leiða hópinn og verða með námskeiðið Besta útgáfan af sjálfri þér. Það er uppbyggjandi og skemmtilegt sjálfsstyrkingarnámskeið fyrir allar konur sem vilja auka hamingjuna í lífi sínu og láta drauma sína rætast.“







Fuglar, blóm, trjágreinar og páskaegg setja svip sinn á heimili Bjargeyjar í aðdraganda páskanna.

Hægt er að fylgjast með Bjargeyju á Snapchat undir bjargeyogco.

**atemqui dit aut maximolorunt qui doluptibusa iligeniet utem volor atem expere suntemp orehenimodio et acimporia sequate**

HÚSAVIÐGERÐIR.IS
MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR
ALHLIÐA MÚRVERK
ÞAKVIÐGERÐIR
GLUGGASKIPTI
HAFÐU SAMBAND
INFO@HUSAVIDGERDIR.IS
SÍMI 565-7070
Finndu okkur á Facebook

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

**Útgefandi:** 365 miðlar | **Ábyrgðarmaður:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson | **Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 512 5457 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 | **Máté Dalmay,** mate@frettabladid.is, s. 512 5442 ,


QUICK·STEP®
VR
FYRIRMYNDAR
FYRIRTÆKI
2017
Marazzi
Flísaframleiðandinn Marazzi er einn
af stærstu flísaframleiðendum í heimi
og leiða þeir tæknilega þróun á
Ítalska flísamarkaðnum.
Vandaðu valið,
veldu Marazzi flísar.
STÆRÐIR 20mm.
50X100 RETT.
60X60 RETT.
75X150 RETT.
60X120 RETT.
30X120 RETT.
90X190 RETT.
75X75 RETT.
60X60 RETT.
30X60 RETT.
37,5X75 RETT.
15X15
21X18,2
7X28
VANDAÐU VALIÐ
Krókhálsi 4
110 Reykjavík
Sími 567 1010
www.parket.is
Opnunartímar: mán - fös kl. 9–18
og lau kl. 11–15
HARÐVIÐARVAL

# Heillaðist af wok-matreiðslu

Ebba Sig, leikkona og uppistandari, eldar helst allt á wok-pönnu og finnst það skila bæði þægilegri eldamennsku og bragðgóðum mat. Hún eldar þó ekki á laugardagskvöldið þar sem hún verður með uppistand á Kaffi Laugalæk.

Brynhildur Björnsdóttir
brynhildur@frettabladid.is



Ég er svolítið mikið í wok-pönnunni," segir Ebba Sig, leikkona og uppistandari, aðspurð hvar hún dvelji helst í eldhúsinu. „Þegar ég er í tímaþröng er svo fint að henda alls konar í hana, kjúklingi og grænmeti og sulla sojasósu yfir og þá er ég komin með asískan mat sem virkar." Wok-panna er því hið mesta þarfaþing fyrir Ebbu og hefur verið í förum hennar lengi. „Pannan sem ég nota núna er reyndar bara eins árs en ég átti aðra sem fór með mér um allt, flutti meira að segja til London þegar ég var í leiklistarnámi í Rose Bruford skólanum. Þar gekk hún sér til húðar svo ég skildi hana eftir þegar ég flutti heim en var ekki lengi að koma mér upp nýrri." Hún segist hafa kynnst wok-eldamennsku á barnsaldri. „Frænka mín bauð mér einhvern tíma í mat þegar ég var svona ellefu ára og þá var hún búin að búa til svona núðlurétt. Ég er svolítið sjúk í allt asískt þannig að ég fékk mömmu til að kaupa svona pönnu fljótlega eftir það." Hún segist dugleg að leita uppi uppskriftir á netinu sem passa í wok. „Ég er svolítið í því að gera tilraunir í eldhúsinu sem heppnast ekki alltaf vel en ég reyni. Ég reyndi til dæmis að búa til eggjaköku í wokinu um daginn en ég mæli ekki með því. Kannski er einhver sem getur gert eggjaköku í wok en það er ekki ég."

Ebba hefur líka gaman af því að bjóða fólki í mat. „Þá geri ég tilraunirnar á því af því að ég veit að ef illa fer get ég alltaf gengið að mínum góða núðlurétti sem er svo lítið mál að búa til, engin sérstök uppskrift og aldrei eins í tvö skipti en alltaf góður. Ég set bara vorlauk, eitthvert grænmeti eins og gulrætur og brokkolí og kjúkling í wok-pönnuna og krydda með öllu sem til er í skápnum. Svo sýð ég núðlurnar með súputeningi, læt þetta svo allt bara malla í pönnunni og set helling af sojasósu yfir. Getur ekki klikkað."



Ebba Sig, leikkona og uppistandari, með wok-pönnuna góðu sem hún eldar á flesta daga. MYND/STEFÁN

Ebba býr með mömmu sinni sem er alsæl með wok-eldamennskuna. „Við erum með góða verkaskiptingu í eldhúsinu, ég elda og hún þvær upp. Henni finnst leiðinlegt að elda og mér finnst ekkert sérstaklega skemmtilegt að vaska upp svo þetta er mjög góður samningur."

Á laugardaginn verður ekki eldað í wok því þá er Ebba með uppistand á Kaffi Laugalæk. „Ég heyrði af þessu kaffihúsi í október þegar ég var að leita að stað fyrir einleikinn minn og ákvað að prófa að vera þar." Einleikurinn, Guðmóðirin, gekk fyrir fullu kaffihúsi í nóvember og desember. Þar fer Ebba í hlutverk persónu hverrar einkalíf er í „tómu bulli" eins og hún segir sjálf en verkið er byggt á persónulegri reynslu hennar sjálfrar og hún segir meðal annars frá kynferðisofbeldi og flókinni reynslu af kynlífi og því að setja mörk. „Guðmóðirin er ádeila á samfélagið," segir Ebba. „Við frumsýndum beint í kjölfar #metoo en verkið var líka fyndið, og kannski ekki síst vegna þess að það eru svo margar konur sem könnuðust við það sem ég var að lýsa. Það er bæði mikilvægt og gott að tala opinskátt um kynlíf og að vera kona." Hún segir uppistandið vera á svipuðum nótum og hlakkar til að koma aftur í Kaffi Laugalæk. „Það hefur myndast gott samband milli mín og eigandans og mér líður rosa vel í þessum hverfisfíling sem þar er. Það hefur verið góð aðsókn bæði á uppistandið og einleikinn svo þetta er mjög góður staður til að koma fram." Aðspurð segist hún ekki tala um wok-eldamennsku í uppistandinu. „Ég ætti samt kannski að gera það, það er hægt að draga ýmsar líkingar við lífið út frá eldamennsku á wok-pönnu."

Uppistandið hefst klukkan níu á Kaffi Laugalæk og enginn aðgangseyrir.






Þessi græni drykkur á morgnana á að koma í veg fyrir uppþemdan maga.

## Góður drykkur fyrir magann

Það er hægt að koma í veg fyrir uppblásinn maga og vanlíðan eftir máltíðir með því að breyta mataræðinu, sérstaklega á morgnana. Alls kyns grænir drykkir á morgnana láta maganum líða betur yfir daginn. Samt er það þannig að margir nenna ekki að standa í slíku á morgnana. Suma drykki er auðvelt að gera kvöldið áður og taka þá með sér í vinnu að morgni. Það er ekkert því til fyrirstöðu að skipta um ávexti, nota til dæmis setja bláber í staðinn fyrir kíví. Aðalmálið er að finna út hvað fer best í maga.

Hér er smoothie sem er fullur af trefjum og er því súpergóður fyrir þarmana.

Uppskriftin miðast við eitt glas.

**2 kíví**
**1 límóna**
**½ banani**
**1 lófi spínat**
**2 msk. haframjöl**
**1 dl laktósafrí hrein jógúrt**
**½ dl nýpressaður appelsínusafi**

Takið hýðið af kíví ávextinum. Setjið allt í matvinnsluvél ásamt safa úr límónunni.

# Fyrirtækjaþjónusta

**Kynningar:** Skrifstofuvörur, Hekla, dk hugbúnaður, Vodafone, Vegferð, Ölgerðin, Bauhaus, Corivo, Þekking, Valitor.

MIÐVIKUDAGUR 21. MARS 2018



Jón Sigurðsson og Páll Kr. Svansson, eigendur Skrifstofuvara, við afgreiðsluborðið í versluninni í Skútuvogi 11. MYND/ VALGARÐUR GÍSLASON

# Skrifstofuvörur bjóða átta þúsund vörutegundir

Skrifstofuvörur hafa nú opnað vefverslunina skrifstofuvorur.is þar sem fæst fjölbreytt úrval af skóla- og skrifstofuvörum á afar góðu verði. Verslunin getur boðið viðskiptavinum sínum hagstæðari verð með því að panta beint frá birgjum og sleppa þannig við ýmsan aukakostnað. →2



Skrifstofuvörur eru með öll helstu vörumerkin og allt sem þarf í fyrirtæki og skóla.




Í fyrstu var aðaláhersla Skrifstofuvéla á prenthylki og tóner en í dag hleypur vöruúrvalið á þúsundum tegunda og vörumerkja.

Skrifstofuvörur hafa verið starfandi síðan 2005 og frá 2009 hefur áherslan verið á alhliða skrifstofuvörur eins og prentara, prenthylki, blöð, penna og fleira í þeim dúr,“ segir Jón Sigurðsson framkvæmdastjóri. „Í nóvember á síðasta ári samdi fyrirtækið svo við Ríkiskaup um kaup á skrifstofuvörum. Ég var búinn að eiga lénið skrifstofuvorur.is frá 2014 og datt í hug að láta slag standa, opna vefverslun, breikka vöruframboðið og efla kynninguna á fyrirtækinu.“

Vöruúrvalið hjá Skrifstofuvörum er mjög fjölbreytt. „Við erum með fjölbreytt úrval af skóla- og skrifstofuvörum, mörg vörumerki og mikið vöruval. Við erum ekki með ákveðin umboð heldur kaupum við af birgjum, innlendum og erlendum.“ Skrifstofuvörur eru með merki eins og Pentel, Bic, Art-line, Canon og HP, Múlalundar möppur og svo framvegis. „Við leggjum metnað í að bjóða allt á einum stað,“ segir Jón og bætir við: „Og svo erum við að bæta við okkur alls konar tölvutengdum hlutum eins og lyklaborðum, símtækjum, hátölurum, heyrnartólum og bætum við okkur vörum vikulega. Við erum með beina tengingu í vöruhús erlendra og innlendra birgja og vitum hvað er til þar, það tekur sjaldnast meira en 48-72 klukkustundir frá því varan er pöntuð og þar til hún er komin til viðskiptavinarins.“ Í vefversluninni eru átta þúsund vörutegundir í boði. „Af því að við erum ekki með vörurnar á lager heldur pöntum beint frá birgjum getum við boðið betra verð,“ segir Jón. „Við sendum allt ókeypis upp að dyrum ef keypt er fyrir 5.000 krónur eða meira. Ef pósturinn fer þangað förum við líka.“

Mörg stór fyrirtæki og ríkisstofnanir taka eingöngu við rafrænum reikningum, til að spara pappír. „Vefverslunin okkar er það sjálfvirk að hún afgreiðir sjálf rafræna reikninga,“ segir Jón. „Þegar við sendum pöntunina af stað fer reikningurinn beint inn í kerfið og þess vegna getum við líka boðið betra verð af því að við erum ekki að færa reikninga milli kerfa. Þá er sölusagan alltaf tiltæk svo það er alltaf hægt að panta aftur það sem hefur einu sinni verið pantað. Svo það er mjög auðvelt að endurtaka pöntun, þú ýtir bara á einn takka og þarft ekki að muna nákvæmlega vörunúmerin og svo framvegis. Við notum alþjóðlegt vöruflokkakerfi sem heitir UNSPSC en vöruflokkurinn kemur m.a. fram á rafrænum reikningunum.“

Meðal nýjunga sem Skrifstofuvörur eru að taka inn þessa dagana er Luxafor ljósvitinn. „Hver hefur ekki upplifað að vera truflaður af vinnufélögunum í miðri einbeitingu?“ spyr Jón glettnislega og bætir við að með ljósvitanum heyri það vandamál sögunni til. „Ljósvitann er hægt að tengja í usb-tengi í tölvunni, þú halar síðan niður litlu ókeypis forriti og þá geturðu stillt ljósvitann á að sýna ljós í ýmsum litum sem segja hvort má trufla þig eða ekki. Og það er hægt að samstilla þetta við símann svo ljósið blikkar t.d. þegar þú færð sms. Mannauðsdeild hvers fyrirtækis ákveður hvernig á að túlka ljósin svo það er best að innleiða kerfið hjá öllum starfsmönnum í einu svo að allir viti hvað ljósin þýða og hvernig þau nýtast og virði þau hjá öðrum,“ segir Jón og bendir á að hver ljósviti kosti svona álíka og ein tölvumús. „Við erum bara nýbyrjaðir að kynna þetta hérlendis en höfum fengið mjög góðar undirtektir og mikinn áhuga.“

Jón segir að oft sé um að ræða allt að 40% verðmun hjá Skrifstofuvörum og samkeppnisaðilum. „Það er meðal annars vegna þess að við erum ekki hluti af hinu íslenska afsláttarmódeli þar sem söluaðilar eru með mjög háa álagningu og gefa svo stóra afslætti öðru hvoru. Við erum með stöðugt lágt verð, mikil gæði, flest þekktustu vörumerkin, góða vöru og góða þjónustu,“ segir Jón að lokum. Vöruúrvalið má svo sjá á skrifstofuvorur.is.




Aðalvöruúrvalið er í netversluninni en það má samt finna margt bitastætt í verslun Skrifstofuvara í Skútuvogi 11.

> **Við sendum allt ókeypis upp að dyrum ef keypt er fyrir 5.000 krónur eða meira. Ef pósturinn fer þangað förum við líka.**
>
> Jón Sigurðsson

Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Elmar Hallgríms Hallgrímsson | Sölumaður auglýsinga: Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | Veffang: frettabladid.is




Símon Orri Sævarsson, viðskiptastjóri fyrirtækja. MYND/ANTON BRINK

# Leiðandi í sölu vistvænna bifreiða

Hekla er þjónustufyrirtæki sem sérhæfir sig í sölu og þjónustu á bílum með það að leiðarljósi að veita úrvals þjónustu og ráðgjöf. Hekla er umboðsaðili fyrir Volkswagen, Audi, Skoda og Mitsubishi á Íslandi sem eru framleiðendur þekktir um allan heim fyrir gæði og áreiðanleika.

Fyrirtækjasala Heklu býr að fjölbreyttri starfsemi og áratuga reynslu í þjónustu og sölu bifreiða. Fyrirtækjasalan sérhæfir sig í heildarlausnum í bílamálum fyrirtækja af öllum toga. Í boði er fjölbreytt úrval bifreiða, allt frá litlum vistvænum smábílum sem eru tilvaldir í ýmiss konar erindi, upp í stóra sendibíla og lúxusbíla. Hekla býður breitt úrval vörumerkja svo auðvelt er að mæta þörfum fyrirtækja sem vilja traustar og áreiðanlegar bifreiðar.

„Við bjóðum fyrirtækjum upp á persónulega ráðgjöf um kaup eða leigu á bifreiðum og hvaða fjármögnunarleiðir henti best hverju og einu fyrirtæki“, segir Símon Orri Sævarsson, viðskiptastjóri fyrirtækja.

### Áhersla á umhverfið

Síðustu ár hefur Hekla lagt gríðarlega áherslu á umhverfið og býður upp á mesta úrval vistvænna bifreiða á íslenskum markaði, stórum og smáum. „Við bjóðum umhverfisvænar bifreiðar fyrir atvinnurekstur, hvort sem það eru litlir snattarar, stórir jeppar eða sendibifreiðar. Við fylgjum viðskiptavinum okkar inn í vistvænan heim og bjóðum upp á ráðgjöf til að undirbúa fyrirtæki undir vistvæna framtíð,“ segir Símon Orri og bætir við að Hekla sé með yfirgnæfandi meirihluta vistvænna bíla á íslenskum bílamarkaði og á næstu árum mun Hekla margfalda vöruframboðið frá okkar framleiðendum og þá sérstaklega rafmagnsbílum.

„Við hjálpum fyrirtækjum að skipuleggja endurnýjun á bifreiðaflota þeirra þar sem gömlum eyðslumeiri bílum er skipt út fyrir sparneytnar og vistvænar bifreiðar sem falla vel að þörfum hvers og eins fyrirtækis. Það þarf að huga að ýmsu við kaup á vistvænum bílum og í rafmagnshugleiðingum þarf að skoða hvar hlaða eigi bílinn eða bílana, hvaða hleðslumöguleikar séu í boði, hver kostnaður á bak við uppsetningu á hleðslustöðvum er og fleira þess háttar. Fyrirtækjasala Heklu veitir ráðgjöf miðaða að hverju og einu fyrirtæki, þar sem þessum spurningum er svarað og gerð eru drög að skipulagi hleðslustæða.“

> **Við bjóðum fyrirtækjum upp á persónulega ráðgjöf um kaup eða leigu á bifreiðum og hvaða fjármögnunarleiðir henti best hverju og einu fyrirtæki.**
>
> Símon Orri Sævarsson

### Minni vistvænar bifreiðir

Mörg fyrirtæki notast við minni bifreiðar til að koma starfsfólki sínu á milli staða. Oftar en ekki ferðast starfsfólk stuttar vegalengdir nokkrum sinnum á dag og henta vistvænar bifreiðar einkar vel í slíka notkun. Hekla býður upp á hreina rafbíla sem keyra eingöngu á rafmagni og eru með allt að 300 km drægni en þar má nefna Volkswagen Golf og Up!. Metanknúnir bílar hafa verið að koma mjög sterkir inn síðustu misseri en það er meðal annars vegna fjölgunar á metanstöðvum sem nú eru fjórar á höfuðborgarsvæðinu og ein á Akureyri. Metanbílarnir okkar eru búnir metantanki sem og bensíntanki sem gerir drægni bílanna ótrúlega. Metanknúnir bílar innan Heklu eru Volkswagen Golf og Caddy, Audi A3, Skoda Octavia og fleiri eru á leiðinni. Að auki býður Hekla upp á fjölda tengiltvinnbíla sem keyra á rafmagni og bensíni eða dísil í öllum stærðarflokkum. Mitsubishi Outlander PHEV, Volkswagen Golf GTE og Passat GTE, Audi A3 e-tron og Q7 e-tron eiga það allir sameiginlegt að nota íslenska endurnýjanlega orku sem aflgjafa í þrjátíu til fimmtíu kílómetra.

„Við teljum að langbesta leiðin til að finna út hvað hentar þínu fyrirtæki sé einfaldlega að prófa og býður Hekla áhugasömum fyrirtækjum að fá vistvænan bíl til reynsluaksturs,“ segir Símon Orri.



Hjá dk hugbúnaði starfa 59 manns, þar af 16 í þróunardeildinni, 9 í hýsingardeildinni og 28 í almennri þjónustu. dk er á 15. hæð í glæsilegu húsnæði við Smáratorg 3 (Deloitte-turninn) og í Hafnarstræti 53 á Akureyri. MYND/ANTON BRINK

# Áreiðanlegur þjónustuaðili í tæp 20 ár

**Bókhaldskerfið frá dk hugbúnaði er mjög sveigjanlegt og býður upp á sérlausnir fyrir ótal gerðir reksturs. Kerfið er áreiðanlegt og fjölbreytt, þúsundir fyrirtækja nýta það og viðskiptavinum fjölgar hratt.**

Fyrirtækið dk hugbúnaður er leiðandi á sviði viðskiptahugbúnaðar hér á landi fyrir allar stærðir og gerðir fyrirtækja. Fyrirtækið verður 20 ára í nóvember og starfsemin hefur farið ört vaxandi undanfarin ár. Í dag vinna 59 starfsmenn hjá fyrirtækinu. „Rúmlega 6.000 fyrirtæki nýta sér viðskiptahugbúnað dk og þeim fjölgar um 500 á hverju ári,“ segir Dagbjartur Pálsson, en hann er framkvæmdastjóri dk hugbúnaðar ásamt bróður sínum, Magnúsi Pálssyni.

## Margar sérlausnir

„Kerfið okkar er mjög sveigjanlegt, en takmarkaðir notkunarmöguleikar eru veikleiki margra bókhaldskerfa á íslenska markaðnum og oft er ekki hægt að laga hugbúnaðinn að sérþörfum fyrirtækja,“ segir Dagbjartur. „Við höfum þróað fjölda sérlausna fyrir bæði íslenskan og erlendan markað. Við erum með framtalskerfi fyrir aðila sem eru í framtalsgerð, lausnir fyrir almenn þjónustufyrirtæki eins og bókhaldsstofur, endurskoðunarstofur, lögfræðistofur og verkfræðistofur. Lausnir fyrir verslanir og veitingahús, þar sem við bjóðum margar greiðslulausnir. Hótelbókunarkerfi, veitingahúsakerfi og verslunarkerfi fyrir hótel og gististaði. Við erum líka með töluvert mikið af sérlausnum fyrir stéttarfélög, en þau eru nánast öll með dk hugbúnað. Síðan erum við með sérlausnir fyrir bændur og alla aðila í búrekstri sem heitir dkBúbót. Hún gerir bændum kleift að vera með margvíslegan rekstur, ferðaþjónustu og alls konar aukabúskap eins og sölu veiðileyfa, gröfurekstur, skólaakstur og leigu á vélum og tækjum, í viðbót við hefðbundinn búskap. Svo höfum við líka sérlausnir fyrir útgerðir varðandi aflauppgjör og sjómannalaun.“



Sérfræðingur í afgreiðslukerfalausnum nýtir bókhaldskerfið. MYND/ANTONBRINK

## Öflug tól fyrir stjórnendur

„Einn helsti kostur dk viðskiptahugbúnaðarins er öflug innbyggð greiningartól og stjórnendaverkfæri,“ segir Dagbjartur. „Greiningarvinnslurnar í dk byggja á rauntímagögnum og sýna því stöðuna eins og hún er hverju sinni. Með stjórnendaverkfærum er mjög auðvelt að fylgjast með „stóru myndinni“ og bora sig niður eftir upplýsingum eftir því sem þörf er á.

dk býður upp á mismunandi sýn á gögnin sem svipar til svokallaðra OLAP-teninga. Þannig er hægt að skoða gögnin út frá mismunandi hliðum og skilgreina eigin sýn á þau,“ segir Dagbjartur. „Í sölukerfinu er hægt að skoða sömu sölugögn út frá tímabilum, viðskiptavinum, flokkum viðskiptavina, svæðum, vörum, vöruflokkum, sölumönnum eða deildum. Kosturinn við að hafa þetta innbyggt er að það er ekki þörf á neinum hliðarkerfum fyrir þessa sýn og ekki þarf að passa upp á neinar tengingar milli kerfa.

Þessi stjórnendaverkfæri keyra á snjallsímum, spjaldtölvum (iPad) og gegnum vefinn, þannig að það er hægt að nálgast upplýsingar og skrá upplýsingar á mjög fjölbreytilegum tækjum,“ segir Dagbjartur.

## Stærsta hýsingarþjónusta landsins

„Við erum með stóra og mikla hýsingardeild og rekum skýjaþjónustu fyrir stór og smá fyrirtæki. Við bjóðum fyrirtækjum að hafa öll kerfin sín hýst hjá okkur,“ segir Dagbjartur. „Það eru margar lausnir í boði þar og þetta sparar fyrirtækjum mikið í tækjabúnaði til að hýsa gögn. Alls nýta um 4.000 fyrirtæki þessa þjónustu og við erum í raun langstærstir í fjölda fyrirtækja í þessari þjónustu.

Skýjaþjónustan og bókhaldskerfið vinna saman og nánast öll fyrirtæki sem eru í hýsingu hjá okkur hafa líka aðgang að hugbúnaðinum okkar þar,“ segir Dagbjartur. „Þau geta átt hann sjálf og geymt hann hjá okkur eða leigt aðgang að honum í áskrift. Þá borga þau aukalega fyrir aðganginn.“

## Afmælisútgáfa væntanleg

„Það er ýmislegt að breytast í bókhaldskerfinu,“ segir Dagbjartur. „Stefnan er að koma með veglega afmælisútgáfu seinnipartinn á árinu. Þá kynnum við betur þessar nýjungar í kringum snjalltækin og veflausnir. Það verður líka nýtt andlit á hugbúnaðinum. Viðmótið breytist örlítið og einhverjar vinnslur færast í nýrri búning, en margar vinnslur hafa verið að færast í nýrri búning hjá okkur nýlega og við ætlum að klára það endanlega í þessari afmælisútgáfu.“

Nánari upplýsingar má finna á dk.is.



dk býður upp á lausnir sem má nálgast samstundis í snjallsímanum, á vefnum og spjaldtölvum. Hér er dk afgreiðsluapp, dk stjórnendaapp, dk reikningaapp, dk pantanaapp og dk veitingahúsapp sem hefur notið mikilla vinsælda hjá veitingahúsum síðan það kom út. MYND/DK HUGBÚNAÐUR

# Nýjungar í fjarskiptatækni hjá Vodafone

**Vodafone hefur nýtt svokallað hlutanet til að bjóða upp á einstakt eftirlit með vörusendingum milli landa og á næstunni verður gagnaflutningum innanlands gerbreytt með nýtingu léttbands.**

Það eru miklar breytingar fram undan hjá Vodafone, sem er byrjað að nýta tvær nýjar gerðir af fjarskiptatækni, svokallað hlutanet og léttband. Þessar nýjungar bjóða upp á marga nýja notkunarmöguleika, en nú þegar býður Vodafone upp á hlutanetsþjónustu í samstarfi við Icelandair Cargo og Controlant, sem snareykur öryggi vörusendinga í inn- og útflutningi. Léttbandið mun svo gerbreyta fjarskiptasendingum á næstunni með minni kostnaði og auknum krafti.

„Hlutanet er kallað IoT á ensku, en það stendur fyrir „internet of things“,“ segir Ingi Björn Ágústsson, IoT-sérfræðingur Vodafone. „Það er lokað net sem tækin tala saman á og fer fram hjá almennu interneti. Við höfum unnið að IoT-verkefni núna í rúmlega ár og höfum unnið með fyrirtækjum að alls konar lausnum, útvegað þeim tengingar eða heildarlausnir og hjálpað þeim í vöruþróun.“

### Meira öryggi, minni áhyggjur

„Við höfum til dæmis tengt aðila saman, eins og Icelandair Cargo og Controlant,“ segir Ingi. „Við útbjuggum nýja lausn fyrir Icelandair Cargo svo þeir geti boðið sínum viðskiptavinum upp á að fylgja sendingum eftir frá A til Ö og fylgjast með hitastigi, staðsetningu, breytingum á þrýstingi eða hvort eitthvað hafi komið fyrir sendinguna. Þannig að sá sem sendir vöru þarf aldrei að hafa áhyggjur, hann veit nákvæmlega hvar hún er og getur séð hvort hún komist fullkomlega til skila.

Áður var ekki hægt að vita hvar og hvenær eitthvað fór úrskeiðis í vöruflutningum, en nú er hægt að fylgjast með öllum atriðum sem skipta máli og grípa inn í mun fyrr og þannig mætti koma í veg fyrir stórtjón,“ segir Ingi.

Þessi þjónusta breytir miklu fyrir þá sem stunda inn- og útflutning og sendarnir geta verið virkir í allt upp í 5-6 mánuði, þannig að vegalengdir skipta ekki máli,“ segir Ingi. „Það eru heldur engin aukagjöld tengd vegalengdum, þannig að þú borgar sama verð hvort sem þú ert að senda vöruna til London eða Nígeríu.“



Ingi segir að hlutanet og léttband bjóði upp á mikla möguleika. MYND/VILHELM

### Stjórnborð til að fylgjast með

Hlutanet hefur mikla kosti og verður notað til að tengja alls kyns tæki og vélar í framtíðinni,“ segir Ingi. „Við sjáum fyrir okkur að í ár verði vöxturinn í hlutaneti hvað mestur.

Fyrir hlutanetið notum við sjálfvirk stjórnborð sem geta haldið utan um öll tæki, áskriftir og þjónustu á einum stað og nýtt sjálfvirknina við að stýra þeim,“ segir Ingi. „Það hjálpar viðskiptavinum okkar að reka tengingarnar og þetta eykur öryggi, yfirsýn, stjórn, sjálfvirkni og lækkar kostnað með skilvirkari rekstri. Við bjóðum viðskiptavinum okkar upp á að sjá um stjórnborðin sjálfir eða að fá okkur til að sjá um þau.“

### Léttband á leiðinni

„Í ár byrjum við líka að nýta svokallað léttband, eða „Narrowband IoT“, en það nýtir núverandi fjarskiptasenda og gerir okkur kleift að fara með gagnasamband á staði þar sem það var erfitt áður og lengja líftíma rafhlaðna tækjanna sem nýta léttbandið. Um leið lækkar einingaverð á fjarskiptabúnaði,“ segir Ingi.

„Við teljum að 99% tengdra hluta verði tengdir með léttbandi og fólk fer að verða vart við þessa tækni mjög fljótlega.“



# Allir eiga skilið góðan yfirmann

FranklinCovey er alþjóðlegt þekkingarfyrirtæki sem hefur nú gjörbylt nálgun sinni að þjónustu við fyrirtæki – í takt við nýjar þarfir. Með áskriftarfyrirkomulagi er hægt að nálgast allt þjálfunarefni fyrirtækisins fyrir brot af fyrri fjárfestingu og fyrirhöfn.




Kristinn Tryggvi Gunnarsson, viðskiptastjóri áskriftarþjónustu þekkingarfyrirtækisins FranklinCovey á Íslandi. MYND/ANTON BRINK

Fjórða iðnbyltingin kallar á nýja hugsun þegar kemur að því að byggja markvisst upp árangursríka fyrirtækjamenningu. Það er ekki lengur nóg að kalla alla saman og ákveða þrjú gildi sem fara síðan upp á vegg og á heimasíðuna. Það er góð byrjun en til að ná auknum árangri með breyttri hegðun þarf meira til. Það þarf að skipta út verkfærunum í tækjakistu stjórnandans og þá þarf nálgunin að vera sveigjanleg, áhrifarík og hagkvæm,“ segir Kristinn Tryggvi Gunnarsson, viðskiptastjóri áskriftarþjónustu þekkingarfyrirtækisins FranklinCovey á Íslandi.

Allir starfsmenn með stjórnunarábyrgð þurfa grundvallarleiðtogaþjálfun en á hverjum tíma er staðan oftast þannig að stjórnendur eru mislangt á veg komnir og áskoranir hvers og eins geta verið mjög mismunandi. Kristinn Tryggvi segir þess vegna mikilvægt að aðstoða þá við að ná betri árangri á þeirra forsendum og mæta þeim þar sem þeir eru staddir hverju sinni. Áskrift að þrautreyndu verðlaunaefni FranklinCovey gefur tækifæri til að þjálfa innri þjálfara til að kenna efnið, nota netlausnir (E-Learning) til að koma efninu til skila, fá örsvör við áskorunum hvers dags um snilldar þekkingargáttina Jhana.com eða nýta ráðgjafa FranklinCovey á sérstökum kjörum.

„Það á ekki að nálgast kostnað við þjálfun stjórnenda og starfsmanna á öðrum forsendum en aðrar viðskiptalegar ákvarðanir t.d. fjárfestingu í framleiðslutækjum,“ segir Kristinn Tryggvi. „Til að ná tilskildum árangri þarf þjálfun að vera markviss og beinast að því að bæta reksturinn, auka arðbæra sölu, bæta þjónustu og tryggð viðskiptavina, auka helgun starfsmanna og ná fram stefnumarkandi breytingum eða öðrum mikilvægum áherslum. Nálgun að þjálfun þarf að snúast um að ná ákveðnum viðskiptalegum árangri. Þess vegna held ég því fram að mótun og stjórnun fyrirtækjamenningar sé í raun grjóthart fyrirbæri í þeim skilningi að hún á að skila sér fjárhagslegum ávinningi.“

Áskriftarþjónusta FranklinCovey (All Access Pass) veitir fullkominn sveigjanleika fyrir þá sem vilja hafa langvarandi áhrif á frammistöðu síns vinnustaðar. Þessi endurnýjanlega áskrift veitir óheftan aðgang að efni, matstækjum, myndböndum, verkfærum og stafrænum lausnum FranklinCovey á sviði leiðtogaþjálfunar, framleiðni, verkefnastjórnunar, sölustjórnunar, þjónustustjórnunar, trausts og innleiðingar stefnu (4DX).

Nánari upplýsingar á www.

# Bestu vinnufélagar í heimi

Vinnan er stór áfangastaður í lífi hvers manns. Vinnufélagarnir samferðafólk sem fylgir okkur í blíðu og stríðu. Því er gott að hafa vinsemd, virðingu og gleði að leiðarljósi í daglegri samfylgd. Hér gefast ráð til að hitta í mark hjá samstarfsfólkinu og skapa einstakan vinnuanda.

**Þórdís Lilja Gunnarsdóttir**
thordisg@frettabladid.is









- Takið daginn snemma og bakið fyrir vinnufélagana. Ekkert er eins ljúft og lokkandi og ilmur af nýbökuðu bakkelsi, og launin eru einlæg hamingjubros og sælir magar.
- Kaupið happaþrennur eða lottómiða á línuna. Það gæti breytt lífi einhvers vinnufélagans til hins betra og eykur spennu og tilhlökkun meðal samstarfsfólksins. Það er líka hægt að setja happaþrennur í skál og deila vinningnum ef sá stóri kemur upp úr krafsinu. Skrapið einn á dag til að viðhalda daglegri spennu.
- Pantið nuddara í vinnuna. Flestir sitja of lengi við og margir þjást af vöðvabólgu. Því er einstaklega hugulsamt og græðandi að finna heitar kunnáttuhendur nudda axlir og háls.
- Skrifið meðmælabréf fyrir vinnufélagana og afhendið vinnuveitandanum til að benda á hversu góða mannkosti og hæfileika viðkomandi hefur.
- Leitið ráða hjá vinnufélögunum. Með því finna þeir til sín og upplifa sig verðmæta og mikils virði.
- Veitið vinnufélögum svolítil verðlaun ef þeir standa sig vel. Það veldur kátínu, hamingju og gleði.
- Segið eitthvað uppörvandi og fallegt við samstarfsfólkið. Eins og: Það er svo gott að hafa þig sem vinnufélaga og vinna með þér; Þér tekst alltaf svo vel upp og gerir það vel, eða: Þú ert alltaf svo bjartsýnn og glaðsinna, jafnvel þegar illa gengur.
- Bjóðist til að taka að ykkur verkefni hjá þeim sem hafa mikið að gera eða leiðist ákveðið verkefni. Það gefur þeim andrými til að vinna að öðrum verkefnum eða komast aðeins fyrr heim úr vinnunni.
- Sæla er að gefa en þiggja og birtir yfir deginum að fá óvæntan glaðning í vinnunni. Það þarf ekki að kosta mikið. Það getur verið gjafakort í bíó, myndarammi eða blóm á skrifborðið eða jafnvel stressbolti til að kreista á álagsstundum.
- Heilsið glaðlega að morgni í stað þess að ráfa inn þegjandi og byrja strax að vinna. Hafið brosið að vopni og heilsið öllum sem þið mætið í vinnu að morgni. Það mýkir andrúmsloftið og skapar vinalegan móral.
- Páskahátíðin er fram undan. Því ekki að gleðja vinnufélagana með páskaeggi og óvæntum málshætti? Það er ávísun á ánægju, væntumþykju og góðan hug.



# Langþráður draumur rættist með Kaffiskólanum

Ölgerðin fagnar opnun Kaffiskólans í höfuðstöðvum fyrirtækisins. Þar verður boðið upp á alls kyns fræðslu og námskeið fyrir viðskiptavini ásamt fjölbreyttum viðburðum.

Ölgerðin hefur selt kaffi til fjölda ára og í dag er það stór hluti af daglegum rekstri fyrirtækisins. Það hafði lengi verið draumur starfsmanna Ölgerðarinnar að opna rými sem tengir kaffi meira inn í Ölgerðina og þann 15. febrúar síðastliðinn rættist sá draumur þegar Ölgerðin opnaði formlega Kaffiskóla í höfuðstöðvum sínum að Grjóthálsi.

„Við fáum oft viðskiptavini í heimsókn til okkar og þá hefur vantað að geta sýnt allt sem við höfum upp á að bjóða í kaffi,“ segir Valdís María Einarsdóttir, vörumerkjastjóri í kaffi á fyrirtækjamarkaði. „Einnig hafa birgjar okkar síðustu ár verið með ákveðna pressu og þá aðallega JDE-professional, sem aðstoðaði okkur mjög mikið við að koma þessu verkefni í framkvæmd. Án stuðnings þeirra og illy hefði þessi smíði ekki verið möguleiki. Við fengum svo Irma studio til að sjá um hönnun á rýminu.“



Þær Margrét, Vala og Valdís eru spenntar að taka á móti gestum í Kaffiskóla Ölgerðarinnar. MYND/ANTONBRINK

## Verður nýtt á fjölbreyttan hátt

„Ölgerðin kemur til með að taka á móti gestum í skólann,“ segir Valdís. „Bæði til að sýna vélaúrval, þjálfa viðskiptavini sína í að gera kaffi og fræða þá um hreinlæti og viðhald á vélum, því fyrir utan gæðahráefni er hreinlæti það mikilvægasta sem þú þarft til að gera gott kaffi. Einnig verða haldin mörg skemmtileg námskeið, eins og t.d. námskeið í mjólkurtækni, fagsmökkun, fræðsla og smakk á kaffiúrvali Ölgerðarinnar; illy, Piazza Doro, Café Noir og Gevalia.

Bæði fyrirtæki og einstaklingar geta sótt um að fá að koma á námskeið á slóðinni „vefverslun.olgerdin.is/kaffiskolinn“. Fólk fær þá tíma með kaffibarþjóni og getur komið og æft sig í að gera cappuccino, espresso, Latté Art og fleira,“ segir Valdís. „Svo munum við einnig nýta rýmið til að halda námskeið fyrir starfsmenn innanhúss og fundi þar sem starfsmenn geta nýtt sér aðstöðuna.

Í síðustu viku vorum við með vel heppnaða mjólkurlistarkeppni, sem kallast Froðuglíma,“ segir Valdís. „Hún var haldin 15. mars og í ár tóku 32 keppendur þátt og bæði kaffibarþjónar og áhugafólk um kaffi kom saman til að keppa og fylgjast með.“

## Gestir í góðum höndum

Þær Margrét Ósk Vilbergsdóttir og Vala Stefánsdóttir taka á móti gestum Kaffiskólans. „Margrét er kaffisérfræðingur okkar innan Ölgerðarinnar. Hún heimsækir viðskiptavini og kynnir nýjungar, stillir kvarnir til að viðhalda gæðum og margt fleira. Vala er sölufulltrúi í hótel- og veitingadeild en hún kemur til með að sjá að mestu leyti um skólann, þar sem hún er vel reyndur og þekktur kaffibarþjónn,“ segir Valdís. „Vala hefur tekið þátt í keppnum hér heima og erlendis, bæði sem keppandi og dómari og er ekki bara vel reyndur kaffibarþjónn, heldur hefur hún líka náð góðum árangri í kokteilakeppnum og vann nýlega Tia Maria og Disaronno keppnina 2017.“

> **Bæði fyrirtæki og einstaklingar geta sótt um að fá að koma á námskeið á slóðinni „vefverslun.olgerdin.is/kaffiskolinn.is.“**
>
> Valdís María Einarsdóttir





„Síðustu misserin hefur BAUHAUS opnað dyr sínar fyrir stórkaupendum og með því móti gefið þeim tækifæri til að njóta þess öfluga kaupmáttar sem í fyrirtækinu býr,“ segir Einar Ingason, deildarstjóri fyrirtækjaþjónustu BAUHAUS. MYND/VILHELM

# BAUHAUS í sókn

„BAUHAUS er komið til þess að vera á Íslandi og blæs nú til sóknar. Opnuð hefur verið ný og glæsileg söluskrifstofa þar sem fyrirtækjasviðið hefur aðsetur,“ segir Einar Ingason, deildarstjóri fyrirtækjaþjónustu.



„Styrkleiki BAUHAUS liggur í miklu vöruúrvali. Við erum með ríflega 120.000 vörunúmer á skrá hjá okkur og allt undir einu þaki. Hugsun okkar er sú að viðskiptavinir BAUHAUS geti komið á einn stað og keypt allt fyrir framkvæmdirnar,“ segir Einar. MYND/VILHELM

BAUHAUS er ein stærsta verslunarkeðjan á sviði byggingariðnaðar í Evrópu. Fyrirtækið á rætur sínar að rekja til Þýskalands og stendur þar á sterkum grunni en BAUHAUS starfrækir um 300 verslanir í 21 Evrópulandi. „BAUHAUS hefur fyrir löngu fest sig í sessi með geysimiklu vöruúrvali, gæðavöru, faglegri ráðgjöf og góðri þjónustu. Síðustu misserin hefur BAUHAUS opnað dyr sínar fyrir stórkaupendum og með því móti gefið þeim tækifæri til að njóta þess gríðarlega öfluga kaupmáttar sem í fyrirtækinu býr,“ segir Einar Ingason, deildarstjóri fyrirtækjaþjónustu BAUHAUS.

### Frábær kjör og breitt úrval

Einar segir að í krafti öflugra innkaupa geti BAUHAUS veitt viðskiptavinum sínum frábær kjör á mjög breiðu úrvali af vörum og efni. „Styrkleiki BAUHAUS liggur einmitt í miklu vöruúrvali. Við erum með ríflega 120.000 vörunúmer á skrá hjá okkur og allt undir einu þaki. Hugsun okkar er sú að viðskiptavinir BAUHAUS geti komið á einn stað og keypt allt fyrir framkvæmdirnar. Eins og flestir þekkja þá er verslunin sú stærsta á landinu og ávallt full af vörum, enda eru þessir 22 þúsund fermetrar vel nýttir. Eitt af markmiðum BAUHAUS er einmitt að bjóða upp á mesta vöruúrvalið á markaðnum,“ segir hann.

### Fyrir fyrirtæki af öllum stærðum og gerðum

Spurður hvers konar fyrirtæki komi í fyrirtækjaþjónustu BAUHAUS segir Einar að þau komi úr flestum geirum atvinnulífsins og séu af öllum stærðum og gerðum. „Viðskiptavinir okkar eru eins fjölbreyttir og þeir eru margir. Við erum með stórverktaka og byggingafélög í viðskiptum. Stórverktakar og byggingafélög hafa nýtt sér sérlausnir BAUHAUS í miklum mæli, sem og þau gæðavörumerki sem þekkt eru á markaðnum og njóta verðskuldaðs trausts. Smiðir og verktakar kaupa mikið af gluggum og timbri af okkur. Við leggjum sérlega mikið upp úr gæðum á timbrinu hjá okkur sem er geymt í hita- og rakastýrðu umhverfi. Hótel og aðilar í gistiþjónustu hafa nýtt sér þær frábæru lausnir sem við höfum upp á að bjóða fyrir baðherbergi, sem og í gólfefnum,“ greinir Einar frá.

Hann segir að hjá BAUHAUS sé gott úrval af útihúsgögnum sem hafi reynst veitingageiranum vel. „Framleiðslufyrirtæki og heildsölur eru í miklum viðskiptum við okkur og nýta þau m.a. það góða úrval sem við höfum upp á að bjóða í geymslulausnum en þær þykja einstaklega góðar. Að auki erum við með flott úrval af vélum og verkfærum frá þekktum merkjum eins og Bosch og DeWalt, svo eitthvað sé nefnt.“

### Öflug pöntunarþjónusta fyrir landsbyggðina

Þá er pöntunarþjónusta BAUHAUS mjög öflug og sinnir landsbyggðinni vel. „Við sendum hvert á land sem er,“ segir Einar. „Við þjónustum öll fyrirtæki, stór sem smá. Einnig gerum við tilboð í tilbúna efnispakka eins og sumarhús, klæðningar og hellur, svo eitthvað sé nefnt. Einfaldast er að senda okkur línu á soludeild@bauhaus.is og við svörum með tilboði.“

Hvaða helstu kosti hefur fyrirtækjaþjónustan fyrir viðskiptavininn? „Við hjá BAUHAUS teljum að kostir þess að vera skráður með viðskiptareikning sé t.a.m. það hagstæða verð sem við getum boðið upp á. Margir muna eftir þeirri gríðarlegu verðlækkun á byggingavörum sem varð þegar BAUHAUS kom á markaðinn. Nú eiga skráðir viðskiptamenn kost á því að fá kaup sín á sérkjörum til viðbótar. Fyrirtæki geta einnig óskað eftir reikningsviðskiptum og fengið eins mörg viðskiptakort og þau þurfa. Viðskiptavinir fyrirtækjasviðsins eru einnig ánægðir með að geta haft beint samband við sinn sölufulltrúa og fá þannig bestu þjónustu sem völ er á,“ upplýsir Einar.

Þegar hann er inntur eftir því hvernig best sé að snúa sér til að nýta sér fyrirtækjaþjónustu BAUHAUS mælir Einar eindregið með að koma á nýju söluskrifstofurnar og kynna sér hvað er í boði. „Við erum reiðubúin að kynna starfsemi okkar enn frekar. Einnig er hægt að senda tölvupóst eða einfaldlega slá á þráðinn til okkar. Hverju hefur þú að tapa?“ spyr hann að lokum.

Nánari upplýsingar, www.bauhaus.is. Netfang: soludeild@bauhaus.is. Sími 515 0869.

bauhaus.is

# BAUHAUS®

## Við opnum nýja og stór glæsilega fyrirtækjaþjónustu hjá okkur í dag
## Heitt á könnunni og kaka í boði fyrir viðskiptavini

### Gifsplötur
Fást í mörgum stærðum t.d. 13 x 1250 x 2550 mm verð á stk.

OPNUNARTILBOÐ
**995.-**
~~1.390.-~~



### Rockwool þéttiull

OPNUNARTILBOÐ
**2.395.-**
~~2.995.-~~

Verð á pakka.



### Gráar steinhellur
30 x 30 cm. Verð 2.167 á m²

OPNUNARTILBOÐ
**195.-**
~~295.-~~



### Gráar steinhellur
40 x 40 cm **395.-**
Verð 2.469 á m². ~~595.-~~



Hjá okkur starfar fagfólk sem veitir góða og persónulega þjónustu



Auðvelt að hringja og panta vörur sem eru klárar þeger ykkur hentar hvort sem er sótt eða sent



Komdu í viðskipti strax í dag fáðu sérkjör fyrir stór-framkvæmdirnar.



VIð erum með yfir 120.000 vörunúmer og allt fyrir stærri byggingarverkefni, handlagna og iðnaðarmenn

Afslátturinn gildir frá miðvikudeginum 21. mars til og með sunnudeginum 22. apríl 2018.
Tilboðið gildir eingöngu fyrir viðskiptavini fyrirtækjasviðs og er ekki hægt að nota með öðrum tilboðum eða afsláttarkjörum.
Opnunartímar: mánudaga til föstudaga 8-19 * laugardaga og sunnudaga 10-18

# Framlegð fyrirtækja eykst og kostnaður minnkar

Corivo Travel Platform var þróað í samvinnu við ferðaskrifstofur og ferðaþjónustuaðila. Með kerfinu geta fyrirtæki í ferðaþjónustu aukið sölu, lækkað kostnað og aukið framlegð.

Ferðaþjónusta á Íslandi hefur aukist gríðarlega að umfangi á umliðnum árum. Aftur á móti virðist sem rekstur fyrirtækja í greininni hafi verið að þyngjast að undanförnu og margir á sama tíma bent á að arðsemi í ferðaþjónustu sé ekki nægjanlega mikil. Því er spáð að á næstu misserum muni ferðaþjónustan ganga í gegnum þroskaferli þar sem hagræðing verður lykilorðið með óhjákvæmilegum sameiningum fyrirtækja. Takmarkið hjá öllum verður það sama, að minnka kostnað við hverja sölu. „Með Corivo Travel Platform geta fyrirtæki í ferðaþjónustu gert einmitt þetta, þ.e. þau geta aukið sölu, lækkað kostnað og aukið framlegð,“ segir Ásgeir Bjarnason, framkvæmdastjóri Corivo ehf.

Corivo hefur þróað Corivo Travel Platform (CTP) í samvinnu við ferðaskrifstofur og ferðþjónustuaðila í meira en 10 ár en með CTP geta fyrirtæki aukið sölu og vaxið án þess að auka kostnað í sama hlutfalli. Kerfið nýtist bæði á B2C-markaði (e. Business to consumer) og B2B-markaði (e. Business to business). „Fyrir B2C-markað miðast lausnir Corivo við einfalt bókunarferli á vef til að selja flóknar ferðir með þremur eða fjórum músarsmellum, taka við greiðslum og eiga samskipti við viðskiptavininn án þess að nokkur starfsmaður þurfi að koma þar að,“ segir Ásgeir og bætir við að hvort sem verið sé að selja flug, gistingu, bílaleigubíla, afþreyingu eða aðrar ferðatengdar vörur sitt í hvoru lagi eða í pakka þá sé bókunarferlið einfalt. CTP tekur við og heldur utan um allar greiðslur vegna bókana, tengingar við færsluhirða, skiptir greiðslum þannig að hægt er að taka við hlutagreiðslum og sendir áminningarpósta um uppgjör ferða fyrir brottför, stemmir af bókanirnar og sendir viðskiptavinum ferðagögn. Þetta gerist allt sjálfvirkt.

Á B2B-markaði og í hópavinnslu miðast lausnir Corivo við að halda utan um hópinn á sem einfaldastan hátt og gera uppgjör og yfirsýn sem besta.

### Ferlið eins sjálfvirkt og mögulegt er

Við hönnun og forritun á CTP-kerfinu var lögð áhersla á það allt frá upphafi að gera ferlið eins sjálfvirkt og mögulegt er. „Kerfið heldur utan um öll söluverð og í nýjustu útgáfunni einnig kostnaðarverð og framlegð. Einnig heldur það utan um útgáfu reikninga og afstemmingu viðskiptamanna. Svo er hægt að fylgjast með hvort einstakar bókanir eða hópar uppfylli framlegðarmarkmið sem skilgreind eru og þannig grípa inn í ef framlegðin fer niður fyrir sett markmið.“

CTP-kerfið er í sífelldri þróun og verður í næstu útgáfu boðið upp á sjálfvirka afstemmingu við reikninga birgja, en afstemming við reikninga birgja er eitt af tíma- og mannfrekari verkefnum í bakvinnslu hjá ferðaskrifstofum. „Í næstu útgáfu verður einnig hægt að vera með lista yfir birgja fyrir hverja línu í bókun þar sem kemur fram staða fyrirspurna um hvort viðkomandi geti uppfyllt þjónustuna og á hvaða verði. Nú þegar er hægt í CTP að meðhöndla úthlutanir og samskipti við birgja um hvað er laust, hvenær og á hvaða verði.“

Þá heldur CTP-kerfið líka utan um daglegt uppgjör og uppgjör virðisaukaskatts og getur þannig höndlað útflutning með 0% vsk, 0% vsk innanlands, 11% og 24% vsk á allar tegundir ferðaþjónustu og sparað þannig verulega vinnu í bókhaldi.

Ásgeir segir ljóst að Corivo Travel Platform geti skipt sköpum í rekstri ferðaskipuleggjenda á næstu árum.



Ásgeir Bjarnason, framkvæmdastjóri Corivo ehf. MYND/EYÞÓR

# Dýrmætur tími í Kaupmannahöfn

Frímann Snær Guðmundsson starfaði veturinn 2016-2017 á skrifstofu Deloitte í Kaupmannahöfn og segir dvölina hafa verið mjög lærdómsríka. Hann segir Dani vera skipulagða en skrifstofumenningin sé lík milli landanna tveggja.

Starri Freyr Jónsson
starri@frettabladid.is



Fjármálahagfræðingurinn Frímann Snær Guðmundsson starfaði um sex mánaða skeið hjá alþjóðlega ráðgjafar- og endurskoðunarfyrirtækinu Deloitte í Danmörku. Fyrirtækið leggur mikla áherslu á alþjóðasamstarf og nýtur aðildarfélagið á Íslandi þess að hafa byggt upp góð sambönd með samstarfsfólki á Norðurlöndum og í Norðvestur-Evrópu segir Frímann. „Ég hef mikinn áhuga á mörkuðunum í Evrópu og sóttist eftir því að fá að starfa á skrifstofu okkar í Kaupmannahöfn, þar sem ég vissi að Deloitte hefði öflugt fjármálaráðgjafarsvið sem sinnir verkefnum víðsvegar um Evrópu.“

Frímann starfaði veturinn 2016-2017 á skrifstofu Deloitte á Amager í Kaupmannahöfn auk þess sem hann starfaði tímabundið á skrifstofu félagsins í Árósum í Danmörku og í Ósló í Noregi. „Teymið sem ég starfaði í sérhæfði sig í virðismati og gerð fjármálalíkana fyrir fyrirtæki. Ég vann í mörgum verkefnum tengdum innviðafjárfestingum og samstarfsverkefnum opinberra og einkaaðila sem voru mjög áhugaverð. Hópurinn bjó yfir veigamikilli reynslu af slíkum verkefnum og var það ómetanleg reynsla að öðlast þekkingu á þessu sviði. Innviðaverkefnin sem ég vann í voru af ýmsum toga, meðal annars fjármögnun og sala á vindmyllugarði og fjármögnun á vegaframkvæmdum.“

### Danir eru skipulagðari

Hann segir skrifstofumenninguna í Danmörku ekki mjög frábrugðna þeirri íslensku. Helsti munurinn sé sá að Danirnir eru mjög skipulagðir. „Dagatal þeirra er þétt uppsett og fylgja þeir skipulagi dagsins mjög vel. Þeir eru stundvísir og til að ná sambandi við einhvern er best að bóka fund í dagatalinu. Íslendingarnir eru betri að takast á við óvæntar uppákomur og búa yfir meiri sveigjanleika. Báðir eiginleikarnir eru ágætir en þegar ég starfaði ytra vildi ég að Danirnir hefðu meiri sveigjanleika. Hins vegar væri oft ágætt ef Íslendingarnir væru betur skipulagðir. Í grófum dráttum er menningin hins vegar ekki ólík og ættu þeir sem vilja starfa í Danmörku ekki að óttast mikið menningarsjokk.“

Þótt Íslendingar búi yfir mikilli þekkingu á hefðbundinni fjármálaráðgjöf að sögn Frímanns er smæð íslenska markaðarins takmarkandi þáttur. Fyrir vikið hafi dvölin í Danmörku verið mjög lærdómsrík. „Stærri markaðir gefa tækifæri til aukinnar sérhæfingar. Í því felast tækifæri til að vinna með sérfræðingum sem búa yfir þekkingu sem þeir hafa jafnvel öðlast yfir allan starfsferil sinn við að sinna mjög sérhæfðum verkefnum. Tíminn í Danmörku skilaði sér í þekkingu sem erfitt væri að öðlast á Íslandi og í víðtæku tengslaneti sem teygir sig um alla í Evrópu. Þetta tengslanet hefur verið ómetanlegt eftir heimkomuna þar sem stuttar boðleiðir í helstu sérfræðinga Deloitte á hverju sviði í Evrópu hafa skilað sér í aukinni samvinnu milli landa og góðu upplýsingaflæði.“

### Nýtti tímann vel

Utan vinnunnar var lífið í Kaupmannahöfn afar ánægjulegt. „Íslendingasamfélagið í Kaupmannahöfn er stórt og líflegt, og því var auðvelt að fá ábendingar um viðburði og áhugaverða staði til að skoða. Matarmenningin og „hygge“ í Kaupmannahöfn er spennandi og margt sem hægt er að njóta þar. Ég ferðaðist mjög mikið þegar ég bjó úti en staðsetning Kaupmannahafnar gerir það að verkum að stuttan tíma tekur að fljúga á milli borga sem ég nýtti vel. Þær helgar sem ég var ekki upptekinn flaug ég að jafnaði á laugardagsmorgni frá Kaupmannahöfn til að hitta vini víðsvegar í Evrópu og var kominn til baka á sunnudagskvöldi til að mæta aftur á skrifstofuna. Töluvert einfaldari ferðalög en frá Íslandi.“



„Tíminn í Danmörku skilaði sér í þekkingu sem erfitt væri að öðlast á Íslandi,“ segir Frímann Snær Guðmundsson fjármálahagfræðingur.




Þekking rekur þjónustuver sem svarar símtölum viðskiptavina og samstarfsaðila á milli klukkan 8 og 19 á virkum dögum og frá klukkan 9 til 13 á laugardögum. MYND/ANTON BRINK

# Þekking – tölvudeildin þín

**Upplýsingatæknifyrirtækið Þekking sér um rekstur, innleiðingar, eftirlit og viðhald tölvukerfa fyrir fyrirtæki og stofnanir.**

Upplýsingatæknifyrirtækið Þekking býður fyrirtækjum og stofnunum upp á alhliða þjónustu er kemur að rekstri umsjón og þjónustu við tölvu og afgreiðslukerfi. Með því að nýta sér þjónustuna geta samstarfsaðilar Þekkingar hagrætt í rekstri sínum og sett fókusinn á kjarnastarfsemina. „Við sinnum öllu því sem hefðbundin tölvudeild gerir og rúmlega það, rekum útstöðvar, afgreiðslukerfi verslana, bókhaldskerfi, gagnagrunna, vöruhús gagna, netþjóna, netkerfi og fleira í þeim dúr, allt eftir því hver þörfin er á hverjum stað,“ segir Jóhann Árni Helgason, sviðsstjóri þjónustusviðs Þekkingar.

Spurður að því hvaða kostir fylgja því að Þekking taki að sér að vera tölvudeild fyrirtækja segir Jóhann það vera marga. „Stundum eru tölvudeildir aðeins ein manneskja sem á að reka netþjóna, sinna notendaþjónustu og veita ráðgjöf í upplýsingatæknimálum. En staðan í dag er sú að þetta er orðinn svo flókinn heimur og nauðsynlegt að setja fókus, það getur engin ein manneskja sinnt öllum verkum. Að sama skapi er afar kostnaðarsamt að ráða inn sérfræðinga í öllu. Lausnin liggur ekki í því að skipta út þessari einu maneskju heldur hafa aðgang að sérfræðingum þegar þeirra er þörf og fá aðstoð í daglegum rekstri þegar álag kallar á slíkt. Þekking er sá aðili sem getur stigið inn og veitt þessa þjónustu. Í öðrum tilvikum, til dæmis ef fyrirtæki er með tölvudeild fjögurra til sjö manneskja, þá er einnig ákveðin stærðarhagkvæmni fólgin í því að hefja samstarf við okkur. Það kostar fyrirtækja nefnilega töluvert að halda úti tölvudeild og hafa sérfræðinga á öllum sviðum á sínum snærum.“ Upplýsingatæknideildir fyrirtækja eru svo oft á tíðum mjög uppteknar af því að halda í horfinu og lítill tími er aflögu til þess að ráðast í nauðsynlegar umbætur í umhverfinu. Þar kemur Þekking til skjalanna með víðtæka reynslu og kunnáttu í umbótum tölvuumhverfa.

## Góð þjónusta allan sólarhringinn

Þekking rekur þjónustuver sem svarar símtölum viðskiptavina og samstarfsaðila á milli klukkan 8 og 19 á virkum dögum og frá klukkan 9 til 13 á laugardögum. Utan hefðbundins opnunartíma þjónustuversins er Þekking með vaktsíma en þannig er hægt að komast í samband við sérfræðing Þekkingar allan sólarhringinn. „Við tökum við þessum símtölum og eru þau skráð inn í verkbeiðnakerfið okkar. Þjónustuver tekur við símtölum og fer yfir tölvupósta sem berast vegna verkbeiðna, stofnar verk í beiðnakerfinu og færir á rétta staði til úrlausna. Mikið af þeim verkbeiðnum sem berast er leyst á þjónustuviðinu, annaðhvort í þjónustuverinu sjálfu með yfirtökum eða hjá vettvangsfólki sem mætir á staðinn. Verkefni sem kalla á aðkomu kerfisstjórnar eða annarra sérfræðinga eru hins vegar færð í verkefnaröðina hjá rekstrarsviði sem sér um rekstur netþjóna, hýsingarþjónustu og netkerfi. Starfsfólk Þekkingar er með víðtæka þekkingu á og reynslu af öllum upplýsingakerfum sem Þekking þjónustar,“ segir Jóhann Árni. „Í vaktsímanum fer einnig fram greiningarvinna og þá helst hvort um sé að ræða neyðartilvik og kalla þurfi út mannskap eða hvort málið sé þannig vaxið að það megi bíða.“



Jóhann Árni Helgason, sviðsstjóri þjónustusviðs Þekkingar. MYND/ANTON BRINK

## Verðmæti fólgin í að vera óháð

Þekking er með starfsstöðvar á tveimur stöðum á landinu, á Akureyri og í Kópavogi, hjá fyrirtækinu starfa rúmlega sjötíu manns, sérfræðingar á öllum sviðum upplýsingatæknimála. Viðskiptavinir Þekkingar eru um fjögur hundruð fyrirtæki og stofnanir af öllum stærðum og gerðum en af þeim eru um tvö hundruð sem teljast mjög virkir viðskiptavinir eða samstarfsaðilar. Þekking getur verið í smáhlutverki og allt upp í það að vera tölvudeild fyrirtækja. Í raun býður fyrirtækið upp á alhliða rekstrarþjónustu fyrir tölvukerfi, kerfisleigu, hýsingu, internetþjónustu og gagnaflutninga ásamt margs konar sérlausnum, ráðgjöf og kennslu.

Það sem margir svo ekki vita er að Þekking hefur á að skipa fólki með gríðarlega þekkingu á rekstri tölvukerfa og afgreiðslukerfa verslana, hótela, ferðaþjónustuaðila og veitingastaða.

Sem tölvudeild fyrirtækja aðstoðar Þekking þau við stefnumótun og þarfagreiningu í upplýsingatækni ásamt uppbyggingu kerfanna sjálfra. „Í þessu sambandi teljum við mikil verðmæti felast í því að vera óháð og að það sé mikilvægur þáttur í því að samstarfsaðilar treysti okkar ráðgjöf. Það er t.d. engin pressa á okkur að selja einhverja ákveðna tegund frekar en aðra, þannig byggist sú ráðgjöf sem við veitum og ákvarðanir sem teknar eru á því sem hentar okkar samstarfsaðilum best. Við erum einnig með sterk viðskiptasambönd og í góðu samstarfi við endursöluaðila búnaðar og lausna til fyrirtækja og stofnana og teljum að bestum árangri allra megi ná með því m.a. að nýta okkar reynslu og þannig brúa saman bestu samstarfsaðila hverju sinni miðað við þarfir,“ segir Jóhann Árni.

Nánari upplýsingar er auðvelt að nálgast á heimasíðunni thekking.is eða með því að hringja í 4603100.

# Vellíðan á vinnustað

**Flestir verja átta tímum í vinnunni dag hvern. Nauðsynlegt er að hreyfa sig, teygja úr kroppnum og anda að sér fersku lofti af og til yfir vinnudaginn en það hefur góð áhrif á andlega og líkamlega líðan.**

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@frettabladid.is





Hreyfing, teygjur, jóga og jákvæðni auka vinnugleði.

Í dagsins önn vill gleymast að standa, hreyfa sig og teygja úr sér. Ein leið til að muna eftir að teygja úr sér er að hlaða niður smáforriti með teygjuæfingum í tölvuna eða símann. Eitt slíkt heitir Teygjuhlé og er að finna á vef Landlæknisembættisins. Það birtist reglulega á skjánum og sýnir nokkrar laufléttar og skemmtilegar teygjuæfingar sem auka teygjanleika líkamans og létta á öxlum og hálsi. Hægt er að stilla hversu oft Teygjuhlé birtist yfir daginn og hversu margar æfingar það sýnir hverju sinni. Ef ekki er tími til að teygja er hægt að fresta æfingum um hálftíma eða svo. Teygjuæfingar hafa ótrúlega mikið að segja og hver getur ekki notað nokkrar mínútur á dag til að teygja aðeins á?

## Standa upp af og til

Einnig er gott að standa af og til upp og setjast strax aftur nokkrum sinnum í röð og helst án þess að nota hendurnar. Þessi litla hreyfing styrkir lærvöðva og kemur blóðinu af stað. Þetta má t.d. gera um leið og talað er í símann. Svo má gefa skrifstofustólnum smá hvíld og sitja á stórum æfingabolta en það hefur reynst fólki sem stríðir við bakvandamál vel. Það styrkir magavöðva, bak og læri að sitja reglulega á slíkum bolta.

## Ekki gleyma andlegu hliðinni

Ekki er síður mikilvægt að passa upp á andlegu hliðina í vinnunni en vanlíðan á vinnustað getur bókstaflega leitt til veikinda. Rannsóknir hafa sýnt fram á að líðan að morgni dags hefur meiri áhrif á það sem eftir lifir dags en margir halda og því setur góða byrjun á deginum tóninn fyrir það sem koma skal. Þess vegna er gott að byrja daginn á að taka sér nokkrar mínútur í rólegheitum til að drekka t.d. kaffi eða te, heilsudrykk eða vatnsglas og fara í leiðinni yfir verkefni dagsins. Ef stórt verkefni er fram undan er ráð að brjóta það niður í smærri einingar svo það virðist ekki óyfirstíganlegt og auk þess er alltaf léttir að geta krossað við verkefni sem er lokið.

## Gönguferð hreinsar hugann

Ef tími er fyrir stutta gönguferð, t.d. í hádeginu, er það kjörin leið til að viðra sig, hreinsa hugann og fá frískt loft. Þeir sem fara reglulega út að ganga í hádeginu segja það eitt það besta sem þeir gera yfir daginn, það dragi úr streitu og auki vellíðan. Þá er tilvalið að gera nokkrar léttar jógaæfingar yfir daginn. Margir vinnuveitendur hafa farið þá leið og fá jógakennara til að kenna starfsfólki auðveldar jógaæfingar en ef það er ekki í boði má finna slíkar æfingar á netinu.

## Einfaldara líf

Þeir sem þurfa að taka mikilvægar ákvarðanir í vinnunni ættu að reyna að einfalda líf sitt eins og hægt er. Steve Jobs, stofnandi Apple, var t.d. alltaf í svipuðum fötum.

## Enda daginn vel

Síðan er gott að enda vinnudaginn á einhverju skemmtilegu. Það er t.d. ágætt að byrja á nýju verkefni í lok vinnudags og koma ferskur að því næsta dag. Rithöfundurinn Haruki Murakami tekur sér hlé frá skrifum þegar hann er kominn á fullan skrið og segir þá auðveldara að byrja aftur á verkinu frekar en að hefja störf með autt blað.




Uppáhalds kaffibollinn þinn – heima eða í vinnunni

**Fyrirtækjaþjónusta Danól** býður fyrirtækjum, hótelum, kaffihúsum og veitingastöðum heildarlausn í kaffiþjónustu. Við sérsníðum lausnir fyrir viðskiptavini og erum stolt af því að vera hluti af blómlegri kaffimenningu á Íslandi.

**Hafðu samband, kaffi@danol.is, og við finnum réttu lausnina fyrir þitt fyrirtæki.**

- Hágæða ítalskt kaffi frá Lavazza
- Danskt gæðakaffi frá Merrild
- Einn tengiliður sem sér um alla þjónustu
- Kaffivélar til leigu
- Fjölbreytt úrval af matvöru
- Fjölbreytt úrval af þrifa- og hreinlætisvörum

danól

Danól – Tunguhálsi 19 – s. 595 8100 – www.danol.is




SalesCloud og Valitor bjóða kerfi sniðið að þörfum veitingastaða. Hér eru Pétur Pétursson, framkvæmdastjóri Fyrirtækjasviðs Valitor, og Ragnar Einarsson, framkvæmdastjóri SalesCloud. MYND/ VILHELM

# Aukin þjónusta, minni raðir og meiri sala

Valitor í samvinnu við íslenska frumkvöðlafyrirtækið SalesCloud býður í dag heildarlausn fyrir veitingastaði í einu og sama kerfinu. Kerfið er þróað og hannað af SalesCloud meðal annars með þarfir veitingastaða í huga.

Að sögn Ragnars Einarssonar, framkvæmdastjóra SalesCloud, hefur mikið verið lagt upp úr því að útfæra hlutina á sem einfaldastan hátt. „Allt í senn til að flýta afgreiðslu, auðvelda þjálfun starfsfólks á kerfið, auka sölu, jafnvel bjóða upp á sjálfsafgreiðslu ásamt því að veita heildaryfirsýn yfir reksturinn.

## Margþættir kostir

Meðal helstu kosta kerfis er:

- Leiðir sölufólk áfram í að spyrja um séróskir og auka viðbótarsölu
- Spjaldtölvur og posar til að taka við pöntunum og greiðslu beint við borðið
- Einfalt viðmót til að skipta greiðslum á milli vara og hluta af vöru
- Borðaskipulag eftir rými hvers og eins veitingastaðar
- Viðmót er sett upp í útliti söluaðila

## Fallega hannaður afgreiðslubúnaður

Afgreiðsluhraði er einn af lykilþáttum í veitingarekstri. Bæði til þjónustuauka fyrir viðskiptavini og betri sætanýtingar á veitingastöðum. Ragnar Einarsson, framkvæmdastjóri SalesCloud, segir að kerfið bjóði upp á „smella & sækja“ þjónustu sé veitingastaðurinn með vefsíðu. SalesCloud setur upp viðmót á núverandi vefsíðu (óháð vefumsjónarkerfi) veitingastaðarins sem gerir viðskiptavinum mögulegt að panta matinn og greiða á heimasíðunni í gegnum vefgreiðslulausn Valitor. Hann fær síðan SMS þegar maturinn er tilbúinn og sækir. „Þannig losnar viðskiptavinurinn við að standa í röð og veitingastaðurinn eykur þjónustustig sitt og sölu,“ segir Ragnar.

## Greiningartól til bestunar

SalesCloud er með sérstakt greiningartól, sem greinir sölubrotið niður á sölustað í rauntíma – óháð því hvort um netsölu er að ræða eða sölu á veitingastað. Þá býður kerfið upp á vildarkerfi, framlegðarútreikninga, söguleg gögn eru notuð til að áætla sölu til framtíðar og hægt er að nota gögn til að ákveða skynsamlega framsetningu á matseðli, markaðssetningu eða samsetningu rétta.

## Viðbótarþjónusta

Pétur Pétursson, framkvæmdastjóri Fyrirtækjasviðs Valitor, segir að með tilkomu SalesCloud gefist veitingastöðum kostur á að nýta þjónustu Valitor á auðveldari hátt en áður – hvort sem er posa eða veflausnir. Hér sé rótgróið fyrirtæki á íslenskum markaði að hefja samstarf við frumkvöðlafyrirtæki um einstaka lausn. Valitor bjóði upp á leigu á búnaði fyrir notendur SalesCloud sem er skuldajafnaður á uppgjör kortaveltu mánaðarlega ásamt kostnaði við móttöku korta. Þá býður Valitor upp á Verifone eða Ingenico posa við kerfið – hvort sem er hefðbundna posa eða litla snjallposa, sem eru festir við spjaldtölvu, og gera þjónum kleift að taka við greiðslu úti í sal. Einnig býður Valitor upp á myntval, sem getur aukið tekjur söluaðila og sumir posar geta tekið við þjórfé,“ segir Pétur og bætir við: „Söluaðili getur valið um að greiða fasta þóknun fyrir móttöku korta eða greitt kostnaðarverð að viðbættri þóknun Valitor. Það er þá eins konar verðvernd en kostnaður við móttöku korta er breytilegur, allt eftir tegund korta. Samsetning þeirra korta sem söluaðili tekur á móti ræður þá kostnaði við móttöku kortanna.“




Nýi búnaðurinn hjá Valitor og SalesCloud.

## SalesCloud tengist fjölda kerfa

„Sölukerfið tengist hinum ýmsu kerfum en má þar helst nefna öll helstu bókhaldskerfi sem eru í notkun á Íslandi. Það þýðir að sé fyrirtæki í rekstri með dk, Reglu, Navision eða sambærileg kerfi þá er hægt að nota SalesCloud til að tengjast við þau kerfi til að bóka söluna.“ Kerfið er hýst í skýi en er með off-line virkni þannig að það virkar einnig ef netsamband dettur niður. Búnaðurinn samanstendur af hugbúnaði, spjaldtölvu á standi og posa, en söluaðili getur einnig leigt prentara í eldhús og peningaskúffu. Önnur kerfi sem SalesCloud tengist eru m.a. Facebook, MailChimp, WooCommerce, Wix og Weebly svo fátt eitt sé nefnt.

Þótt hér hafi verið einkum fjallað um kosti kerfisins fyrir veitingastaði þá er það einnig hannað fyrir áskriftarsölu, almenna verslun og miðasölu svo að fátt eitt sé nefnt.

Fyrirtækjasvið Valitor sér um sölu á vörunni en þjónusta kerfisins er í höndum SalesCloud. Hægt er að bóka fundi með því að hafa samband við Fyrirtækjasvið Valitor í síma 525-2055 eða senda póst á sala@valitor.is



Starfsmenn Advania á Íslandi eru um 650 talsins. Þeir leggjast allir á eitt við að tryggja viðskiptavinum fyrirtækisins framúrskarandi þjónustu. Védís Sigurjónsdóttir, deildarstjóri kerfis- og notendaþjónustu, Sigurður Sæberg Þorsteinsson, framkvæmdastjóri rekstrarlausna, og Sandra Birgisdóttir, hópstjóri í kerfis- og notendalausnum. MYND/ANTON BRINK

# Erum stöðugt að mæla þjónustuna

Viðskiptavinir Advania eru af öllum stærðum og gerðum og mismikið tæknivæddir. „Við mætum viðskiptavininum þar sem hann er staddur og hjálpum honum að greiða úr því sem hann er að fást við dag hvern. Það er alveg sama hvað upp kemur, þú hringir í eitt númer og færð þjónustu frá okkar fólki sem er alltaf á vaktinni,“ segir Védís Sigurjónsdóttir, deildarstjóri kerfis- og notendaþjónustu Advania.

Védís segir viðfangsefni notendaþjónustunnar jafn mismunandi og þau eru mörg.

„Við erum fyrsti og eini viðkomustaður ef eitthvað kemur upp á og leggjum gríðarlega mikla áherslu á að veita þér framúrskarandi þjónustu. Þú þarft ekki að vera búinn að greina vandann þegar þú hefur samband við okkur, heldur getum við séð um bilanagreiningu fyrir þig og leyst hratt og örugglega úr flestum vandamálum. Við finnum að þörfin fyrir slíka þjónustu er orðin mikil. Upplýsingakerfin eru orðin víðtæk og flókinn og hug- og vélbúnaður er í stöðugri þróun. Þá þykir fólki gott að hafa einn þjónustuaðila sem sér um allt saman.“

> Við erum fyrsti og eini viðkomustaðurinn ef eitthvað kemur upp á og leggjum gríðarlega mikla áherslu á að veita viðskiptavinum okkar framúrskarandi þjónustu.
>
> **Védís Sigurjónsdóttir**

Advania er fyrst og fremst þjónustufyrirtæki og þess vegna segir Védís miklar kröfur gerðar til starfsfólks fyrirtækisins um þjónustulund.

„Við ráðningar leggjum við jafn mikla áherslu á að fólk geisli af þjónustulund og að það hafi góða tækniþekkingu.Í framlínuþjónustu fyrirtækisins ráðum við bara fólk með eldmóð fyrir því að gera vel við aðra.

Svo vitum við vel að það er ekki nóg að hafa stefnu um að veita góða þjónustu, það þarf að mæla árangurinn af starfinu líka. Við gerum því stöðugar kannanir, bæði ytri og innri þjónustukannanir, og niðurstöðurnar úr þeim eru okkar helsti áttaviti. Við getum alltaf séð hvernig okkur gengur með því að horfa á mælingarnar sem byggjast á endurgjöf viðskiptavina.“

## Af hverju Advania?

- Fyrirtæki geta einbeitt sér að sinni kjarnastarfsemi og treyst Advania fyrir öllu sem viðkemur upplýsingatækni.
- Af hverju að reka tölvudeild þegar þú getur verið með samstarfsaðila í upplýsingatækni sem sér um allt saman fyrir þig?
- Af hverju að fjárfesta í dýrum tölvubúnaði þegar þú getur fengið afnot af því besta á markaðnum, með mánaðarlegri áskrift?
- Af hverju að hafa áhyggjur af uppitíma tölvukerfa þegar fjöldi sérfræðinga getur vaktað þau fyrir þig allan sólarhringinn?
- Af hverju að eyða kröftum í viðhald á tölvukerfum, þegar þú getur falið sérfræðingum að uppfæra og endurnýja?
- Af hverju að þjálfa starfsfólk í sérhæfðum kerfisrekstri þegar þú getur falið hæfustu sérfræðingum landsins að gera það sem þeir kunna best?
- Af hverju að hafa áhyggjur af öryggismálum þegar hundruð sérfræðinga Advania geta tryggt öryggi þitt?

# Sinnum stórum sem smáum

Fyrirtæki velja í auknum mæli að einbeita sér að sinni kjarnastarfsemi og treysta Advania fyrir öllu sem viðkemur rekstri tölvukerfa. Sérfræðingar okkar taka þannig fulla ábyrgð á rekstrinum og tryggja öryggi kerfanna með sólarhringsvöktun og fyrirbyggjandi aðgerðum. Við getum tekið að okkur altækan rekstur fyrir fyrirtæki og haft heildarumsjón með öllum þáttum, allt frá kerfisrekstri til notendaþjónustu. Við getum líka séð um sértæk verkefni og annast afmarkaðan hluta af rekstrinum, svo sem eingöngu netrekstur eða notendaþjónustu,“ segir Sigurður Sæberg Þorsteinsson, framkvæmdastjóri rekstrarlausna Advania.

> Við tryggjum grunnvirkni upplýsingakerfa, öryggi og uppitíma á tölvukerfum og áreiðanlega þjónustu við notendur.
>
> **Sigurður Sæberg Þorsteinsson**

„Við sinnum þörfum smárra og stórra fyrirtækja enda er auðvelt að laga þjónustuframboð okkar að hvers kyns starfsemi. Okkar hlutverk er að gera fyrirtækjum kleift að einblína á sína viðskiptavini og vinna á eigin styrkleikum á markaði. Við tryggjum grunnvirkni upplýsingakerfa, öryggi og uppitíma á tölvukerfum og áreiðanlega þjónustu við notendur. Í kjölfarið getur starfsfólk fyrirtækjanna farið að nýta upplýsingatæknina til fulls til að ná forskoti á markaði. Þegar viðskiptavinir okkar eru farnir að ná árangri, þá fyrst höfum við náð árangri,“ segir Sigurður.

# Advania stundar fyrirbyggjandi aðgerðir

Reynslan sýnir okkur að við í kerfis- og notendalausnum náum að leysa langflest mál í fyrstu snertingu. Við notum auk þess ýmis úrræði til að sjá fyrir vanda áður en hann gæti komið upp í notendabúnaði hjá okkar viðskiptavinum, og setjum okkur í samband við þá þegar bregðast þarf við. Við getum til dæmis gripið inn í ef útlit er fyrir að gagnageymsla sé að fyllast eða ef hugbúnaður þarfnast endurnýjunar. Við finnum að viðskiptavinir okkar kunna að meta fyrirbyggjandi aðgerðir sem gera þeim kleift sinna áhyggjulaust sinni kjarnastarfsemi,“ segir Sandra Birgisdóttir, hópstjóri í kerfis- og notendalausnum.




Samstarfsaðili þinn í
**upplýsingatækni**

Upplýsingatæknin er allt í kringum okkur. Hún einfaldar lífið og sparar dýrmætan tíma.
Á hverjum degi nota fyrirtæki af öllum stærðum, í öllum greinum, um land allt lausnir frá okkur.

**www.advania.is**

Guðrúnartún 10 | 105 Reykjavík | Sími 440 9000 | advania@advania.is | www.advania.is

advania



## Vinnustreita er vágestur

Streita er talin eitt algengasta vinnutengda vandamál hins vestræna heims. Vinnustreita hefur áhrif á afköst fólks og viðvarandi streita hefur áhrif á heilsufar og getur meðal annars leitt til þunglyndis, kvíða og hjarta- og æðasjúkdóma. Til að draga úr streitu á vinnustað gætu vinnuveitendur meðal annars:

- Tileinkað sér styðjandi stjórnunarhætti
- Veitt nýjum starfsmönnum nægilegar upplýsingar og þjálfun
- Aukið áhrif starfsmanna á vinnu sína
- Stuðlað að heilbrigðum lífsháttum starfsmanna
- Umbunað starfsmönnum á ýmsa vegu
- Aðstoðað starfsmenn við að ráða við streituvaldandi þætti í vinnunni
- Tryggja markvisst upplýsingaflæði frá stjórnendum til starfsmanna og milli starfsmanna
- Tryggja öruggt starfsumhverfi
- Styðja endurhæfingu starfsmanna sem þess þurfa og aðlaga vinnu að getu starfsmanna hverju sinni.

**Heimild: www.doktor.is**



Foodora er gríðarlega vinsælt fyrirtæki um allan heim.

## Matur skiptir máli

Hinn hefðbundni vinnudagur er alltaf að breytast í Svíþjóð. Gerðar eru meiri kröfur til framleiðni en á móti er vinnutími sveigjanlegri sem mörgum þykir þægilegt. Með breyttum vinnutíma vilja matarvenjur líka verða öðruvísi og kröfur hafa aukist hjá sænskum launþegum. Fólk vill hollan mat í hádeginu til að viðhalda góðri orku yfir daginn. Stöðugt fjölgar þeim fyrirtækjum sem bjóða starfsmönnum sínum morgunmat, hádegismat og millibita eins og ávexti eða hnetur. Sum fyrirtæki eru með eigin kaffihús inni á vinnustaðnum.

Sænsk fyrirtæki virðast vera að átta sig á því að með því að gera fyrirtækið að aðlaðandi vinnustað dregur það að betra starfsfólk sem er reiðubúið að leggja á sig auknar kröfur í staðinn fyrir sveigjanleika í starfi og góða vinnuaðstöðu.

Meðal nýjunga í matarsendingarfyrirtækjum í Svíþjóð er foodora.com sem er að leggja undir sig heiminn. Foodora sækir mat á veitingahús og kemur honum í fyrirtæki eða heim til fólks. Fyrirtækið var sett á laggirnar árið 2015 og er núna í 22 löndum. Það er í samstarfi við meira en 36.000 veitingahús. Fyrirtækið er meðal annars í Kandada, Svíþjóð, Noregi, Hollandi, Þýskalandi. Það er mjög vinsælt í Asíu og fleiri stöðum. Foodora er með eigið app til að panta matinn.

## Hollt nasl dregur úr sykurlöngun

Þegar mikið er að gera í vinnunni og verkefnin hlaðast upp getur verið lítill tími til að huga að hollustunni. Þess vegna er gott að taka með sér hollt nasl í nesti til að grípa í þegar blóðsykurinn fer að falla og löngunin í eitthvað sætt verður yfirþyrmandi. Áður en haldið er til vinnu væri ráð að taka frá fimm mínútur til að skera niður grænmeti á borð við blómkál, brokkolí, gulrætur, gúrku eða sellerí og hafa með sér í nestisboxi. Þá má líka útbúa góða blöndu af hnetum, fræjum og rúsínum sem gott er að eiga í skrifborðsskúffunni. Harðfiskur, hollar orkustangir og ávextir koma sér líka alltaf vel. Svo er alltaf gott að taka með jarðarber, hindber eða bláber. Ef það er ísskápur á vinnustaðinum er t.d. hægt að taka með heimalagaðan þeyting eða dós af hreinu skyri eða jógúrti.

**Niðurskorið blómkál, brokkolí, gulrætur, gúrkur og sellerí kemur sé vel í vinnunni.**



Hollt nesti í vinnuna dregur úr löngun í sætindi og óhollustu.





Egill Árnason™
GERÐU KRÖFUR
Val á flísum sem standast tímans tönn krefst útsjónarsemi og þekkingar. Flísar frá Ítalíu og Spáni, brenndar, rétt skornar og í fyrsta flokki, skipa sér þar með í flokk bestu fáanlegu flísa. Það skilur á milli framleiðenda þegar kröfurnar eru miklar. Kynntu þér flísarnar í verslun okkar Suðurlandsbraut 20.
Suðurlandsbraut 20
108 Reykjavík
Sími: 595 0500
www.egillarnason.is
Opnunartímar: mán - fös kl. 9–18 og lau kl. 11–15

# Leggur músinni og tekur fram pennann

**Fyrir tilviljun ákvað Helga Valdís Árnadóttir að teikna eina mynd úr lífi sínu á hverjum degi út þennan mánuð. Hún kallar myndirnar krot dagsins.**

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@frettabladid.is



Helga Valdís endar hvern dag marsmánaðar á því að teikna mynd af því sem stóð upp úr þann daginn. MYND/ANTON BRINK

Ég vinn í tölvum allan daginn og teikna ekki nærri því eins mikið og þegar ég var yngri. Svo var ég lasin heima um daginn og þá byrjaði ég að krota mynd á blað með penna. Mér var mjög ofarlega í huga hvað ég væri nú veik, svo fyrsta myndin var veikindamynd. Ég hafði svo gaman af þessu kroti að ég ákvað að skora á sjálfa mig og teikna eina mynd á dag út þennan mánuð,“ segir Helga Valdís Árnadóttir sem hefur frá unga aldri haft gaman af því að teikna. „Skólabækurnar mínar báru þess glöggt merki. Þær voru alltaf þaktar teikningum og ég fékk skömm í hattinn fyrir uppátækið,“ rifjar Helga Valdís upp.

Hún lauk prófi í grafískri hönnun frá Listaháskóla Íslands og starfar sem Art Director hjá Hvíta húsinu þar sem hún bæði sinnir hugmyndavinnu og hannar ýmislegt, allt frá stórum herferðum yfir í umbúðir.

## Einföld teikning segir mikið

Áskorunin gengur mjög vel, myndirnar eru nú orðnar tuttugu og ein talsins og þær sýna allar eitthvað sem gerst hefur í lífi Helgu Valdísar þann daginn.

„Mesta áskorunin er að teikna eitthvað einfalt og grípandi sem jafnframt segir eitthvað um hvað ég hef verið að fást við yfir daginn. Vinnan mín er einkar lífleg og ég á þrjú börn þannig að það er mikið líf og fjör í kringum mig alla daga. Því þarf ég að velja úr hvað ég tek fyrir hverju sinni. Teikningin sem slík er einföld og í raun minnsta málið í þessu samhengi,“ upplýsir Helga Valdís sem endar hvern dag á því að teikna. „Þetta er líka fín leið til að taka sér pásu frá sjónvarpinu,“ segir hún.



Helga Valdís var lasin þegar hún teiknaði fyrstu myndina, eins og hér má sjá.




Uppskrift að bananamöffins að hætti Helgu Valdísar.

Innt eftir því hvort líkja megi teikningunum við dagbók segir Helga Valdís að það sé nokkuð til í því. „Já, það mætti segja það. Í amstri dagsins hugsa ég af og til hvað ætli verði krot dagsins í dag? Þetta er ágæt leið til að staldra við og um leið átta ég mig á hvað mikið gerist á hverjum degi. Það tekur mig allt frá 30 mínútum upp í tvær klukkustundir að klára hverja mynd, allt eftir því hvert viðfangsefnið er.“

Helga Valdís er vissulega vön skapandi vinnu en hún segir það veita sér mikla hugarró að teikna í lok dagsins. „Það er bara svo gott að taka sér penna í hönd eftir að hafa unnið með músina allan daginn. Þetta er eins og hugleiðsla. Þetta er í fyrsta sinn sem ég set mér markmið sem tengist hvorki heilsunni né líkamsrækt,“ nefnir hún.




Markmið næstu missera.




Undir áhrifum frá HönnunarMars.

Á næsta ári á Helga Valdís stórafmæli þegar hún verður fertug. „Þegar það eru tímamót í lífi mínu staldra ég oftast við og hugsa hvort ég geti ekki gert eitthvað sniðugt. Ég ætla að halda áfram að takast á við mismunandi áskoranir út þetta ár,“ segir hún en ekki er enn ákveðið hver næsta áskorun verður.

Helga Valdís tók þátt í HönnunarMars á síðasta ári þegar hún hannaði plakat í samvinnu við Brynju Bjarnfjörð Magnúsdóttur, hugmynda- og textasmið. „Við teiknuðum mynd af stelpunni á Wall Street í New York og verkið nefnist Stattu keik. Við tókum þátt í samsýningu sem Farvi stóð fyrir en verkefnið var að gera áróðursplakat. Farvi prentaði plakatið og seldi. Þetta var skemmtilegt verkefni og aldrei að vita nema við Brynja tökum höndum saman aftur,“ segir Helga Valdís og hver veit nema krot dagsins komi þar við sögu.

Fimmtudaginn **29. mars** mun Fréttablaðið gefa út aukablaði

**ALLT FYRIR HÚSFÉLAGIÐ**

**Allt** ritstjórnarefni blaðsins er sérstaklega miðað á **fólk og fyrirtæki** sem hefur búsetu í fjöleignarhúsnæði og deilir sameign með öðrum fasteignaeigendum.

Þessa dagana eru flest ef ekki öll húsfélög landsins farin að huga að aðalfundi. Samkvæmt lögum ber öllum húsfélögum að halda aðalfund fyrri hluta árs, eða fyrir 30. apríl.

Á aðalfundi er farið yfir rekstur og skipulag félagsins auk þess sem stórar ákvarðanir eru teknar um nauðsynlegar framkvæmdir endurbætur og viðhaldi á sameign.



Myndin er tekin af Anton Brink fyrir Fréttablaðið / Vísi

**Nánari upplýsingar um blaðið veitir**

**Ólafur H. Hákonarson markaðsfulltrúi Fréttablaðsins.**
**Sími 512 5433 / olafurh@frettabladid.is**

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

# Smáauglýsingar

512 5800
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki



Suzuki mótorhjól Komdu og kíktu við í sýningarsal Suzuki. Ýmislegt spennandi til, sjón er sögu ríkari.

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

### Bílar til sölu



SUBARU OUTBACK Premium 2016, Dísel, ek.3 Þ.KM, Sjálfsk. Bakkm.vél, Ísl.leiðs.kerfi, EyeSight öryggiskerfi, Harðskeljadekk, 4,490þús s:698-5665

### Hjólbarðar

VAKA



**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

### Viðgerðir

Almennar bílaviðgerðir. Sérgrein bremsuviðgerðir. Renni diska og skálar. Fljót og góð þjónusta. Bergfinnur ehf. 892 7852

### Varahlutir




## Þjónusta

### Hreingerningar




Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Bókhald




Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

**RÉTTA- BÓKHALDSÞJÓNUSTA.**
Getum bætt við okkur verkefnum. Alhliða bókhaldsþjónusta. Sanngjörn verð og góð þjónusta. Uppl. í s. 8548080/5168080 eða olafur@retta.is.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald




Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

### Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Janna.

### Spádómar

**SÁ SÍMASPÁ Í 844 6845**
Spáir í spil og bolla . Símaspá, Einkaspá. Geymið auglýsinguna. Er á facebook

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com




## Keypt & Selt

### Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

### Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## Heilsa

### Nudd

Thai- nuddstofan hjá Joom hefur stækkað og hefur flutt að Háaleitisbraut 58-60, 2 hæð t.h Boðið er upp á thailenskt teygju og olíunudd auk annarra nuddtegunda Pantanir í síma 8923899.

## Heimilið

### Barnavörur



**SYSTKINA VAGN/KERRA**
Verð frá 165.900 kr. Barnið Okkar - Hlíðasmára 4 - 201 Kóp. barnidokkar.is

## Húsnæði

### Húsnæði í boði

Ódýr íbúð til sölu/leigu á Skagaströnd. Uppl. S: 898 5254 og 847 8446

### Húsnæði óskast

Óska eftir lítilli 2ja herb. íbúð eða studio íbúð á höfuðborgarsvæðinu er kk hjúkrunarfræðingur.Skilvísum greiðslum og reglusemi heitið. s:7860441 Sæmundur.

### Atvinnuhúsnæði

**ATVINNUHÚSNÆÐI**
TIL LEIGU 50 m2 Góð l.hæð+hurð. Leiga: 99 þ - Snyrtileg starfsemi Facebook: steinhella 14. S: 661-6800

### Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www. geymslur.is

### Tilboð






## Atvinna

### Atvinna í boði

**SÖLUMENN ÓSKAST.**
Óska eftir duglegum sölumönnum um allt land til að selja USB lykil sem á er digital bók. Um er að ræða ný trúabrögð sem er kristinn nýaldartrú. Sala fer þannig fram að kaupanda er boðinn lykill að himnaríki. Er þetta háheilagt sem selt er. Vinsamlegast berið virðingu fyrir því því þetta er hágæðavara. Síðan rettir sölumaður kaupanda auglýsingablað sem ég samdi sem á eru þær upplýsingar sem til þarf til að selja USB lykilinn. Ef um sölu er að ræða þá réttir sölumaður kaupanda miða og biður kaupanda að millifæra á reikning. Fær sölumaður 2000 kr eftir skatt en usb lykilllinn kostar 10 þús kr. Og unnið er á milli 12-20 alla daga. En hægt er að vinna einungis um kvöld og helgar.

Upplýsingar í síma 776-4111

**PROCAR BÍLALEIGA ÓSKAR EFTIR**

**STARFSFÓLKI Í EFTIRFARANDI STÖRF:**
Starfstöð Reykjavík:

óskar eftir starfsmanni í afgreiðslu, vaktavinna (dagvakt), tölvu og enskukunnátta skilyrði. Meirapróf skilyrði.

Starfstöð Keflavik:

óskar eftir bókara í fast starf, æskileg kunnátta, word, exel og DK.

**Áhugasamir sendi umsókn á job@procar.is**

### Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.

**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000 Netfang proventus@proventus.is**

## Fasteignir

# Til sölu

## Brúðarkjólaverslun | Herrafataleiga og -sala

**Stærsta og elsta verslunin sem sérhæfir sig í sölu og leigu á fatnaði í tengslum við brúðkaup og aðra viðburði. Verslunin er ein þekktasta og elsta í sínum bransa og býður upp á fatnað frá heimsþekktum hönnuðum.**

**Hér er einstakt tækifæri fyrir aðila sem þegar eru inná svipuðum markaði eða þá sem vilja taka við rótgrónu fyrirtæki með topp vörumerki. Verslunin hefur vaxið þétt og örugglega undanfarin ár.**

**Til greina kemur að selja hluta rekstursins líkt og til dæmis herrafataleiguna -söluna.**

**Upplýsingar eru ekki gefnar upp í gegnum síma.**

**Vinsamlegast sendið fyrispurnir með nafni og síma á netfangið bjorgvin@atv.is.**

atv FASTEIGNIR & FYRIRTÆKI

**Björgvin Óskarsson**
Fyrirtækjaráðgjafi
lögg. leigumiðlari
lögg. eignaskiptal.

## Tilkynningar

# Auglýsing um skipulagsmál

## Bláskógabyggð, Grímsnes-og Grafningshreppi, Hrunamannahreppi, Skeiða-og Gnúpverjahreppi, Flóahreppi og Ásahreppi

Samkvæmt 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar lýsingar fyrir eftirfarandi deiliskipulagsverkefni:

1. **Deiliskipulag fyrir Sandamýri úr landi Einiholts 1 í Bláskógabyggð. Íbúðar- og aðstöðuhús á landbúnaðarlandi.**
Kynnt er lýsing deiliskipulags fyrir 10,36 ha spildu úr landi Einiholts 1 sem kallast Sandamýri (lnr. 223807). Liggur spildan upp að landi Gígjarhólskots 2, milli Einiholtslækjar og Einiholtsvegar. Er fyrirhugað að stofna lögbýli á landinu og byggja þar íbúðarhús og aðstöðuhús fyrir dýralækningar.
2. **Deiliskipulag fyrir frístundabyggðina Sólbrekku úr landi Syðri-Brúar í Grímsnes- og Grafningshreppi.**
Kynnt er lýsing deiliskipulags frístundahúsasvæðis úr landi Syðri-Brúar, sem í aðalskipulagi er merkt sem F14a. Þar kemur m.a. fram að um er að ræða skipulag svæðis sem er um 36 ha að stærð og byggðist upp á 8. – og 9. áratug síðustu aldar. Helstu markmið deiliskipulagsins eru m.a. að staðfesta lóðarmörk innan svæðis, setja samræmda byggingarskilmála auk þess sem gert er ráð fyrir að bæta við 10 nýjum lóðum.
3. **Deiliskipulag fyrir tvær landbúnaðarlóðir úr landi Efri-Grófar í Flóahreppi fyrir byggingu íbúðarhúss og skemmu/ hesthúss.**
Kynnt er lýsing deiliskipulags tveggja lóða úr landi Efri-Grófar, annars vegar Efri-Grófar lóð 5 (lnr. 223471) sem er 30 ha að stærð og Þingáss (lnr. 224358) sem er 10,42 ha. Er gert ráð fyrir að á lóðunum verði heimilt að byggja íbúðarhús með bílskúr auk hesthúss/skemmu.
4. **Deiliskipulag fyrir landið Steinhólar (Skálmholt land F lnr. 199346) í Flóahreppi. Bygging íbúðarhús, gestahúss og útihúss.**
Kynnt er lýsing deiliskipulags sem nær til hluta lands sem í dag heitir Skálmholt land F lnr 199346. Fyrirhugað er að landið fái heitið Steinhólar og að á því verði heimilt að byggja íbúðarhús, bílskúr, útihús, geymslu og fjölnotahús. Aðkoma að landinu er af Skeiða- og Hrunamannavegi rétt norðaustan vegtengingar við Suðurlandsveg.
5. **Deiliskipulag fyrir tvær íbúðarhúsalóðir úr landi Langholts 2 í Flóahreppi.**
Kynnt er lýsing deiliskipulags fyrir tvær íbúðarhúsalóðir á um 4 ha lands úr landi Langholts 2 austan við núverandi bæjartorfu þar sem heimilt verður að byggja íbúðarhús, bílskúr og hesthús/skemmu.

Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur að eftirfarandi deiliskipulagsáætlunum:

6. **Deiliskipulag fyrir nýtt lögbýli sem kallast Árheimar úr landi Hólmasels 2 í Flóahreppi.**
Auglýst er tillaga að deiliskipulagi sem nær til um 14,4 ha spildu úr landi Hólmasels 2. Er heildarstærð landsins 58,1 ha og er það skráð sem lögbýli sem fá mun nafnið Árheimar. Samkvæmt tillögunni er gert ráð fyrir byggingu hesthúss og reiðskemmu, allt að 300 fm íbúðarhúss á 1 – 2 hæðum auk þriggja allt að 150 fm starfsmanna-/gestahúsa.
7. **Breyting á deiliskipulagi Tjarnholtsmýrar úr landi Bjarnastaða í Grímsnes- og Grafningshreppi. Breyting á frístundahúsalóðum í landbúnaðarlóðir.**
Auglýst er tillaga að breytingu á deiliskipulagi 85 ha svæðis úr landi Bjarnastaða sem kallast Tjarnholtsmýri. Samkvæmt gildandi deiliskipulagi eru 11 frístundahúslóðir innan skipulagssvæðisins sem eru á bilinu um 2,5 ha til um 10 ha að stærð. Samkvæmt aðalskipulagi er landið skilgreint sem landbúnaðarsvæði og með þessari breytingu er verið að breyta lóðunum til samræmis við það, þ.e. breyta lóðunum úr frístundahúsalóðum í landbúnaðarlóðir/ smábýli. Í stað frístundahúss verður heimilt að byggja íbúðarhús, bílgeymslu/aðstöðuhús og hesthús.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma frá 9-16. Að auki er hægt að nálgast nánari lýsingu á tillögunum og tillögurnar sjálfar á vefslóðinni http://www.utu.is.

Skipulagstillögur 1-5 eru í kynningu frá 21. mars til 6. apríl 2018 en tillögur 6-7 frá 21. mars til 4. maí. Athugasemdir og ábendingar við tillögur 1-5 þurfa að berast skipulagsfulltrúa í síðasta lagi 6. apríl 2018 en 4. maí fyrir tillögur 6-7. Athugasemdir og ábendingar skulu vera skriflegar.

***Pétur Ingi Haraldsson***
***Skipulagsfulltrúi***
***petur@utu.is***

FRÉTTABLAÐIÐ

89%
af lesendum dagblaða*
á höfuðborgarsvæðinu
á aldursbilinu 18–49 ára
lesa Fréttablaðið daglega.




*Fréttablaðið og Morgunblaðið.
Heimild: Prentmiðlamæling Gallup okt. des. 2017.




Allt sem þú þarft ...

skrá vegna kaupa Haga á Olís, sem Samkeppniseftirlitið birti á vef sínum í nóvember á síðasta ári, að markmið kaupanna sé að „víkka út starfsemi Haga sem fyrir var þannig að unnt verði að ná fram aukinni hagræðingu í rekstri og bættri þjónustu við viðskiptavini félaganna, meðal annars í nýju og breyttu markaðsumhverfi með innkomu verslunarrisans Costco inn á íslenskan dagvöru- og olíumarkað“.

Í samrunaskránni eru jafnframt tilteknir helstu samlegðarmöguleikar félaganna. Felast þeir í lægri skrifstofu- og stjórnunarkostnaði Olís með samnýtingu á ýmsum sviðum sem og mögulegri hagræðingu á húsnæðiskostnaði, flutningskostnaði og innkaupakostnaði. Auk þess skapist möguleikar á betri innkaupum og hagkvæmari rekstri vöruhúsa sem séu forsendur lægra vöruverðs til viðskiptavina.

Í samrunaskrá vegna kaupa N1 á Festi segir berum orðum að kaupin skapi „tækifæri til að byggja upp enn öflugra félag sem er betur í stakk búið til að takast á við síbreytilegt samkeppnisumhverfi. Festi er á meðal stærri smásölufyrirtækja landsins og eru vissir möguleikar á samþættingu í rekstri fyrirtækjanna auk þess sem ná má betri nýtingu á góðum staðsetningum verslana og þjónustustöðva fyrirtækjanna“.

Helstu samlegðaráhrifin, að því er segir í samrunaskránni, eru fólgnir í því að hægt verður að loka þjónustustöðvum N1 inni í hverfum og setja upp sjálfsafgreiðslustöðvar þess í stað við dagvöruverslanir Festar, Krónuverslanirnar. Með því megi gera rekstrareiningar hagkvæmari og selja lóðir sem auðvelt er að koma í verð. Jafnframt séu ýmis tækifæri til þess að selja dagvörur Krónunnar á eldsneytisstöðvum N1 víða um land. Einnig telja félögin mögulegt að ná fram auknu hagræði í yfirstjórn, innkaupum og dreifingu á vörum. Eru áætluð samlegðaráhrif af sameiningu félaganna á bilinu 500 til 600 milljónir króna.

**Möguleikar slíkra fyrirtækja til þess að stækka við sig í gegnum samruna eða yfirtöku á öðrum félögum eru verulega takmarkaðir.**



Heimir Örn Herbertsson, sérfræðingur við lagadeild Háskólans í Reykjavík

Greinendur hafa auk þess bent á mikilvægi þess að kaup Haga og N1 nái fram að ganga ætli fyrirtækin sér að halda sjó í því árferði sem nú ríkir á smásölumarkaði. Sérfræðingar Landsbankans hafa til dæmis sagt að gangi áform fyrirtækjanna eftir megi gera ráð fyrir að þau eigi umtalsvert inni til hækkunar á hlutabréfaverði þeirra. Setji samkeppnisyfirvöld þeim stólinn fyrir dyrnar verði fyrirtækin hins vegar í „mun erfiðari“ stöðu til þess að takast á við breytt umhverfi.

**Möguleikarnir verulega takmarkaðir**

Heimir Örn segir að samkeppnisyfirvöld verði samkvæmt gildandi samkeppnislögum að meta hvort samrunar séu til þess fallnir að raska samkeppni, einkum með sköpun eða styrkingu á markaðsráðandi stöðu fyrirtækja. Möguleikar slíkra fyrirtækja til þess að stækka við sig í gegnum samruna eða yfirtöku á öðrum félögum séu verulega takmarkaðir.

Hann vísar í þessu sambandi til niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins í máli Haga og Lyfju síðasta sumar, en þá var það mat eftirlitsins að kaup Haga myndu hafa skaðleg áhrif á samkeppni á þeim mörkuðum sem fyrirtækin starfa bæði á, ekki hvað síst á hreinlætis- og snyrtivörumarkaði. Voru ekki taldar forsendur til þess að ætla að innkoma Costco á markaðinn hafi dregið verulega úr sterkri stöðu Haga.

Heimir Örn segir að þegar samruninn hafi verið til rannsóknar hjá Samkeppniseftirlitinu hafi Costco aðeins starfað hér á landi í fáeinar vikur. Á þeim tíma hafi einfaldlega verið of snemmt að segja til um áhrif af innkomu Costco.

Ekki dugi til þótt menn hafi það á tilfinningunni að samkeppnisumhverfið sé að breytast. Slíkar breytingar verði að vera unnt að mæla og staðreyna. Til þess noti samkeppnisyfirvöld ákveðnar aðferðir sem þó séu óvissu og takmörkunum háðar. „Meiri umræða mætti hins vegar eiga sér stað almennt um þá aðferðafræði sem notuð er við að meta líklegt áhrif samruna á samkeppni. Líta þarf þar ekki síst til þess hvernig íslensk fyrirtæki geti brugðist við samkeppni, til dæmis frá erlendum stórfyrirtækjum, meðal annars með því að efla hagræðingu, en á sama tíma standa vörð um hagsmuni íslenskra neytenda af því að hér á landi ríki virk og raunveruleg samkeppni,“ segir Heimir Örn.

## Von á ítarlegum skilyrðum um stjórnarsetu



**Eggert B. Ólafsson, lögfræðingur hjá Samkeppnisráðgjöf.**

Eggert B. Ólafsson, lögfræðingur hjá Samkeppnisráðgjöf, segir ekki ólíklegt að Samkeppniseftirlitið setji – annars vegar í samrunamáli Haga og Olís og hins vegar í máli N1 og Festar – ítarleg skilyrði um stjórnarsetu í keppinautum á eldsneytismarkaðinum.

„Ef samruna Haga og Olís verður ekki sett skilyrði er varða stjórnarsetu í félögunum, sem og tilnefningu af hálfu félaganna á stjórnarmönnum í enn öðrum félögum, þá er hætta á því að viðkvæmar viðskiptaupplýsingar berist á milli keppinauta,“ segir hann.

Það geti leitt til þess að einkenni fákeppni verði enn sterkari á eldsneytismarkaðinum.

Af nýlegri tilkynningu Samkeppniseftirlitsins, sem varðaði rannsókn eftirlitsins á samruna Haga og Olís, má ráða að forsvarsmenn eftirlitsins hafi umtalsverðar áhyggjur af víðtæku eignarhaldi lífeyrissjóða á fyrirtækjum á eldsneytis- og dagvörumarkaði. Eignatengsl fyrirtækjanna við birgja hafa einnig verið til skoðunar.

Lífeyrissjóðir eiga samanlagt um 50 til 60 prósenta hlut í N1 og Skeljungi. Með kaupum Haga á Olís kemst þriðja olíufélagið í eigu félags sem er að meirihluta í eigu lífeyrissjóða, en lífeyrissjóðir halda samanlagt á tæplega 60 prósenta hlut í Högum. Þá eru lífeyrissjóðir stórir hluthafar í Festi, bæði með beinum hætti og í gegnum stærsta hluthafa Festar, framtakssjóðinn SÍA II, sem stýrt er af eignastýringafélaginu Stefni.

Af einstökum lífeyrissjóðum má nefna að Gildi er stærsti hluthafi Haga og Skeljungs og næststærsti hluthafi N1. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins er næststærsti hluthafi Haga og Skeljungs og þriðji stærsti hluthafi N1. Þá er Lífeyrissjóður verslunarmanna stærsti hluthafi N1 og þriðji stærsti hluthafi Haga.

Ljóst þykir að Samkeppniseftirlitið muni ekki samþykkja umrædda samruna nema gripið verði til víðtækra aðgerða vegna hins umsvifamikla eignarhalds sjóðanna í fyrirtækjunum.

Eggert segir blasa við að setja verði sérstök skilyrði um stjórnarsetu í samrunamáli Haga og Olís. „Það gengur til dæmis ekki að stjórnarmenn eða starfsmenn Olís eða einhverjir nákomnir þeim, eða Haga ef Olís rennur rekstrarlega inn í Haga, taki sæti í stjórn N1 eða Skeljungs og öfugt,“ nefnir hann.

Auk þess bendir Eggert á að ef félögin Aðföng og Bananar, sem tilheyra samstæðu Haga, séu stórir birgjar gagnvart Olís, N1 og Skeljungi, þá ættu stjórnendur og stjórnarmenn í umræddum félögum ekki að geta tekið sæti í stjórn Olís.



## Vilja opna hagfræðideildina

Boðið verður upp á MA-nám í hagnýtri hagfræði í fyrsta skipti í hagfræðideild Háskóla Íslands nú næsta haust. Ásgeir Jónsson, forseti deildarinnar, segir námið einkum ætlað þeim sem hafa lokið grunnnámi í öðrum greinum en hagfræði og vilja öðlast hagnýta þekkingu á faginu, meðal annars til þess að auka möguleika sína á vinnumarkaði. Skyldukúrsar verði fremur fáir og nemendum gefið frelsi til þess að raða saman valkúrsum innan og utan deildar, til dæmis í fjármálum og viðskiptafræði.

Ásgeir segir hagfræði vera mjög vaxandi grein hér á landi. „Hún hefur enda svör á reiðum höndum við öllum vandamálum samtímans. Við viljum því opna deildina og gera fleirum kleift að sækja sér þekkingu til okkar og MA-nám er einn liður í því. Samhliða þessum nýju áherslum höfum við tekið upp 6-7 vikna lotukerfi í kennslu í stað hefðbundinnar 13 vikna námsannar þar sem nemendur taka aðeins tvo kúrsa í hverri lotu. Þetta nýja fyrirkomulag skerpir fókusinn á náminu og við getum nýtt fyrstu námslotuna til þess að byggja undirstöðu í þjóðhagfræði og rekstrarhagfræði ásamt því að fara yfir þá stærðfræði og tölfræði sem nauðsynleg er fyrir námið.“ **– hae**






# Ábyrgar fjárfestingar með góðri ávöxtun



**Kristján Guy Burgess**
ráðgjafi um ábyrgar fjárfestingar



**Brynjólfur Stefánsson**
ráðgjafi um ábyrgar fjárfestingar

Á allra síðustu misserum hafa alþjóðlegir fjárfestar stigið stór skref í átt til þess að axla aukna ábyrgð í umhverfis- og samfélagsmálum. Nýjar alþjóðlegar rannsóknir, t.d. frá Harvard-háskóla og McKinsey, hafa sýnt að ábyrgar fjárfestingar, þar sem horft er til umhverfismála, samfélagsáhrifa og stjórnarhátta, geta skilað jafn góðri og jafnvel betri ávöxtun en hefðbundnar fjárfestingar. Í mörgum tilfellum hefur vel úthugsuð stefna um ábyrgar fjárfestingar haft meiri ávinning í för með sér en hefðbundnar fjárfestingarleiðir. Hér nægir að nefna fjögur dæmi frá því nýja árið gekk í garð, um hraða þróun ábyrgra fjárfestinga: Norski olíusjóðurinn, stærsti fjárfestingarsjóður heims, hefur ákveðið að losa um fjárfestingar í níu fyrirtækjum til viðbótar við um hundrað önnur vegna mannréttindabrota, neikvæðra umhverfisáhrifa eða aðkomu að framleiðslu kjarnavopna.

Annað dæmi er að erlendir lífeyrissjóðir eins og stærsti lífeyrissjóður Evrópu, hollenski sjóðurinn ABP, hafa bannað fjárfestingar í tóbaksfyrirtækjum og framleiðendum kjarnavopna ásamt því að tryggja að fjárfestingar þeirra séu í anda Parísarsamkomulagsins um minni útblástur gróðurhúsalofttegunda. Nú eru ýmsir fjárfestar að endurskoða fjárfestingar sínar í sjóðum sem eiga í skotvopnafyrirtækjum. Í þriðja lagi skrifaði forstjóri stærsta eignastýringarfyrirtækis heims, BlackRock, bréf til allra forstjóra þeirra fyrirtækja sem félagið tengist og hvatti þá til að taka tillit til samfélaganna sem þeir starfa í. Hann lagði einnig áherslu á aðgerðir vegna loftslagsbreytinga og nauðsyn þess að stjórnir fyrirtækja endurspegluðu fjölbreytilegri viðhorf. Þetta voru söguleg nýmæli. Og í fjórða lagi hefur Evrópusambandið kynnt til sögunnar tillögur að nýjum reglum á fjármálamarkaði til að hvetja til grænna fjárfestinga. Um mitt árið verða evrópsk fyrirtæki einnig skuldbundin til að tilgreina hvernig þau hyggist tryggja fjölbreytni í skipan stjórna.

### Þarf að stíga stærri skref

Hér á landi hafa málin verið að snúast í rétta átt en hreyfingin er þó mun hægari en í nágrannalöndum okkar. Samtök hafa verið stofnuð um ábyrgar fjárfestingar sem flestir af stærstu aðilum á íslenskum markaði eiga aðild að. Allir lífeyrissjóðir þurftu í desember að gera grein fyrir því í fjárfestingarstefnum sínum hvernig þeir hafa siðferðileg viðmið til hliðsjónar í samræmi við lög sem tóku gildi um mitt síðasta ár, og Arion banki hefur gefið út vandað smárit um umboðsskyldu þeirra sem fjárfesta annarra manna fé.

Allt eru þetta góð skref í rétta átt, en til að grípa tækifærin sem felast í hinni alþjóðlegu þróun um leið og ábyrgð er tekin á umhverfinu þarf að gera miklu meira. Skrefin þurfa að vera mun stærri og markvissari. Það er ekki tilviljun að þau mál sem hafa bakað íslenskum fjárfestum mest tjón og vandræði á síðustu árum hafa einmitt verið þar sem ekki var tekið nægjanlegt tillit til umhverfismála, samfélags eða góðra stjórnarhátta.

### Ekki eftir neinu að bíða

Ábyrgar fjárfestingar geta skilað góðri ávöxtun og ekki er eftir neinu að bíða fyrir íslenska fjárfesta, stóra og smáa að sækja fram. Við tökum undir með starfshópnum um málefni lífeyrissjóðanna sem skilaði skýrslu fyrir skemmstu um að eðlilegt sé að gerðar séu ríkari kröfur til þeirra en annarra fjárfesta um stjórnarhætti, upplýsingagjöf og gagnsæi þar sem þeir byggja á skylduaðild og hafa miklar skyldur gagnvart sjóðfélögum og öðrum umbjóðendum. Þess vegna verður ábyrg stefna í umhverfismálum, samfélagsáhrifum og stjórnarháttum að vera í forgrunni þegar lífeyrissjóðirnir auka til muna erlendar fjárfestingar sínar á næstu árum.


# Skrifstofuhúsnæði til leigu
# á besta stað í miðbænum





**Skrifstofuhúsnæði til leigu á 1. Hæð, Hverfisgötu 4, 101 Reykjavík**

- Komið er inn í rýmið í gegnum sameiginlegt stigahús í miðju húsinu
- Björt skrifstofa með stórum gluggum og fallegu útsýni
- VSK húsnæði
- Stærð 209,8m²
- Húsnæðið er laust

**Óskum eftir tilboðum.**
Áhugasamir hafi samband við svava@ipstudium.is

tl.is

# VivoBook

FRÁ ASUS



ASU-E402NAFA154T

## HAGKVÆM 14" Á TILBOÐI

TRAUST 14" ASUS FARTÖLVA MEÐ INTEL ÖRGJÖRVA, FULL HD HÁSKERPUSKJÁ OG SSD DISKI.

**49.995**

FULLT VERÐ 59.995



**64.995**

ASU-E502NADM046T

### 15'6" MEÐ HÁSKERPUSKJÁ

15,6" VIVOBOOK FARTÖLVA MEÐ INTEL ÖRGJÖRVA, HRAÐVIRKUM 128GB SSD DISKI OG USB-C TENGI.



**89.995**

ASU-S410UAEB108T

### INTEL i3 MEÐ NANOEDGE

GLÆSILEGA HÖNNUÐ 14" ASUS VIVOBOOK MEÐ ÞUNNUM NANOEDGE SKJÁRAMMA SEM GERIR FARTÖLVUNA SÉRSTAKLEGA NETTA. INTEL i3, 8GB VINNSLUMINNI OG SSD DISKUR.



**169.995**

ASU-S510UABQ435T

### FJÖGURRA KJARNA INTEL i7

KRAFTMIKIL VINNSLA Í NETTRI 15,6" FARTÖLVU. INTEL i7 QUAD CORE ÖRGJÖRVI, STÓR 512GB SSD OG PLÁSS TIL ÞESS AÐ BÆTA VIÐ AUKADISKI.

## SKOÐAÐU VIVOBOOK OG FARTÖLVUÚRVAL TÖLVULISTANS Í NETVERSLUN OKKAR Á TL.IS

TÖLVU LISTINN

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | EGILSSTAÐIR | REYKJANESBÆR | SELFOSS | AKRANES |
|---|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRTORG | GARÐARSBRAUT 18A | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | ÞJÓÐBRAUT 1 |

## Skotsilfur

### Tekur við af Þorsteini



**Kristín Pétursdóttir**, fyrrverandi forstjóri upplýsingatæknifyrirtækisins Mentors, mun taka við formennsku í stjórn Kviku banka af Þorsteini Pálssyni á aðalfundi bankans í dag. Kristín var áður stjórnarformaður verðbréfafyrirtækisins Virðingar, forvera Kviku, en hún stofnaði á sínum tíma Auði Capital sem síðar sameinaðist Virðingu. Auk Kristínar kemur Guðjón Reynisson, fyrrverandi forstjóri bresku leikfangaverslunarkeðjunnar Hamleys, nýr inn í stjórn fjárfestingabankans. Þau Hrönn Sveinsdóttir, Inga Björg Hjaltadóttir og Guðmundur Þórðarson verða öll endurkjörin í stjórn á aðalfundinum. Þá munu Kristín Guðmundsdóttir og Pétur Guðmundsson taka sæti í varastjórn bankans.

### Einkaaðilar á undan



Það er kunnara en frá þurfi að segja að illa hefur gengið að selja eignarhluti ríkisins í bönkunum og skrá þá á markað á síðustu árum. Bankasýsla ríkisins, sem **Jón Gunnar Jónsson** stýrir, hefur farið með hluti ríkisins í bönkum allt frá stofnun árið 2010. Engu að síður var það banki í eigu einkaaðila sem var skráður fyrst á markað, en hlutabréf Kviku voru tekin til viðskipta á First North markaðinum síðasta föstudag. Ríkið hefur ítrekað boðað að hlutir þess í bönkum verði seldir eða skráðir á markað að hluta til en lítið hefur gerst í þeim efnum.

### Elín formaður



**Elín Jónsdóttir**, sem kjörin var í stjórn greiðslukortafyrirtækisins Borgunar á aðalfundi síðasta fimmtudag, mun gegna stjórnarformennsku í félaginu. Hún kom ný inn í stjórnina ásamt Ara Daníelssyni, fyrrverandi framkvæmdastjóra Glitnis í Lúxemborg. Komu þau í stað Erlends Magnússonar, sem hafði verið stjórnarformaður Borgunar frá 2015, og Sigrúnar Helgu Jóhannsdóttur lögmanns, en Íslandsbanki, sem á 63,5 prósenta hlut í félaginu, ákvað að skipta út tveimur af þremur óháðum stjórnarmönnum sínum í stjórn Borgunar. Elín var áður framkvæmdastjóri VÍB, eignastýringarþjónustu bankans.

## Áhrifafjárfestir vill umbreyta Barclays




Fjárfestingasjóður breska auðkýfingsins Edwards Bramson, sem er þekktur áhrifafjárfestir, hefur eignast yfir fimm prósenta hlut í bankanum Barclays. Talið er líklegt að Bramson muni – í krafti hlutafjáreignar sinnar – reyna að komast í stjórn bankans og umbreyta starfsemi hans, líkt og fjárfestirinn er frægur fyrir. Hlutabréf bankans hækkuðu um 3,6 prósent eftir að tíðindin bárust en þau hafa lækkað umtalsvert síðustu 12 mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Hvað varð um fjórfrelsið?



**Agnar Tómas Möller**
framkvæmdastjóri Sjóða hjá GAMMA

Á fundi í kjölfar vaxtaákvörðunar þann 7. mars síðastliðinn, svaraði Már Guðmundsson seðlabankastjóri, þeim gagnrýnisröddum sem beinst hafa að innflæðishöftum Seðlabankans og færði fram ýmis rök þeim til stuðnings. Þar dró seðlabankastjóri meðal annars fram myndir af ýmsum skammtíma vaxtamælikvörðum því til rökstuðnings að markaðsvextir hefðu vel fylgt vaxtalækkunum Seðlabankans. Vaxtaleiðni vaxta bankans þyrfti að vísu að vera verulega stífluð til að svo væri ekki. Aftur á móti dró seðlabankastjóri ekki fram myndir af langtímavöxtum enda hafa fastir vextir íbúðalána banka og lífeyrissjóða staðið í stað þrátt fyrir mikla lækkun grunnvaxta, sem og fastir vextir stærstu útgefenda fyrirtækjaskuldabréfa hér á landi. Það sem verra er, mörg fyrirtæki fá einfaldlega ekki fjármögnun í góð og traust verkefni vegna skorts á fjármagni og þröngra lánaskilyrða í bankakerfinu í dag.

Ástæða þessa er einföld: eftir afnám útflæðishafta hafa lífeyrissjóðir beint fjárfestingum sínum til útlanda á sama tíma og innlendar fjárfestingar þeirra hafa að miklu leyti farið í veitingu sjóðsfélagalána. Einnig eru lífeyrissjóðir nú þegar stórir mótaðilar skráðra íslenskra fyrirtækja og hafa því að meðaltali takmarkaðan áhuga á að bæta þar mikið við. Á sama tíma og verulega er tekið að hægja á íslensku atvinnulífi og fjárfesting, önnur en íbúðafjárfesting og fjárfesting hins opinbera, er að dragast saman, vantar íslenskt efnahagslíf sárlega það súrefni sem erlend langtímafjárfesting gæti verið við slíkar aðstæður.

Annað áhugavert úr ræðu seðlabankastjóra var staðfestingin á því að innflæðishöftin séu orðin órjúfanlegur hluti af peningastefnunni og leggist þannig ofan á það mikla aðhald sem bankinn viðheldur í gegnum hátt vaxtastig. Líkt og bent var á í grein undirritaðs í Markaðnum fyrir rúmum mánuði, „Raunvextir á krossgötum“ („Raunvextir á krossgötum“ – visir.is/g/2018180219489), er raunvaxtastig á Íslandi nú þegar í engu samhengi við raunvaxtastig annarra ríkja og því erfitt að átta sig á nauðsyn þess að keyra í ofanálag upp þá föstu vexti sem íslenskum heimilum og fyrirtækjum bjóðast til lengri tíma.

**Frjálst flæði fjármagns?**

Í því samhengi er áhugavert að velta því upp hvernig það varð hluti af peningastefnunni að hindra frjálst flæði fjármagns, þvert á ákvæði EES-samningsins.

Í niðurstöðu Eftirlitsstofnunar ESA vegna kvörtunarmáls sem hófst haustið 2016 vegna setningar innflæðishaftanna (birt 26. júní 2017, mál nr. 79283, skjal 853287) kemur skýrt fram hvaða skilyrði þurfa að vera uppfyllt til þess að aðildarríki megi víkja frá meginreglunni um frjálst flæði fjármagns á Evrópska efnahagssvæðinu. Þar segir að ef umtalsverð hætta sé á að ríki lendi í vandræðum með greiðslujöfnuð, geti viðkomandi land gripið til aðgerða til að verja sig. Lögð er áhersla á að um sé að ræða heimild til tímabundinna aðgerða. ESA vitnar í svar Seðlabankans sem segir að tilgangur innflæðishaftanna sé að koma í veg fyrir ofgnótt af innflæði skammtíma „spákaupmennsku“ fjármagns og minnka þannig hættu á efnahagslegu og fjármálalegu ójafnvægi.

Í niðurstöðu ESA segir að rökstuðningurinn fyrir því að gjaldeyrishöftin voru dæmd leyfileg á sínum tíma sé sá að Ísland hefði átt í greiðslujafnaðarerfiðleikum og að innflæðishöftin séu órjúfanlegur þáttur af gjaldeyrishöftunum. Þetta segir í svari ESA í júní 2017, þegar gjaldeyrishöftin hafa í raun verið afnumin sem bendir til að svar ESA hafi verið skrifað fyrir afnám gjaldeyrishafta fyrri hluta árs 2017. Jafnframt kemur fram í umræddri ákvörðun, að íslenska ríkið hafi lýst því yfir gagnvart ESA að reglur um innflæðishöft séu „nátengdar yfirstandandi losun gjaldeyrishafta“, og byggi á þeirri hugmynd að greiðslujöfnuði gæti verið stefnt í hættu vegna uppsafnaðrar fjárfestingarþarfar innlendra aðila erlendis og að innflæði í aðdraganda losunar gjaldeyrishafta gæti snúist í útflæði eftir afnám gjaldeyrishafta.

Það liggur því augum uppi að áhyggjur íslenska ríkisins, sem og tímabundið samþykki ESA fyrir höftunum, hafa ekkert með þann raunveruleika sem við blasir í dag að gera. Þess í stað hafa innflæðishöftin orðið að sjálfstæðu verkfæri í peningastefnu Seðlabankans, sem treystir sér ekki til að framkvæma peningastefnuna án stuðnings hafta. Kannski það sé kominn tími á að ESA kíki í heimsókn?

# Er langtíma stefnumótun ómöguleiki á Íslandi?



**Anna Björk Bjarnadóttir**
framkvæmdastjóri Expectus og FKA-félagskona

Gott samfélag er í mínum huga samfélag þar sem það telst eðlilegt ferli hjá yfirvöldum og öllum helstu hagsmunaaðilum að setjast reglulega niður og móta stefnu til 10-20 ára fyrir allar grundvallarstoðir samfélagsins. Grundvallarstoðir eins og heilbrigðismál, samgöngumál, loftslagsmál, menntun, rannsóknir og nýsköpun, atvinnuvegir og svo mætti lengi telja.

Margir undirþættir eru svo í hverri grunnstoð, sem hver þarf sína sérstöku stefnu sem aftur tengist yfirstefnunni á skýran hátt. Þannig heyrir undir heilbrigðismál að móta sérstaka stefnu í öldrunarmálum og þar undir jafnvel sérstaka stefnu í því málefni aldraðra sem snýst um heilabilun. Innan heildstæðrar stefnu um menntamál þarf að fara dýpra í menntun og rannsóknir á hverju skólastigi með þar til gerðum undirstefnum. Þvert á skólastig mætti svo hugsa sér sérstaka stefnu um að kerfið í heild eigi að geta mætt aukinni þörf fyrir nýja þekkingu inn í ný störf sem bylting í tækniþróun er óðfluga að skapa.

Þó nokkuð er til af stefnum í ofangreindum málaflokkum, en þær eiga það flestar sammerkt að ná aðeins til skamms tíma og að hafa ekki breitt eignarhald né sátt á bak við sig. Það þýðir að í hvert skipti sem ríkisstjórnarskipti eiga sér stað er bókstaflega allt undir. Heilu atvinnugreinarnar halda niðri í sér andanum á meðan ný ríkisstjórn vindur ofan af þeim ákvörðunum sem sú fyrri tók og kemur með nýjar áherslur. Þær áherslur umbylta svo öllu því sem myndar forsendur til atvinnureksturs, skólahalds, reksturs og uppbyggingar innviða og heilbrigðisstofnana og svo framvegis. Fyrirtækin, skólarnir, sjúkrahúsin og viðeigandi stofnanir sjá stefnu sína, framtíðarsýn, markmið og aðgerðaáætlanir liðast í sundur, því allt í einu er gefið upp á nýtt og spilin sem þau voru með á hendi eiga ekki lengur við.

Það er blóðugt að hugsa til þess sem tapast við að breyta sífellt um kúrs í bókstaflega öllu, þegar okkur sem samfélagi lánast ekki að vinna faglega langtímastefnumótun í því sem skiptir okkur mestu máli og við vitum að við getum í raun öll verið sammála um, sama hvar í flokki eða atvinnugrein við störfum.



## Frestur til
## að senda tilnefningar er til miðnættis
## 6. apríl

# Hefur þú orðið vitni að GÓÐVERKI?

## Óskað er eftir tilnefningum til samfélagsverðlauna Fréttablaðsins 2018

Til greina koma allir sem hafa lagt umtalsvert af mörkum til að bæta íslenskt samfélag.

Skorað er á lesendur Fréttablaðsins að senda inn tilnefningar um fólk og félagasamtök sem eiga skilið virðingarvott fyrir verk sín. Allir koma til greina, jafnt óþekktir einstaklingar sem vinna störf sín í hljóði, félagasamtök og þjóðþekktir karlar og konur sem hafa með gjörðum sínum og framgöngu verið öðrum fyrirmynd.

## Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins eru veitt í fimm flokkum.

### 1 Hvunndagshetjan

Einstaklingur sem sýnt hefur sérstaka óeigingirni eða hugrekki, hvort sem er í tengslum við einn atburð eða með vinnu að ákveðnum málaflokki í lengri tíma.

### 2 Frá kynslóð til kynslóðar

Hér koma til greina kennarar, leiðbeinendur, þjálfarar eða aðrir uppfræðarar sem skarað hafa fram úr á einhvern hátt. Einnig koma til greina félagasamtök sem sinna börnum af sérstökum metnaði og alúð.

### 3 Til atlögu gegn fordómum.

Einstaklingur eða félagasamtök sem hafa unnið ötullega að því að eyða fordómum í samfélaginu.

### 4 Heiðursverðlaun

Einstaklingur sem með ævistarfi sínu hefur stuðlað að betra samfélagi.

### 5 Samfélagsverðlaunin

Félagasamtök sem hafa unnið framúrskarandi mannúðar- eða náttúruverndarstarf og lagt sitt af mörkum til að gera íslenskt samfélag betra fyrir okkur öll. Verðlaunafé 1,2 milljónir.

Sendið tilnefningar um Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins með tölvupósti á netfangið samfelagsverdlaun@frettabladid.is, eða bréfleiðis merkt:

**Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík.**

Dómnefnd tekur allar innsendar tillögur til skoðunar.
Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins verða veitt 11. apríl.

SAMFÉLAGSVERÐLAUN
FRÉTTABLAÐIÐ

## Magnús hættir í bankaráði Landsbankans



Magnús Pétursson.

Magnús Pétursson, varaformaður bankaráðs Landsbankans og fyrrverandi ríkissáttasemjari, mun hætta í ráðinu á aðalfundi bankans sem fer fram í dag, miðvikudag. Samúel Guðmundsson, framkvæmdastjóri Sjávarkaupa, tekur sæti Magnúsar í bankaráðinu en hann hefur verið varamaður undanfarin tvö ár. Engar aðrar breytingar eru á meðal sjö aðalmanna í bankaráði Landsbankans. Magnús, sem er hagfræðingur að mennt og var fyrst kjörinn í bankaráð í apríl 2016, gegndi stöðu ríkissáttasemjara 2008 til 2015.

Tveir nýir varamenn eru tilnefndir í bankaráð Landsbankans. Þau eru Guðrún Ó. Blöndal, sem var framkvæmdastjóri Nasdaq verðbréfamiðstöðvar frá 2013 til 2018, og Þorvaldur Jacobsen, en hann starfar hjá Valcon Consulting A/S á sviði rekstrarráðgjafar og breytingastjórnunar. Þorvaldur var áður framkvæmdastjóri þróunarsviðs VÍS á árunum 2012 til 2017. **– hae**

**15.0.03.2018**

**Stjórnendur Seðlabankans hafa talið sig geta þaggað þetta mál niður og vonast til þess að ég gefist upp. Það mun ég ekki gera.**

Þorsteinn Már Baldvinsson, forstjóri Samherja



## Stjórnarmaðurinn

@stjornarmadur

## Gamaldags nútími

**Nú stendur** mikið til hjá öllum helstu valdastofnunum landsins. Stjórnmálaflokkar halda sín landsþing og aðalfundir eru haldnir hjá Kauphallarfélögunum. Sumir vilja meina að samkomur eins og þessar séu miklar lýðræðishátíðir. Þó virðist heldur vera farið að telja til undantekninga að samkeppni sé um helstu embætti. Þannig var sjálfkjörið í öll embætti á landsfundi Sjálfstæðisflokksins og er sjálfvalið í fimm manna stjórn Vodafone, en aðalfundur félagsins fer fram í vikunni. Um helgina var sömuleiðis tilkynnt að Pútín Rússlandsforseti hefði verið endur'kjörinn'.

**Nú er** það svo að lífeyrissjóðirnir hafa vitaskuld töglin og hagldirnar í öllum helstu skráðu félögum landsins. Fulltrúar þeirra eru alltumlykjandi í stjórnum. Sumir sitja í mörgum stjórnum víðsvegar um bæi og sveitir, jafnvel þótt á tyllidögum sé vísað í reglur viðskiptaráðs um góða stjórnarhætti, en samkvæmt þeim skilst stjórnarmanninum að ekki sé ráðlegt að sitja í fleiri en þremur stjórnum. Hvað sem því líður þá er reynsla af stjórnarstörfum ekki alltaf áhugaverðasti eiginleikinn þegar kemur að hæfi til stjórnarsetu. Ekki síður er mikilvægt að fólk hafi t.d. brett upp ermar í atvinnulífinu eða á öðrum vettvangi. Áhersla á reynslu má heldur ekki verða til þess að sömu mennirnir (þetta eru yfirleitt karlmenn) verði alltaf fyrir valinu og aðrir séu uppfyllingarefni. Þá verður ekki nauðsynleg endurnýjun, og ungu fólki er gert ómögulegt að öðlast hina margtuggðu reynslu.

**Þetta er** sambærilegur vandi og Sjálfstæðisflokkurinn stendur frammi fyrir. Vissulega er flokkurinn kannski eini raunhæfi valkostur þeirra sem aðhyllast frjálslyndi í efnahagsmálum. Hins vegar virðist flokkurinn eiga erfitt með að hrista af sér helstu kreddurnar sem ekkert eiga skylt við hægristefnu. Þá skiptir engu að velja ungt fólk til forystu ef það fær ekki að tjá sig þannig að jafnaldrar þess skilji. Hvernig á annars að útskýra ofuráherslu á að leggja verðmætasta byggingarland borgarinnar undir innanlandsflug fyrir ungri hægri sinnaðri manneskju? Eða hvernig það sé grundvallarréttur mannsins að bruna hindrunarlaust og einn síns liðs á sjö manna jeppabifreið með neglda hjólbarða eftir margakreina hraðbraut?

**Ungt og menntað** fólk sem komið hefur til útlanda skilur þetta auðvitað ekki. Sem betur fer er nú margt ungt og efnilegt fólk með nútímalegar skoðanir í forystu Sjálfstæðisflokksins á landsvísu og í borginni. Nú er bara að leyfa því að tjá sig og draga gamla valdaflokkinn inn í nútíðina.







# Finnur þú páskaungann?

Drögum út þrjá Vinningshafa daglega

Páskaglaðningur frá Nóa Siríus í verðlaun!






## Fréttablaðið.is efnir til páskaleiks dagana 21. - 27. mars.

### Svona virkar leikurinn:

1.) Farðu inn á **Fréttablaðið.is dagana 21. - 27. mars** og finndu bláa páskaungann

2.) Taktu mynd af páskaunganum, t.d. á símann þinn, og sendu okkur í skilaboð á Facebook eða Instagram

Þrír heppnir þátttakendur á dag fá páskaglaðning frá Nóa Siríus.

Alla daga kl. 10:00 munum við birta vísbendingu á Facebook og Instagram hvar á Fréttablaðið.is páskaunginn gæti verið þann daginn. Fylgstu með!

NS NÓI SÍRÍUS

FRÉTTABLAÐIÐ.IS

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Miðvikudagur

Sunnankaldi og víða rigning í dag, en hvassara vestast. Þurrt að kalla norðaustanlands og áfram milt í veðri.




## Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 5° | 1° | 1° |
| ↑8 | ←6 | ↖2 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 2° | 4° | -1° |
| ←9 | ↗5 | ↑10 |

## Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 4° | -4° | 1° |
| ↙4 | ↓14 | →4 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 1° | 3° | -2° |
| ↗2 | ↙2 | →3 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 4 | | | 9 | | | | 7 |
| 5 | | 8 | | 1 | 7 | | | 9 |
| 6 | | | | | | 8 | | |
| 7 | 8 | | 5 | | | | 3 | |
| 3 | | | 4 | | 2 | | | |
| 2 | | | | | | | | |
| | | | 3 | | 6 | 9 | 8 | |
| | | | 9 | 5 | | | | |
| | 5 | 3 | | 8 | 1 | 2 | 6 | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | | 5 | | 2 | | | | |
| 2 | | | | | 8 | | 9 | |
| 6 | | 8 | 1 | | 3 | | | |
| 9 | | | | 5 | 2 | 3 | 1 | |
| | 6 | | | 3 | | | | 8 |
| | | 2 | | | 1 | | | |
| 5 | 1 | | 9 | 6 | | | | 2 |
| | | | | | | 4 | | 1 |
| | | 6 | | | 7 | | | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | | 1 |
| | | | 7 | 9 | | | | 8 |
| | | 5 | 3 | | 6 | | | |
| | | | | 5 | | 3 | 1 | 9 |
| | 8 | | | | 9 | 7 | | |
| | | 1 | 2 | | 3 | | 5 | |
| | 3 | | | 2 | | | 8 | |
| 9 | | | | | | 4 | | |
| 1 | | 2 | 8 | | | | | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 8 | 2 | 1 | 9 | 5 | 3 | 6 | 7 |
| 9 | 3 | 7 | 2 | 6 | 8 | 4 | 5 | 1 |
| 5 | 1 | 6 | 4 | 7 | 3 | 2 | 8 | 9 |
| 6 | 2 | 5 | 7 | 8 | 4 | 9 | 1 | 3 |
| 7 | 4 | 1 | 9 | 3 | 6 | 5 | 2 | 8 |
| 3 | 9 | 8 | 5 | 1 | 2 | 6 | 7 | 4 |
| 2 | 7 | 3 | 6 | 4 | 1 | 8 | 9 | 5 |
| 8 | 5 | 9 | 3 | 2 | 7 | 1 | 4 | 6 |
| 1 | 6 | 4 | 8 | 5 | 9 | 7 | 3 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 6 | 1 | 5 | 7 | 2 | 9 | 8 | 3 |
| 7 | 3 | 5 | 9 | 8 | 4 | 2 | 1 | 6 |
| 2 | 8 | 9 | 3 | 6 | 1 | 5 | 7 | 4 |
| 3 | 1 | 7 | 4 | 2 | 8 | 6 | 9 | 5 |
| 5 | 9 | 8 | 6 | 3 | 7 | 4 | 2 | 1 |
| 6 | 2 | 4 | 1 | 5 | 9 | 7 | 3 | 8 |
| 8 | 4 | 6 | 2 | 9 | 3 | 1 | 5 | 7 |
| 9 | 5 | 3 | 7 | 1 | 6 | 8 | 4 | 2 |
| 1 | 7 | 2 | 8 | 4 | 5 | 3 | 6 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 6 | 1 | 3 | 7 | 4 | 8 | 9 | 2 |
| 7 | 3 | 8 | 2 | 6 | 9 | 1 | 5 | 4 |
| 9 | 2 | 4 | 5 | 1 | 8 | 3 | 6 | 7 |
| 8 | 1 | 3 | 9 | 4 | 5 | 7 | 2 | 6 |
| 2 | 5 | 7 | 6 | 3 | 1 | 4 | 8 | 9 |
| 6 | 4 | 9 | 7 | 8 | 2 | 5 | 3 | 1 |
| 3 | 7 | 5 | 1 | 2 | 6 | 9 | 4 | 8 |
| 1 | 8 | 2 | 4 | 9 | 3 | 6 | 7 | 5 |
| 4 | 9 | 6 | 8 | 5 | 7 | 2 | 1 | 3 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. bragform
5. skel
6. íþróttafélag
8. nísta
10. ekki
11. fálm
12. mynt
13. tamning
15. græðari
17. skemmdir

**LÓÐRÉTT**
1. drykkur
2. dugnaður
3. mánuður
4. að baki
7. iðnaðarmaður
9. þan
12. óregla
14. fugl
16. hreyfing




**LÁRÉTT: 1.** limra, **5.** aða, **6.** fh, **8.** gnísta, **10.** ei, **11.** pat, **12.** sent, **13.** ögun, **15.** læknir, **17.** skaði.
**LÓÐRÉTT: 1.** lageröl, **2.** iðni, **3.** maí, **4.** aftan, **7.** hattari, **9.** spenna, **12.** sukk, **14.** gæs, **16.** ið.

## Skák Gunnar Björnsson

Geszosz átti leik gegn Westermeier í Grikklandi árið 1979.
**Hvítur á leik**
**1. Dxg5!! hxg5 2. Hdh1 Dd3+**
**3. Rc2 Dxc2+ 4. Hxc2 Hfc8**
**5. Hcf2 Kf8 6. f6!**

**www.skak.is:** Nýjustu skákfréttir



## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman









MAK
MENNINGARFÉLAG AKUREYRAR



MENNINGARFÉLAG AKUREYRAR
Í SAMVINNU VIÐ LISTVINAFÉLAG HALLGRÍMSKIRKJU KYNNIR

J.S. BACH

# MATTEUSARPASSÍA

BWV 244

## STJÓRNANDI HÖRÐUR ÁSKELSSON

**HALLGRÍMSKIRKJA REYKJAVÍK · FÖSTUDAGINN LANGA 30. MARS 2018 KL. 18**
**HOF AKUREYRI · SKÍRDAG 29. MARS 2018 KL. 16**

FLYTJENDUR Á HEIMSMÆLIKVARÐA SAMEINAST UM FLUTNING Á ÞESSU STÓRKOSTLEGA MEISTARAVERKI UM PÁSKANA ÁSAMT HYMNODIU, KAMMERKÓR NORÐURLANDS, STÚLKNAKÓR AKUREYRARKIRKJU; BARNA- OG UNGLINGAKÓR HALLGRÍMSKIRKJU OG SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT NORÐURLANDS



KRISTINN SIGMUNDSSON
BASSI



HANNAH MORRISON
SÓPRAN



VALDEMAR VILLADSEN
TENÓR



HÖRÐUR ÁSKELSSON
STJÓRNANDI



ODDUR ARNÞÓR JÓNSSON
BARITÓN



ELMAR GILBERTSSON
TENÓR



HILDIGUNNUR EINARSDÓTTIR
MEZZO SÓPRAN

MIÐASALA

LISTVINAFELAG.IS | MIÐASALA HALLGRÍMSKIRKJU | SÍMI 510 1000
MAK.IS | MIÐASALA HOFS | SÍMI 450 1000

# Uppsveifla á Íslandi í áhuga á ljóðum

**Anton Helgi Jónsson er meðal skálda sem ætla að lesa upp ljóð í Hólavallakirkjugarði síðdegis í dag á alþjóðlegum degi ljóðsins sem hér er haldinn í fyrsta sinn.**

Víst er ég mikill áhugamaður um ljóð og ljóðlist, ég hef gaman af að lesa upp og líka að hlusta á aðra svo ég fagna hverju tækifæri til hvors tveggja,“ segir Anton Helgi Jónsson skáld. Hann lætur því ekki sitt eftir liggja á alþjóðlegum degi ljóðsins sem er í dag, heldur ætlar að lesa upp í Hólavallakirkjugarði, ásamt nokkrum öðrum skáldum sem yrkja á íslensku og einnig öðrum tungumálum. Ljóðagjörningur sá er í höndum Erin Honeycutt, listfræðings og skálds, og ber heitið Áður en áður en eða The before the before. Hann hefst klukkan 18 við leiði skáldsins Benedikts Gröndal, í elsta hluta garðsins alveg við Suðurgötu, nálægt Skothúsvegi.

**ÉG HEF GAMAN AF AÐ LESA UPP OG LÍKA AÐ HLUSTA Á AÐRA SVO ÉG FAGNA HVERJU TÆKIFÆRI TIL HVORS TVEGGJA.**

Þó Anton Helgi sé nú að setja saman litla prósabók ætlar hann ekki að lesa upp úr henni heldur úr syrpu af ljóðum sem hann á í handraðanum og segir svolítið spaugileg – flest. „Ég var einmitt að kíkja á þau,“ segir hann. „Titill þeirra allra vísar í dag ljóðsins, Samræða á degi ljóðsins, Ávarp á degi ljóðsins, Hæka á degi ljóðsins, Fyrirmæli á


Anton Helgi í Hólavallakirkjugarði þar sem ljóðagjörningur fer fram síðdegis í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

FRAMTÍÐARLAUSN Í BÓKHALDINU
FJÁRHAGUR
BIRGÐIR
LAUNABÓKHALD
VERKBÓKHALD
VIÐSKIPTAVINIR
LÁNADROTTNAR
UNICONTA
SÍMI 510 6000 - WWW.SVAR.IS
svar.)
ÞÍN STAFRÆNA FRAMTÍÐ

# Tælandi transylvanískt teiti

LEIKHÚS

**Rocky Horror Show**

★★★★☆

**Richard O'Brien**

**Leikstjórn:** Marta Nordal
**Leikarar:** Páll Óskar Hjálmtýsson, Þórunn Arna Kristjánsdóttir, Haraldur Ari Stefánsson, Brynhildur Guðjónsdóttir, Vala Kristín Eiríksdóttir, Arnar Dan Kristjánsson, Valdimar Guðmundsson, Katla Margrét Þorgeirsdóttir og Valur Freyr Einarsson
**Dansarar:** Steve Lorenz, Arna Sif Gunnarsdóttir, Guðmunda Pálmadóttir, Margrét Erla Maack, Valgerður Rúnarsdóttir, Viktoría Sigurðardóttir og Yannier Oviedo
**Danshöfundur:** Lee Proud
**Tónlistarstjórn:** Jón Ólafsson
**Leikmynd:** Ilmur Stefánsdóttir
**Búningar:** Filippía I. Elísdóttir
**Lýsing:** Björn Bergsteinn Guðmundsson
**Leikgervi:** Filippía I. Elísdóttir og Elín S. Gísladóttir
**Hljóðhönnun:** Gunnar Sigurbjörnsson og Baldvin Þór Magnússon

Ekki kom á óvart að Rocky Horror Show sló forsölumet eftir fréttirnar um að Páll Óskar Hjálmtýsson myndi snúa aftur á svið og endurnýja kynni sín við hinn goðsagnakennda Frank-n-Furter. Eftirvæntingin var því töluverð síðastliðinn föstudag þegar söngleikurinn í leikstjórn Mörtu Nordal, í splunkunýrri þýðingu Braga Valdimars, var frumsýndur á stóra sviðinu. Hjónaleysin Brad og Janet, leikin af Haraldi og Þórunni Örnu, slysast inn í dularfullan kastala á dimmri, blautri nóttu eftir að dekkið á bílnum þeirra springur. Þetta verður nótt sem þau gleyma aldrei …

Púkalega parið er tengiliður áhorfenda inn í verkið en Þórunn Arna og ferðalag skírlífu Janet Weiss að kynfrelsinu er sjón að sjá. Í raun er það hún sem leiðir áhorfendur í gegnum sýninguna. Bæði leikurinn og söngurinn er sér á parti. Hún á líka eitt af bestu númerum kvöldsins þegar Janet hreinlega tryllist af taumlausri þrá. Ekki tekst alveg eins vel til hjá Haraldi sem er óöruggur framan af en blómstrar í einsöng sínum.

Páll Óskar er stjarnan, á því er enginn efi. Hann nýtur sín í hlutverki Frank og ber með sér blæ af Lizu Minelli, í dragútgáfu þó, það er mikið hrós í hans sokkabandabelti. Leikurinn hans er kannski ekki sá sterkasti en hann bætir það allsvakalega upp með gífurlegum krafti, töfrandi nærveru og frábærum söng. Hjálparhellur hans er óheilaga þrenningin Riff


**„Hinni fínustu skemmtun má alveg lofa,“ segir í dómnum.** MYND/BORGARLEIKHÚSIÐ

Raff, Magenta og Kólumbía leikin af Birni, Brynhildi og Völu. Hvert þeirra fær sitt augnablik til að skína og gervin þeirra eru hvert öðru glæsilegra. Þau vinna mjög gott verk en hlutverk þeirra eru svolítið endaslepp, meira af því síðar.

Arnar Dan gerir sér lítið fyrir og stelur senunni sem lendaskýluklædda sköpunarverkið Rocky, úteygður að takast á við allan skalann af mannlegum tilfinningum í fyrsta skipti. Valur Freyr hittir á allar réttu nóturnar sem sögumaðurinn, með smá blik í auga og húmorinn á hárréttum stað. Valdimar er með gríðarlega góða rödd og saxófónleikarinn er stórkostlegur en leikstjórnarleg nálgun á atriðið hans Eddie er ekki nægilega skýr.

Þetta er í fyrsta skipti sem Marta Nordal leikstýrir sýningu af þessari stærðargráðu og í heildina tekst henni vel upp. Stóru senurnar leysir hún skynsamlega, sumar eru virkilega fallegar og stuðandi skemmtun, stundum skortir þó undirbygginguna í persónusköpuninni, þá sérstaklega óheilögu þrenningunni sem áður var nefnd.

Áskorun söngleikja felst í því að finna jafnvægið á milli stóru númeranna og tilfinningatengsla karakter-

Þýzkaland og Tékkland
10.-14. maí
Spennandi þriggja landa sýn
Gist verður í þýzku borginni Passau, þar sem stórfljótin Dóná og Inn mætast, og farið þaðan m.a. í dagsferð til Tékklands til borgarinnar Český Krumlov og á siglingu niður Dóná til Austurríkis.
Passau er forn og falleg borg með skemmtilegan miðbæ. Gist verður á IBB Hotel City Center, sem er vel staðsett í miðbæ Passau.
Morgunverður og allar skoðunarferðir innifaldar.

Verð 136.500
miðað við gistingu í tvíbýli.

Fararstjóri
Emil Örn Kristjánsson
Sími 520 5200 – ferdir.is
Ferðaskrifstofa Guðmundar Jónassonar
Vesturvör 34, 200 Kópavogur, outgoing@gjtravel.is

## Aðrir ljóðaviðburðir dagsins

**Leikskólabörn í borginni verða á ljóðastund í Borgarbókasafninu í Grófinni, velja ólík ljóð og spreyta sig í ljóðagerð.**
**Sjö skáld og ritlistarnemendur í HÍ lesa upp frumsamin ljóð fyrir gesti og gangandi í Bóksölu stúdenta á Háskólatorgi í hádeginu, frá kl. 12.10.**

degi ljóðsins, Skilgreining á degi ljóðsins... Hefur hann sem sagt tekið þátt í degi ljóðsins áður?

„Ekki þessum alþjóðlega degi, ég held hann hafi ekki verið haldinn í heiðri hér áður en fyrir nokkrum árum tók ég þátt í að skipuleggja Dag ljóðsins hér á Íslandi og þeir voru haldnir nokkrum sinnum. Sá fyrsti held ég 1985. Þá var einhver dagur í maí tekinn í svona upplestra í Iðnó og þeir voru bara vel sóttir. Ekki samt eins og þegar „listaskáldin vondu“ voru á ferðinni nokkrum árum fyrr, þá trylltist þjóðin alveg og fyllti Háskólabíó.“

Anton Helgi telur uppsveiflu í áhuga á ljóðum nú um stundir, bendir á að fyrir fáum dögum hafi verið svo troðfullt á minningardagskrá um Þorstein frá Hamri í Iðnó að fólk hafi þurfti frá að hverfa. „Ég kom seint og komst eiginlega ekki inn í salinn en stóð um stund frammi í gangi.“ **gun@frettabladid.is**

anna sem keyra framvinduna áfram. Bragi Valdimar þarf að feta í ansi stór fótspor Veturliða Guðnasonar og ferst þýðingin ansi vel og fallega úr hendi, þá sérstaklega söngtextarnir.

Þeir Lee Proud og Jón Ólafsson sjá um að binda alla sýninguna saman með dansi og tónlistarstjórnun. Lee og Jón krefjast mikils en uppskera eftir því. Danshönnunin er í heildina orkumikil og grípandi – og hópurinn allur eftir því. Krafan er auðvitað ekki sú að endurgera fornfrægu kvikmyndina en gaman hefði þó verið að sjá fleiri vísanir í klassískt hreyfingamynstur hennar. Þá týndist hljóðhönnun Gunnars og Baldvins Þórs reglulega í erlinum á sviðinu. Neyðaróp í bland við trylling keðjusagar ætti ekki að fara fram hjá neinum en gerði það þó.

Enn og aftur sýnir Ilmur leikmyndahönnuður snilli sína á stóra sviðinu. Innviðir kastalans er fersk blanda af gotneskum stíl og Hollywood-glamúr þriðja áratugarins, með lipurlegum vísunum. Fagurfræði hennar og Filippíu búningahönnuðar eiga líka mjög vel saman. Hér er öllu tjaldað til, um er að ræða hafsjó af pallíettum og blúndum. Múnderingar Páls Óskars eru líka hver annarri stórfenglegri. Að auki eru gervin sem Filippía gerir í samvinnu við Elínu glæsileg, þá sérstaklega Riff Raff.

Allir hafa gott af því að láta hrista aðeins upp í sér, fara út fyrir þægindarammann, fagna fjölbreytileikanum og að lifa en ekki leynast. Rocky Horror Show er akkúrat sýningin til þess, jafnvel hefði þetta mátt vera sjúskaðra og meira sjabbí sjóv. Hinni fínustu skemmtun má alveg lofa, framreiddri af fyrirtaks leikarahópi og undir dunandi dansi í skuggalegu og smá sjoppulegu kastalapartíi. **Sigríður Jónsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Kynusli framreiddur löðrandi í popplögum.

Málþing um samgöngur



# Léttum á umferðinni

## Opið málþing um samgöngur í Reykjavík í Tjarnarsal ráðhússins föstudaginn 23. mars kl. 9-12

Fróðlegar kynningar um það sem framundan er í samgöngum í Reykjavík.
Boðið verður upp á léttan morgunverð fyrir fundinn frá kl. 8:30.

**Dagskrá málþingsins**

- **Opnunarávarp**
  *Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri*
- **Samgöngufjárfestingar á höfuðborgarsvæðinu til 2030** | Tillögur stýrihóps SSH, Vegagerðarinnar og samgönguráðuneytisins vegna samgönguáætlunar ríkisins 2018-2030
  *Hrafnkell Proppé, Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu*
- **Umferðaröryggisáætlun Reykjavíkur** | Vinna við umferðaröryggisáætlun fyrir Reykjavík
  *Berglind Hallgrímsdóttir, Verkís*
- **Rafmagnsvæðing samgangna** | Næstu skref hjá Orkuveitu Reykjavíkur
  *Bjarni Bjarnason, Orkuveitu Reykjavíkur*
- **Strætó í Reykjavík** | Hvað er títt í leiðakerfis- og orkuskiptamálum?
  *Valgerður Benediktsdóttir, Strætó*
- **Borgarrýmin – götur og torg** | Torg að breytast, torg í biðstöðu og göngugötur
  *Edda Ívarsdóttir, Reykjavíkurborg*
- **Zipcar í Reykjavík** | Hvernig virka deilibílar í Reykjavík?
  *Árni Sigurjónsson, Zipcar.*
- **Bílastæðin í miðborginni** | Tækninýjungar í undirbúningi
  *Kolbrún Jónatansdóttir, Bílastæðasjóður/Reykjavíkurborg*
- **Hjólreiðaáætlun Reykjavíkurborgar** | Helstu áherslur og verkefnin framundan.
  *Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir, Reykjavíkurborg*
- **Miklabraut í stokk** | Frummat á þróunarmöguleikum
  *Þorsteinn R. Hermannsson, Reykjavíkurborg*

Hjálmar Sveinsson, formaður umhverfis- og skipulagsráðs tekur saman helstu niðurstöður í lok fundar.

Nánari upplýsingar má finna á **reykjavik.is/lettum-umferdinni**

# Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

## 21. MARS 2018

### Tónlist

**Hvað?** Una Stef og hljómsveit á Múlanum
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Harpa
Á næstu tónleikum Múlans kemur fram söngkonan Una Stef ásamt hljómsveit sinni. Una hefur verið virk í íslensku tónlistarsenunni síðustu ár og átt fjölmörg lög á vinsældalistum útvarpsrása hér sem og erlendis. Hún er þekkt fyrir sálarríkar lagasmíðar sem eru oftar en ekki djassskotnar.

**Hvað?** Unaðstónar frá ýmsum löndum
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Norræna húsið
Tríó Túnfífill, skipað þeim Maríu Konráðsdóttur, sópran, Erlu Dóru Vogler mezzósópran og Svani Vilbergssyni gítarleikara flytur tónlist eftir John Dowland, Franz Schubert, Ferenc Farkas, Anatoly Malukoff, Federico Garcia Lorca og Manuel de Falla, auk þjóðlagaútsetninga Atla Heimis Sveinssonar. Efnisskráin stillir upp ólíkum menningarheimum og mismunandi tímabilum með samhljóm radda og gítars í forgrunni.

### Viðburðir

**Hvað?** Umhverfisáherslur ungra bænda, skógrækt og endurheimt þurrlendis
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Iðnó
FUMÍ heldur áfram með fundaröð um loftslagsaðgerðir á Íslandi. Nú býður félagið til opins fræðslufundar um möguleikana sem felast í skógrækt og endurheimt rofins þurrlendis. Einnig munu Samtök ungra bænda kynna umhverfisáherslur sínar. Öllum er velkomið að mæta, FUMÍurum sem og öðrum.

**Hvað?** Heimspekikaffi | Hamingja og frelsi annarra
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Borgarbókasafnið, Gerðubergi
Heimspekikaffi með Gunnari Hersveini eru haldin reglulega og gestur hans að þessu sinni er myndlistarkonan Hildur Björnsdóttir. Í Gerðubergi stendur yfir ljósmyndasýning Hildar, Fjölþing, og mun Hildur bjóða upp á leiðsögn áður en hún sest niður með Gunnari.

**Hvað?** Ganga gegn mismunun og kynþáttafordómum
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Hallgrímskirkja
Í dag er alþjóðlegur dagur gegn mismunun og kynþáttafordómum. Í kjölfar #MeToo byltingar er augljóst að þörf er vitundarvakningar varðandi stöðu kvenna af erlendum uppruna á Íslandi. Innflytjendur, jafnt konur sem karlar, verða oftar en ekki fyrir ýmiss konar kynþáttafordómum. Samtök kvenna af erlendum uppruna (W.O.M.E.N.) á Íslandi skipuleggja göngu til að sýna stuðning við innflytjendur. Við mætum hjá Hallgrímskirkju kl. 17.00. Við göngum niður Skólavörðustig að Bankastræti, þá áfram niður í Austurstræti og ljúkum svo göngunni á Austurvelli.

**Hvað?** Áður en áður en
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Hólavallagarður
Klukkan 18 hefst ljóðastund í Hólavallagarði á Alþjóðlegum degi ljóðsins þar sem skáld fara með ljóð bæði á íslensku og öðrum málum. Höfundarnir eru allir búsettir í Reykjavík en koma þó víða að og þeir munu flytja frumsamin ljóð sín samtímis á ólíkum stöðum í garðinum í tæpan klukkutíma. Gestir geta því gengið á milli skálda og hlýtt á ljóð í bland við fuglasöng og önnur umhverfishljóð á þessu síðdegi sem er daginn eftir vorjafndægur hér á norðurhveli jarðar.

**Hvað?** Misbrigði III: Utangarðs tískusýning
**Hvenær?** 19.00
**Hvar?** Harpa
Tískusýning í Flóa, Hörpu. Misbrigði III: Utangarðs, er andsvar við vestrænni neyslumenningu og unnið í samstarfi við Fatasöfnun Rauða krossins á Íslandi. Verkefnið Misbrigði er nú unnið í þriðja sinn af nemendum í fatahönnun á 2. ári við Listaháskóla Íslands í samstarfi við Fatasöfnun Rauða kross Íslands. Sá fatnaður og textíll sem unnið er með hefur, fyrir ýmsar sakir lent utangarðs og er ósöluhæfur nema til niðurrifs.

**Hvað?** Edda II – tónleikakynning
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Harpa
Vinafélag Sinfóníuhljómsveitar Íslands stendur fyrir fræðandi og skemmtilegri kvöldstund með Árna Heimi Ingólfssyni, tónlistarfræðingi og listrænum ráðgjafa Sinfóníuhljómsveitar Íslands, í Kaldalóni miðvikudagskvöldið 21. mars kl. 20. Þar mun Árni Heimir fræða gesti um óratóríuna Eddu eftir Jón Leifs og sýna áður óbirtar skissur Jóns af verkinu. Auk þess ræðir Árni Heimir við kórstjórann Hörð Áskelsson, sem tekur þátt í flutningi á Eddu II ásamt einsöngvurum og Sinfóníuhljómsveit Íslands.

**Hvað?** Skrifstofan | Ritsmíðaverkstæði í Kringlunni
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Borgarbókasafnið, Kringlunni
Skrifstofan er ritsmíðaverkstæði og samfélag skrifandi fólks. Þar getur fólk unnið að ritstörfum sínum í hvetjandi umhverfi, fundið ritfélaga til þess að lesa yfir texta eða skiptast á skoðunum við, sótt sér innblástur í bækur og annað efni eða fundið samfélag annarra höfunda.

**Hvað?** Ungbarnamorgnar í Sólheimum
**Hvenær?** 11.00
**Hvar?** Borgarbókasafnið, Sólheimum
Hér getur fólk í fæðingarorlofi spjallað saman og leyft börnunum sínum að hittast. Enginn aðgangseyrir, heitt á könnunni og eru nýbakaðir foreldrar jafnt sem ömmur og afar einstaklega velkomin.


Una Stef flytur djassskotna tónlist ásamt hljómsveit sinni á tónleikum Múlans í Hörpu í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR


FÁNAR
LÍMMIÐAR
AUGLÝSINGASKILTI
Þú hannar og pantar á vefnum hjá okkur.
Við gefum hugmyndum þínum vængi sem sjást.
FjölPrent
Gefur hugmyndum vængi
Fjölprent
Norðlingabraut 14
fjolprent.is
S. 581 4141






BÍÓ ★ PARADÍS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19
The Shape Of Water ..... 17:30, 20:00
Andið eðlilega ENG SUB ..... 18:00
Óþekkti Hermaðurinn ..... 17:30
Spoor ..... 20:00
Loveless ..... 20:00
The Florida Project ..... 22:30
Three Billboards Outside Ebbing Missouri ..... 22:30
Call Me By Your Name ..... 22:30


# POTTÞÉTTAR UM PÁSKANA!




Myrkrið bíður




Áttunda dauðasyndin

EFTIR SAMA HÖFUND










VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON

**Þögult óp**
VILDARVERÐ: 2.499.-
Verð: 2.999.-

**Ljótur leikur**
VILDARVERÐ: 3.199.-
Verð: 3.999.-

**Týndu stúlkurnar**
VILDARVERÐ: 3.199.-
Verð: 3.999.-


Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson
540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildarverða er til og með 25. mars eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# DAGSKRÁ

## Miðvikudagur



**HEIMSÓKN**
KL. 20:20
Hann er innanhússarkitekt og hefur tekið nokkrar íbúðir í gegn og er hvergi nærri hættur. Sverrir Þór Viðarsson býr ásamt fjölskyldu á fallegri hæð á Seltjarnarnesi sem hann gerði svo gott sem fokhelda áður en uppbygging hófst.

Magnaður
**Miðvikudagur**
Fáðu þér áskrift á **365.is**

**JAMIE´S 15 MINUTE MEALS**
KL. 19:25
Hressandi matreiðsluþættir með meistara Jamie Oliver þar sem hann sýnir okkur á sinn einstaka hátt hvernig á að útbúa girnilega máltíð á aðeins 15 mínútum.




**GREY´S ANATOMY**
KL. 20:50
Stórskemmtileg sería þessara vinsælu dramaþátta sem gerast á skurðstofu á Grey-Sloan spítalanum í Seattle-borg þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar.



**MARY KILLS PEOPLE**
KL. 21:35
Önnur sería þessara áhrifamiklu og óvenjulegu þátta um Mary Harris sem er einhleyp móðir og læknir á bráðadeild á daginn en á nóttunni aðstoðar hún veikt fólk við að komast yfir móðuna miklu.



**NASHVILLE**
KL. 22:20
Skemmtileg sería af þessum frábæru þáttum þar sem kántrí-söngkonurnar Rayna Jaymes og Juliette Barnes eiga í stöðugri valdabaráttu.



**THE GIRLFRIEND EXPERIENCE**
KL. 23:05
Ögrandi og allt öðruvísi þáttur um þær Ericu og Önnu sem lifa vægast sagt ólíku lífi sem þó fléttast saman á ótrúlegan hátt.



**THE GIRL IN THE BOOK**
KL. 22:00
Dramatísk og skemmtileg mynd um unga konu sem bregður verulega í brún þegar hún uppgötvar að hún er aðalpersóna í nýrri bók.




Allt þetta og meira til
á aðeins 333 kr. á dag.
365.is

### STÖÐ 2

07.00 The Simpsons
07.20 Blíða og Blær
07.45 The Middle
08.10 Mindy Project
08.30 Ellen
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 The Doctors
10.20 Spurningabomban
11.10 Grand Designs
12.00 Gulli byggir
12.35 Nágrannar
13.00 10 Puppies and Us
14.05 Major Crimes
14.55 The Night Shift
15.40 The Path
16.30 Anger Management
16.55 Bold and the Beautiful
17.20 Nágrannar
17.45 Ellen
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.55 Ísland í dag
19.10 Sportpakkinn
19.20 Fréttayfirlit og veður
19.25 Jamie's 15 Minute Meals
19.50 The Middle
20.15 Heimsókn
20.40 **Grey's Anatomy** Fjórtánda syrpa þessara vinsælu dramaþátta sem gerast á skurðstofu á Grey Sloan spítalanum í Seattle-borg þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar. Flókið einkalíf ungu læknanna á það til að gera starfið ennþá erfiðara.
21.25 Mary Kills People
22.15 **Nashville** Fimmta syrpa þessara frábæru þátta þar sem tónlistin leikur stórt hlutverk og fjallar um kántrí-söngkonunar Raynu Jaymes og Juliette Barnes sem eiga í stöðugri valdabaráttu. Með aðalhlutverk fara Connie Britton og Hayden Panettiere og með önnur hlutverk fara söngsysturnar góðkunnu Lennon og Maisy.
23.00 The Girlfriend Experience
23.25 The Good Doctor
00.55 The Blacklist
01.40 Here and Now
02.35 The Sandhamn Murders
03.20 The Sandhamn Murders
04.05 The Sandhamn Murders
04.50 Outsiders
05.35 Transparent
06.05 Ballers
06.35 The Middle

### STÖÐ 2 SPORT

09.30 Domino's körfuboltakvöld
11.10 Keflavík - Haukar
12.50 Leipzig - Bayern München
14.30 Þýsku mörkin
15.00 Valur - Afturelding
16.30 Seinni bylgjan
18.05 Keflavík - Haukar
19.45 Football League Show
20.15 Haukar - Valur
22.00 Grindavík - Tindastóll
23.40 Stjarnan - FH

### STÖÐ 2 SPORT 2

07.40 FA Cup
09.20 FA Cup
11.00 Ensku bikarmörkin
11.30 Barcelona - Athletic Bilbao
13.10 Real Madrid - Girona
14.50 Spænsku mörkin
15.20 Lengjubikarinn
17.00 Lengjubikarinn
18.40 Manchester United - Sevilla
20.20 Stjarnan - FH
22.00 Barcelona - Chelsea
23.40 Meistaradeildin í hestaíþróttum

### STÖÐ 3

18.15 Anger Management
18.40 Baby Daddy
19.05 Last Man Standing
19.30 Entourage
20.00 Seinfeld
20.25 Friends
20.50 Stelpurnar
21.15 Flash
22.00 Legend of Tomorrow
22.45 Easter
23.40 Supergirl
01.10 Gotham
01.55 Entourage
02.25 Seinfeld
02.50 Friends
03.15 Tónlist

### STÖÐ 2 KRAKKAR

07.24 Svampur Sveinsson
07.49 Mamma Mu
07.54 Lalli
08.00 Strumparnir
08.25 Hvellur keppnisbíll
08.37 Ævintýraferðin
08.49 Gulla og grænjaxlarnir
09.00 Stóri og Litli
09.13 Víkingurinn Viggó
09.27 K3
09.38 Mæja býfluga
09.50 Kormákur
10.00 Dóra könnuður
10.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
10.47 Doddi litli og Eyrnastór
11.00 Áfram Diego, áfram!
11.24 Svampur Sveinsson
11.49 Mamma Mu
11.54 Lalli
12.00 Strumparnir
12.25 Hvellur keppnisbíll
12.37 Ævintýraferðin
12.49 Gulla og grænjaxlarnir
13.00 Stóri og Litli
13.13 Víkingurinn Viggó
13.27 K3
13.38 Mæja býfluga
13.50 Kormákur
14.00 Dóra könnuður
14.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
14.47 Doddi litli og Eyrnastór
15.00 Áfram Diego, áfram!
15.24 Svampur Sveinsson
15.49 Mamma Mu
15.54 Lalli
16.00 Strumparnir
16.25 Hvellur keppnisbíll
16.37 Ævintýraferðin
16.49 Gulla og grænjaxlarnir
17.00 Stóri og Litli
17.13 Víkingurinn Viggó
17.27 K3
17.38 Mæja býfluga
17.50 Kormákur
18.00 Dóra könnuður
18.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
18.47 Doddi litli og Eyrnastór
19.00 Skógardýrið Húgó



Dóra könnuður
kl. 10.00, 14.00
og 18.00

### GOLFSTÖÐIN

07.55 Arnold Palmer Invitational
13.25 PGA Highlights
14.20 Golfing World
15.10 Bank of Hope Founders Cup
17.10 Golfing World
18.00 WGC: Dell Match Play

### STÖÐ 2 BÍÓ

11.25 The Portrait of a Lady
13.45 Southside with You
15.10 All Roads Lead to Rome
16.40 **The Portrait of a Lady** Áhrifamikil og rómantísk mynd frá 1996 með Nicole Kidman og John Malkovich. Isabel Archer er á undan sinni samtíð og storkar ríkjandi gildum. Hún fer í ferðalag um Evrópu og lendir þar í klónum á Madame Merle og Gilbert Osmond sem ákveða að hagnast á þessari ungu og saklausu konu.
19.05 Southside with You
20.30 **All Roads Lead to Rome** Rómantísk gamanmynd með Söruh Jessicu Parker í hlutverki Maggie sem er strögn, einstæð móðir og kennari í miðskóla í New York. Til að ná betur til uppreisnargjarnrar dóttur sinnar, Summer, þá ákveður hún að fara með hana í ferðalag til þorps í Toscana á Ítalíu, sem hún kom oft til þegar hún var yngri. Við komuna hittir Maggie Luca, myndarlegan fyrrverandi elskhuga sinn, sem er enn piparsveinn og býr með áttræðri móður sinni, Carmen.
22.00 The Girl in the Book
23.30 Pressure
02.30 The Girl in the Book

### RÚV

16.25 Á spretti
16.45 Leiðin á HM
17.15 Unga Ísland
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.22 Ormagöng
18.26 Hundalíf
18.27 Sanjay og Craig
18.50 Krakkafréttir
18.54 Víkinglotto
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
19.45 Menningin
20.00 Kiljan
20.40 Sjáumst!
21.15 Neyðarvaktin
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 Skáksnillingurinn Magnus Carlsen
23.40 Kveikur
00.15 Kastljós
00.30 Menningin
00.35 Dagskrárlok

### SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
08.00 King of Queens
08.25 Dr. Phil
09.05 The Tonight Show
09.45 The Late Late Show
10.25 Síminn + Spotify
12.55 Dr. Phil
13.35 Speechless
13.55 Will & Grace
14.15 Læknirinn á Ítalíu
14.45 The Mick
15.10 Man With a Plan
15.35 Trúnó
16.15 Everybody Loves Raymond
16.40 King of Queens
17.05 How I Met Your Mother
17.30 Dr. Phil
18.15 The Tonight Show
19.00 The Late Late Show
19.45 9JKL
20.10 Survivor
21.00 Chicago Med
21.50 Bull
22.35 Queen of the South
23.25 The Tonight Show
00.45 Touch
01.30 The Catch
02.15 9-1-1
03.05 Scandal
03.50 Mr. Robot

### ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 96,3 FM Suðurland | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,9 Lindin |
| FM 89,5 Retro | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 99,4 Útvarp Saga | |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 95,7 FM957 | FM 97,7 X-ið | FM 100,5 K100 | |




# ÖRUGGUR BÍLL OG FERÐIN VERÐUR ÁNÆGJULEGRI

## Vertu með allt á hreinu á nýskoðuðum bíl frá Frumherja




Mundu að aftasti stafurinn í bílnúmerinu þínu táknar þann mánuð sem mæta á með bílinn í skoðun.

## BIFREIÐASKOÐUN UM ALLT LAND

**STARFSMENN FRUMHERJA SKOÐA BÍLA Á 30 STÖÐUM UM LAND ALLT, ÞAR AF ERU 7 STÖÐVAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**

Á ökutækjasviði Frumherja hf. er almennum skoðunum sinnt, s.s. aðalskoðunum, endurskoðunum, breytingaskoðunum, ástandsskoðunum og tjónaskoðunum. Einnig sinnir ökutækjasvið skráningarstarfsemi vegna ökutækja, t.d. móttöku eigendaskipta-tilkynninga, og veitir tæknilega þjónustu. Nánari upplýsingar er að finna á vefsíðu okkar frumherji.is




Frumherji
www.frumherji.is

Sími: 570 9090 · Netfang: frumherji@frumherji.is · www.frumherji.is




FRÉTTABLAÐIÐ.IS
Stendur undir nafni



Það var ekkert eureka augnablik þegar Kári fékk hugmyndina að Authenteq, heldur var þetta ákaflega rökræn þróun.

# Auðvelda fólki að auðkenna sig á netinu

Fyrirtækið Authenteq fór í gegnum Startup Reykjavík viðskiptahraðalinn árið 2014 þar sem upphaflega hugmyndin tók nokkrum breytingum. Nú er Authenteq með starfsmenn á Íslandi og í Berlín.

Þetta er í rauninni rafræn skilríki. Við erum að gera notendum kleift að sanna að hann sé sá sem hann segist vera, eins og með rafræn skilríki. En munurinn er sá að eins og við gerum það, að skrá sig í kerfið, er miklu auðveldara, þægilegra, fljótlegra og einnig hagkvæmara,“ segir Kári Þór Rúnarsson, framkvæmdastjóri og einn stofnenda sprotafyrirtækisins Authenteq, en það fór í gegnum Startup Reykjavík viðskiptahraðalinn árið 2014 og svo Startupbootcamp í framhaldinu, en þá var hugmyndin eilítið öðruvísi en hún er í dag. Stofnendur fyrirtækisins með Kára eru þeir Rúnar Karlsson, faðir hans, og Adam H. Martin. Í dag er Authenteq orðið fjórtán manna fyrirtæki með skrifstofu á Íslandi og úti í Berlín.

*Hvernig eru rafrænu skilríkin ykkar frábrugðin þessum rafrænu skilríkjum sem við eigum að venjast?* „Með rafrænu skilríkin þá þarf maður að fara í banka eða á einhverja skrifstofu og framvísa vegabréfi sem manneskja þarf að skoða og meta það út frá einhverjum forsendum, og svo horfa á þig og sjá hvort þú ert lifandi manneskja, sem þú ert væntanlega fyrst þú stendur þarna. Við gerum þetta allt sjálfvirkt í gegnum símann þinn – meðal annars að meta það hvort skilríkin þín séu ekta og ekki búið að fikta í þeim og hvort manneskjan sem er að taka myndina sé raunveruleg og í beinni. Á bak við þetta er heilmikil tækni og flókin en með því að gera þetta svona erum við að gera fleirum kleift að nýta sér rafræn skilríki og einnig er mun auðveldara fyrir fyrirtæki að taka á móti skilríkjunum. Fyrir fyrirtækin er þetta jafn auðvelt og að setja upp Google Analytics t.d., þetta er bara smá kóðabútur sem þau þurfa að bæta inn á vefsíðuna sína og þá geta þau tekið við þessum skilríkjum.“

Kári segir kíminn að sagan af því hvernig hugmyndin kom í heiminn sé löng og leiðinleg og að ekki hafi verið um neitt „eureka“ augnablik að ræða.

> **ÞAÐ SEM ÞAÐ GERÐI FYRST OG FREMST Í STARTUP REYKJAVÍK VAR AÐ EINHVER ÞARNA ÚTI VAR TILBÚINN TIL AÐ FJÁRFESTA 2 MILLJÓNIR Í MÉR TIL AÐ ÚTFÆRA HUGMYND SEM VAR EINGÖNGU TIL Í HAUSNUM Á MÉR.**

„Þetta byrjaði raun allt í Startup Reykjavík – en þá var það önnur hugmynd en sama nafn. Þá ætluðum við að vera með „mobile app“ sem tók mynd sem var ekki hægt að breyta. Til dæmis væri hægt að taka mynd af bílaleigubíl og sanna að hún hafi verið tekin á þessum stað, á þessari staðsetningu og að því sem sést á myndinni hafi ekki verið hróflað við á neinn hátt. Þá gæti myndin verið af rispu á bílnum eða þá af íbúð og sannað að hún hafi verið í einhverju tilteknu standi. Í rauninni er grunnhugmyndin nú sú sama: við erum með app sem er „tamper proof“ – það er er ekki hægt að hrófla við ferlinu, fikta við það.“

Kári segir að markaðurinn hafi ekki endilega verið að kalla eftir lausn eins og þeirri sem þeir voru með þarna á þessum tíma þannig að eitt leiddi af öðru og þeir sáu að það var meiri þörf á vöru eins og þeirri sem þeir eru með núna. Það var samt kannski ekki algjör tilviljun að það varð niðurstaðan.

„Það vill svo skemmtilega til að faðir minn er einn helsti sérfræðingur Íslands í þessum málum og þótt víðar væri leitað, en hann var framkvæmdastjóri Auðkennis. Það var meira svona að ég fattaði það eftir á – æi já, kannski að kallinn geti hjálpað eitthvað. Hann er meðstofnandi minn að þessari hugmynd.“

Kári segir að hann hafi áður verið hluti af farsælu sprotaævintýri, fyrirtækinu CLARA, og að hann hafi farið í Startup Reykjavík sem varð til þess að hann þorði að ráðast í að framkvæma hugmynd sína.

„Það sem það gerðist fyrst og fremst í Startup Reykjavík var að einhver þarna úti var tilbúinn til að fjárfesta 2 milljónir í mér til að útfæra hugmynd sem var eingöngu til í hausnum á mér.“

*Hvernig gengur svo hjá ykkur?* „Bara mjög vel. Þessi sprotageiri er fasakenndur – fyrst kemur grunnhugmyndin, svo nokkur þrep af fjármögnun – við erum sem sagt komin með „seed“ fjármögnun til að koma vörunni á markað. Við höfum verið heppin með það að hafa fengið þekkta fjárfesta erlendis frá til að styðja við fyrirtækið.“

Frægastur þeirra fjárfesta er Tim Draper en hann hefur meðal annars verið frumfjárfestir í Skype, Tesla, Twitter og Box. Hann er svokallaður „visionary“ fjárfestir sem horfir til framtíðar og möguleikanna. Authenteq tók samtals inn 1,9 milljónir dollara í „seed“ fjármögnun.

„Það sem hann sá í okkur eru framtíðarpælingar varðandi það að í dag eru engin skilríki á netinu fyrir einstaklinga – það þykir þó sjálfsagt í dagsdaglegum athöfnum: við förum út í búð og þar er andlitið á okkur auðkenni. Á netinu er eins og við séum alltaf með lambhúshettu.“

Kári segir það vera mjög gott að vera sprotafyrirtæki á Íslandi út af Rannís og að það sé mikið til Rannís að þakka að Authenteq sé til í dag.

„Án Rannís hefði þetta einfaldlega ekki verið neitt. Rannís veitti okkur styrk upp á 15 milljónir þegar við vorum að byrja, og fleiri í kjölfarið og tekur enga hlutdeild fyrir – þegar kemur að því að taka inn fjármagn hjá erlendum fjárfestum þá er hlutaskráin ekki útþynnt eins og gerist of oft hjá litlum fyrirtækjum. Það er áhættumerki hjá fjárfestum erlendis.“

Startup Reykjavík viðskiptahraðallinn hefst þann 11. júní en opnað hefur verið fyrir umsóknir.

stefanthor@frettabladid.is

THULE SWEDEN

# Skíða- og snjóbrettabogar



Stilling
Allt fyrir bílinn

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

















**Hljómsveitin á góðri stundu en auk Zakaríasar eru þau Elvar Bragi Kristjónsson, bræðurnir Ingimundur og Ísak Örn Guðmundssynir, Ingibjörg Elsa Turchi, Magnús Örn Magnússon og Sólveig Morávek í hljómsveitinni. Hægt er að bóka hljómsveitina með tölvupósti á babiesflokkurinn@gmail.com eða í gegnum Facebook.**

# Mýtan um Babies og tónlistarforeldrana

Babies flokkurinn hyggst jafnvel stefna á að gefa út plötu – með tíð og tíma en flokkurinn er þekktari fyrir að taka tökulög. Sagan um að allir meðlimir séu börn þekktra tónlistarmanna er því miður falsfrétt.

„Það eru tveir í bandinu sem eru börn tónlistarmanna. Magnús trommari er sonur Magnúsar Eiríkssonar og ég sjálfur er sonur Gunnars Þórðarsonar. Ég veit ekki alveg hvaðan þessi orðrómur kemur,“ segir Zakarías Gunnarsson, einn af meðlimum hljómsveitarinnar Babies sem slegið hefur í gegn með spilagleði sinni og lagavali. Hljómsveitin spilar næst á Húrra á föstudag og er frítt inn. „Við spilum nokkurn veginn mánaðarlega á Húrra og þar er alltaf frítt inn. Haft er eftir góðum dreng að Húrraböllin okkar séu löngu orðin goðsagnakennd, en við leyfum tónleikagestum að dæma um það.“

Hann segir að samkvæmt sínu minni hafi fyrrverandi trommari átt hugmyndina að nafninu. „Við vorum að leika okkur að taka lög og Arnar Birgisson, sem var trommarinn okkar í langan tíma, átti hugmyndina að því að stofna hljómsveit sem spilaði ábreiður af lögum, svokallað „coverband“, og spila. Hann á heiðurinn að nafninu.“

Babies hafa stigið hægt og rólega upp á stjörnuhimininn og orðspor hljómsveitarinnar hefur aukist smátt og smátt. Það stíga allir hið minnsta eitt dansspor á tónleikum með hljómsveitinni enda mottóið að spila það sem allir vilja heyra.

„Við erum ekki að taka þessi týpísku sveitaballalög heldur lög sem við elskum. Frá 99 Luftballons með Nenu sem Ingibjörg syngur á þýsku niður í Harry Belafonte og PoppTV slagarana eins og Blink 182, svo kannski yfir í Gullvagninn. Eitt lag sem hefur vakið mikla lukku er Teenage Dirtbag, sem kom mörgum á óvart. Það er lag sem maður hataði þegar það var spilað á PoppTV. Það elskuðu allir að hata það, en það kunna allir lagið. Þá syngja allir með sem er jákvætt því það er fátt skemmtilegra en þegar fólk syngur með.“

Á lagalistanum eru rúmlega 100 lög og það bætist alltaf í safnið. Zakarías segir að það séu lög sem þau öll í hljómsveitinni eru sátt við og baráttan geti orðið hörð ef bæta eigi lögum við. „Við erum fimm einstaklingar sem allir hafa sinn smekk. Þetta getur alveg verið eins og í stormasömu hjónabandi,“ segir hann og hlær.





**Magnús Eiríksson og Gunnar Þórðarson tengjast Babies en ekki fleiri tónlistarforeldrar.**

**VIÐ ERUM FIMM ÁLITNIR EINSTAKLINGAR SEM ALLIR HAFA SINN SMEKK. ÞETTA GETUR ALVEG VERIÐ EINS OG Í STORMASÖMU HJÓNABANDI,“**

Zakarías Gunnarsson

Hann bætir við að staðan sé góð núna, það sé gríðarlega skemmtilegt að standa uppi á sviði og skemmta fólki. Þó hljómsveitin sé stofnuð til að spila lög annarra gæti verið að plata sé í smíðum. „Við erum sjálf að semja efni. Það er næsta rökrétta skref.“

**benediktboas@365. is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson *elmar@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli*@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@frettabladid.is*, Máté Dalmay *mate@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* og Ragnheiður Tryggvadóttir *heida@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR / FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga*@frettabladid.is*

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

**23. MARS** 19:30

# EDDA II
## LÍF GUÐANNA



**Hermann Bäumer** hljómsveitarstjóri
**Hanna Dóra Sturludóttir** einsöngvari
**Elmar Gilbertsson** einsöngvari
**Kristinn Sigmundsson** einsöngvari
**Schola cantorum** kór
**Hörður Áskelsson** kórstjóri

**Jón Leifs**
**Edda II: Líf guðanna -** *frumflutningur*

Edda er stærsta verk Jóns Leifs og eitt metnaðarfyllsta tónverk íslenskrar tónlistarsögu, risavaxin tónsmíð byggð á textum úr Eddukvæðum og Snorra-Eddu.

Fyrsti hluti verksins, Edda I: Sköpun heimsins, var frumfluttur í heild árið 2006 og útgáfa verksins á geisladiski vakti heimsathygli og fékk frábæra dóma.

Það er stórviðburður í íslensku tónlistarlífi að Edda II sem Jón Leifs samdi fyrir meira en hálfri öld og var á sínum tíma stærsta verk sem íslenskt tónskáld hafði samið, skuli nú loksins vera frumflutt.

**Tónleikakynning:**
Árni Heimir Ingólfsson fræðir gesti um Eddu í Kaldalóni miðvikudaginn 21. mars kl. 20.

**TRYGGÐU ÞÉR SÆTI SINFONIA.IS**

**Miðasala í Hörpu**
sinfonia.is
harpa.is
528 50 50

@icelandsymphony / #sinfó

**Aðalstyrktaraðili :**
GAMMA

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5800**
**Ritstjórn** 512 5801 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 512 5401 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja






Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**


Jónu Hrannar Bolladóttur




## Fyrirliði kvaddur

Nýlega fylgdi ég merkri konu til grafar. Hún hét María Hildur Guðmundsdóttir og var fædd árið 1925. Hún átti mörg systkini en faðir þeirra var jarðsettur á níu ára afmælisdegi Maríu og upp frá því bjó fjölskyldan við lítil efni. Móðirin, Rannveig Majasdóttir, glímdi við heilsuleysi en tókst með mikilli þrautseigju að koma börnum sínum til manns. Það þótti t.d. mikið lán þegar fjölskyldan fékk „offiserabragga“ í Kamp Knox sem var bjartur og hlýr.

Sem barn og unglingur æfði María fimleika með fimleikaflokki Ármanns og sýndi með flokknum bæði í Reykjavík og úti á landi og þegar seinni heimsstyrjöldinni lauk var haldið í sýningarferðir til útlanda. María æfði auk þess handbolta frá unga aldri með KR og varð bikarmeistari í handbolta utanhúss árið 1959, 34 ára gömul. Hún var fyrsti fyrirliði kvennalandsliðsins í handbolta og fyrsta landsleikinn léku þær í Ósló þann 19. júní árið 1956 og töpuðu 10-7. Má finna magnaða lýsingu í Morgunblaðinu frá þessum fyrsta leik þar sem m.a. er greint frá því þegar ein handknattleiksstúlkan gekk fram í íslenska búningnum eftir að þjóðsöngvarnir höfðu verið fluttir og afhenti norska fyrirliðanum fagran blómvönd.

Lífshlaup Maríu er merkilegt en það sem gladdi mig ekki síst þegar ég hóf að setja saman minningarorðin um hana var sú staðreynd að þegar hún var að alast upp á kreppuárunum var þátttaka í íþróttum ekki bundin fjárhag fjölskyldunnar. Þessi unga íþróttakona fékk tækifæri til að æfa fimleika og handbolta og fara utan þrátt fyrir að búa í braggahverfi sem barn einstæðrar móður. Það má aldrei verða þannig á Íslandi að börn hafi ekki efni á að iðka íþróttir. Börnin okkar eiga að lifa við jöfn tækifæri á því sviði sem öðrum. Áfram Ísland.








